

ÚTTEKT Á KENNSLU Í NÚTÍMAÍSLENSKU VIÐ ERLENDNA HÁSKÓLA

Guðmundur Hálfðanarson og Þorleifur Hauksson
unnu fyrir menntamálaráðuneyti

Apríl 2000

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Stuðningur við íslenskukennslu erlendis	3
2. Markmið með íslenskukennslu erlendis	5
3. Umfang íslenskukennslu og uppbygging náms	7
4. Staða íslenskukennslu	9
5. Áhrif og árangur íslenskukennslu	10
6. Reynsla annarra þjóða	11
7. Leiðir til úrbóta á íslenskukennslu við erlenda háskóla	13
8. Tillögur um framtíðarskipulag sendikennslu	15
Viðauki 1: Útdráttur úr skýrslum sendikennara fyrir námsárið 1998–99.....	19
Viðauki 2: Spurningarlisti til kennara íslenskukennara við erlenda háskóla	29

Inngangur

Okkur undirrituðum var falið af menntamálaráðuneytinu að gera úttekt á kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla og setja fram á grundvelli hennar tillögur um framtíðarstefnu og fyrirkomulag í þeim málum. Formlegt erindisbréf ráðuneytisins þessa efnis var dagsett 18. febrúar 2000. Umfang verksins skyldi fyrst og fremst miðast við þær 14 háskólastofnanir sem njóta beins stuðnings íslenskra stjórnvalda, en einnig skyldi litið til annarra háskólastofnana þar sem nútímaíslenska er kennd ef þurfa þætti. Við höldum fyrsta fund okkar 10. febrúar, skiptum með okkur verkum og höldum síðan fund með Úlfari Bragason, forstöðumanni Stofnunar Sigurðar Nordals. Eftir að hafa kynnt okkur starfsskýrslur sendikennaranna fyrir kennsluárið 1998–99 og önnur gögn frá Stofnun Sigurðar Nordals tókum við saman spurningalista og sendum kennurum við fyrirnefndar 14 stofnanir með milligöngu Kristins Jóhannessonar lektors í Gautaborg. Ennfremur tók Úlfar Bragason að sér að senda spurningalistann fimm öðrum kennurum sem ekki njóta stuðnings ráðuneytisins og valdir voru í samráði við hann. Greinargóð svör bárust frá öllum þeim sem fengu spurningalistann, nema frá sendikennara í París. Meginatriði í svörum kennaranna eru birt í viðauka 2. Þess skal getið að vegna tæknilegra örðugleika vantar þar svar frá Nobuyoshi Mori, kennara við Tokai-háskóla í Tókíó. Þegar svörin höfðu borist tókum við upp þráðinn og unnum úttektina á grundvelli þeirra og annarra fyrirbyggjandi gagna.

Skýrslan er í þremur meginhlutum. Í fyrsta lagi er úttektin sjálf þar sem gerð er grein fyrir þeim atriðum sem okkur var falið að kanna í erindisbréfinu, ályktanir og niðurstöður dregnar af þeim og loks settar fram tillögur um framtíðarstefnu varðandi stuðning við kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla. Í öðru lagi höfum við gert yfirlit um núverandi skipulag kennslunnar, fjölda nemenda og kennslugögn á grundvelli fyrirnefndra starfsskýrslna sendikennara fyrir háskólaárið 1998–1999 (Viðauki 1). Að síðustu er birtur spurningalisti okkar til kennaranna ásamt svörum hvers og eins (Viðauki 2).

Virðingarfyllst

Guðmundur Hálfðanarson
Þorleifur Hauksson

1. Stuðningur við íslenskukennslu erlendis

Áður en lagt er mat á markmið íslenskra stjórnvalda með íslenskukennslu erlendis er rétt að líta til þess hvernig stuðningi þeirra er háttað, þ.e.a.s. fjárveitingum til þeirrar kennslu. Óhætt er að segja að ákveðin viljayfirlýsing hafi falist í því þegar Stofnun Sigurðar Nordals var búin til og henni ákvarðað núverandi starfssvið. Þá hafði lengi verið brýnt að koma á fót einhverri samhæfingarstofnun í líkingu við viðkomandi deild Svenska Institutet í Stokkhólmi til að sinna þörfum þessarar kennslu víðs vegar um veröldina. Að vísu mátti leita ráða og aðstoðar góðs fólks innan ráðuneytisins sem m.a. styrkti árlega samráðsfundi sendikennaranna, en var engan veginn fullnægjandi.

Ef litið er á beinar fjárveitingar til kennarastóla í íslensku við erlenda háskóla kemur eftirfarandi í ljós.

1. Á nýliðnu fjárlagaári (1999) hlaut Stofnun Sigurðar Nordals 3,5 milljón króna fjárveitingu til að styrkja helstu kennarastóla í íslensku. Þeirri fjárveitingu var varið til að:

- styrkja samráðsfund sendikennara,
- greiða launauppbætur sem námu 85.000 krónum til sendikennara á Norðurlöndum, í Kiel og München en 190.000 krónum til kennara í Erlangen, Vínarborg, París, Caen og Lyon,
- greiða bókastyrk að upphæð kr. 25.000 til allra þeirra kennarastóla sem eru styrktir af menntamálaráðuneyti,
- greiða hluta kostnaðar sendikennara vegna heimflutnings,
- styrkja heimsóknir rithöfunda/fyrirlesara.

2. Til viðbótar þessu koma beinar fjárveitingar ráðuneytisins sem skiptast þannig í stórum dráttum:

- Greitt sem svarar hálfum árslaunum kennarans í Lundúnum, sem voru í fyrra 1.760.000 krónur.
- Styrkur til bókasafna við Manitoba- og Cornell-háskóla, kr. 275.000 til hvors þeirra til kaupa á íslenskum bókum.
- Styrkir til Norræna bókasafnsins í París og Háskólabókasafns í Vilnius, 50.000 kr. til hvors. Til erlendra bókasafna almennt voru allt að 800.000 krónum til ráðstöfunar svo einhver önnur bókasöfn hafa fengið tímabundna styrki.

- Íslenska menntamálaráðuneytið hefur ásamt Eimskipafélagi Íslands ábyrgst að styrkja íslenska bókasafnið við Manitoba-háskóla á þremur næstu árum með 50 milljónum íslenskra króna til að efla íslenskan bókakost og íslenskukennslu.
- Styrkir handa nemendum til að sækja alþjóðlegt sumarnámskeið á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals og heimspekideildar. Veittir voru 9 styrkir, hver að upphæð 90.000 krónur, til eins úr nemendahópi 8 íslenskukennara utan Norðurlanda auk eins nemanda frá Austur-Evrópu. Þessi námskeið hafa verið afar mikilvæg að dómi íslenskukennara sem hafa átt þar nemendur.

Til viðbótar má geta þess að 15 milljónir króna hafa verið veittar til að styrkja erlenda nemendur til náms í íslensku við Háskóla Íslands, en 25 nemendur hafa notið þeirra styrkja á ári. Sumarnámskeiðin hafa ekki notið beinna styrkja frá ráðuneytinu. Árlega er haldið sumarnámskeið fyrir norræna stúdenta sem er kostað af norrænum sjóðum og Háskólinn hefur staðið straum af alþjóðlegu námskeiði á hverju sumri í samstarfi við Stofnun Sigurðar Nordals. Framhald þeirra námskeiða er að vísu í óvissu nú eftir nýgerða samninga Háskólans og ríkisins þar sem heimspekideild þarf um þessar mundir að taka alla kostnaðarliði til endurskoðunar.

Stuðningur erlendra háskóla er í því fólgin að greiða nær allan annan kostnað við kennslu í íslensku. Viðkomandi háskólar greiða föst laun allra íslenskukennaranna, að undanteknum hálfum launum í London, þeim launauppbótum sem fyrir voru nefndar og kennarastólnum í Winnipeg, Manitoba, sem þarlent fólk af íslensku bergi brotið lagði grundvöll að.

Launakjör íslenskra sendikennara og annarra íslenskukennara eru að sönnu misjafnlega hagstæð. Laun lektoranna á Norðurlöndum eru yfirleitt svipuð þeim sem innlendir háskólakennarar með sambærilega menntun njóta, að öðru leyti en því að sendikennurinum er oft skipað á byrjunarreit án tillits til starfsaldurs heima. Hið sama virðist eiga við um kennarastólana í München og Kiel. Launauppbætur þessara kennara eiga fyrst og fremst að stuðla að því að þeir geti ferðast til Íslands einu sinni á ári og bókastyrk er ætlað að afla kennarastólnum nauðsynlegra bóka. Kennarastólar í Greifswald og Berlín eru kostaðir af viðkomandi háskólum án launauppbóta að heiman, að undanteknum stökum styrkjum vegna fyrirlesara og bókakaupa. Stöðurnar í frönsku háskólunum öllum, ennfremur í Vín og Erlangen eru mjög lágt launaðar, en staðan í Erlangen er stundakennsla, sbr. eftirfarandi kafla.

Þess má geta að auk þess sem hinir erlendu háskólar bera hitann og þungann af íslenskukennslunni greiða stjórnvöld viðkomandi landa stærstan hluta þeirra launa sem sendikennarar á Íslandi fá fyrir vinnu sína á Íslandi. Í nýgerðum samningi Háskóla Íslands og ríkisvaldsins um greiðslu kennslukostnaðar munu reyndar vera dregnar 5 milljónir kr. af fjárveitingum til skólans vegna fjögurra sendikennara, og er þar um greinileg skilaboð að ræða frá ríkisvaldinu að skólanum beri ekki að greiða kennurum laun.

Niðurstaðan er sú að hlutdeild íslenskra stjórnvalda í stuðningi við íslenskukennslu er aðeins brot af því sem þessi kennsla kostar í raun. Eigi að síður má segja að fjárveitingarnar beri vitni um að íslensk yfirvöld séu hlynnt því og sjái gagnsemi þess að hlúa að íslenskukennslu og íslenskri menningarmiðlun erlendis. Stuðningur mætti bæði vera meiri og markvissari, sbr. það sem síðar verður sagt um menntun fólks til þessara starfa og námsefnisgerð. Styrkir til sendikennaranna miðast við að þeir geti ferðast heim til Íslands einu sinni á ári eins og fyrr segir, auk þess sem veitt er heldur ríflegri launauppbót þeim til handa sem hafa lægstu launin. Þá er stuðlað að því að sendikennararnir geti borið saman bækur sínar og haft gagn hver af öðrum, og Stofnun Sigurðar Nordals er styrkt til að halda úti þjónustu við kennarana. Ástæða væri til að efla þá þjónustu frekar en nú er.

Samkvæmt síðustu fréttum hafa margir þeirra háskóla sem íslenskukennsla er stunduð við lent í allströngum niðurskurði á fjárveitingum sem hefur leitt til þess meðal annars að hætt hefur við að manna þar ýmsar sambærilegar stöður sem losnað hafa. Við þeim niðurskurðarblikum þarf að bregðast á einhvern hátt ef tryggt á að verða að allnokkrir kennarastólar í íslensku verði ekki lagðir niður þegar ráðningartímabil þeirra kennara sem sitja þá nú rennur út.

2. Markmið með íslenskukennslu erlendis

Markmið íslenskra stjórnvalda

Markmið íslenskra stjórnvalda með stuðningi sínum við íslenskukennslu eru fyrst og fremst að styðja þessa kennslu og stuðla að því að henni sé haldið áfram. Þannig gerði ráðuneytið á sínum tíma fjármögnunarsamning í sambandi við stofnun sendikennarastöðu í Lundúnum og er í viðræðum við Manitobaháskóla um að standa undir hluta af kostnaði við nýja kennarastöðu þar. Þegar til stóð að stofna sendikennarastöðu í Vínarborg var fé veitt til þess, að vísu aðeins sem nemur árlegum styrk til þeirra lektorsembætta sem lægst eru launuð. Í þessum málum hefur að nokkru verið unnið eftir drögum að stefnu um stuðning við kennslu í íslensku við erlenda háskóla frá árinu 1990, og hefur samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, heimspekideild Háskóla Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals séð um framkvæmd hennar, ásamt stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals.

Markmið erlendra háskóla

Þegar áherslur í háskólastarfi eru teknar að miðast við framboð og eftirspurn og nýtingu fjármuna, eins og algengt er orðið innan margra háskóla, verður æ erfiðara að koma auga á þær menningarlegu forsendur sem upphaflega hafa legið námsbrautunum

til grundvallar. Þrátt fyrir allt virðist kennsla í íslensku, fornri og nýrri víða eiga sér sterka formælendur. Meðvituð markmið háskóla á Norðurlöndum með því að hafa íslenskukennslu á boðstólum tengjast einkum þeirra eigin móðurmálskennslu. Íslenskukennslan fer fram innan vébanda háskólastofnunar móðurmálsins og gjarnan er byrjendanámskeið í íslensku hluti af skyldunámi móðurmálskennara. Sums staðar skipar forníslenskan einnig allstóran sess. Í Kaupmannahöfn miðast kennslan ekki síst við að stuðla að skilningi á „þróun og samhengi norrænna mála“; í Helsinki, Gautaborg og Uppsölum er hægt að velja námskeið í forníslensku að byrjendanámskeiðinu loknu. Kennsla í íslensku á hinum Norðurlöndunum er líka í anda samstarfssamninga Norðurlandanna, þar sem rík áhersla er lögð á gagnkvæma tungumálakennslu innan Norðurlanda (sbr. „Norðurlandasamning um samvinnu á sviði menningarmála“, grein 3 d. *Stjórnartíðindi* C1 (1972), bls. 1–6).

Nú er það svo að nemendum í móðurmálsnámi fer fækkandi í norrænum háskólum, ekki síst þátttakendum í málssögulegum brautum. Á fimm árum hefur nemendum sem hafa haft norrænu sem aðalgrein í norskum háskólum t.a.m. fækkað um 60%. Þorri íslenskunema við norræna háskóla virðast því vera stúdentar sem af sjálfsdáðum hafa fengið áhuga á Íslandi og því sem íslenskt er, íslenskum bókmenntum og menningu, náttúru landsins, hestamennsku, o.s.frv. Einn dragbítur á starf íslenskukennarans getur falist í allt of strangri aðgreiningu háskólagreina. Þannig er sendikennaranum í Gautaborg óheimilt að auglýsa námskeið í íslenskum bókmenntum vegna þess að hann starfar innan stofnunar sem kennir sig við mál, ekki bókmenntir. Þessi regla gildir reyndar ekki um kennarastólinn í Uppsölum, en þar leyfist sendikennaranum að hafa námskeið á boðstólum bæði í fornum bókmenntum og nýjum handa framhaldsnemendum í íslensku.

Þýskir háskólar eiga að baki ríkulega hefð í ástundun norrænna miðaldafræða og er forníslenska talin lykill að þeim fræðum. Þessu fylgir góður skilningur víðast hvar á nauðsyn þess að tengja því námi og rannsóknum kennslu í nútímaíslensku. Við námsbrautir í norrænu (nordische Philologie) er íslenska víða jafnrétthá hinum norrænu málunum. Þar mega stúdentar velja eitt mál sem aðalmál og eitt aukamál og ekkert því til fyrirstöðu að íslenska sé valin sem annað hvort.

Við franska háskóla er íslenska kennd í tengslum við kennslu í norrænum málum. Framhaldsnemendum í Caen er boðið upp á forníslenskuval, og í París er áhersla jafnhliða lögð á forníslensku, í málssögulegu og menningarsögulegu samhengi. Við Moskvuháskóla er nútímaíslenska kennd í valfrjálsum námskeiðum en nemendur eru yfirleitt úr hópi stúdenta í norrænum tungumálum, bókmenntum, sögu og menningu. Forníslenska er hluti af skyldunámi þeirra nemenda.

Í London og Winnipeg spannar kennslan vítt svið og virðist miðast við kynningu á máli, bókmenntum, menningu og þjóðfélagi Íslands. Það er styrkur

University College í London að hafa á að skipa traustum kennurum á sviði íslenskrar málssögu og fornbókmennta, sem gefur kennslunni að öðru leyti visst jarðsamband.

3. Umfang íslenskukennslu og uppbygging náms

Uppbygging náms og námsframboð

Samkvæmt nýjustu upplýsingum er nútímaíslenska nú kennd við 38 erlendar háskólastofnanir. Í rúmum helmingi þeirra, eða um 20 háskólum, eru við störf kennarar sem hafa kennslu í íslensku að aðalstarfi, en í öðrum tilvikum er um að ræða kennara sem kenna íslensku í hlutastarfi. Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum veitt styrki til 14 íslenskukennara við erlenda háskóla (sbr. viðauka 1) og eru upplýsingar okkar að mestu miðaðar við þann hóp.

Framboð námskeiða og umfang kennslunnar er mjög mismunandi í þeim skólum sem bjóða upp á kennslu í nútímaíslensku og er háð þáttum eins og kennsluskyldu kennara og tengslum íslenskunnar við aðrar greinar. Hér ræður miklu að talsverður munur er á kjörum sendikennara bæði hvað varðar laun og vinnuskyldu. Þróunin virðist almennt stefna í þá átt að kennurum er gert að kenna æ meira (t.d. er nú stefnt að því að auka kennsluskyldu sendikennara í Þýskalandi úr 12–14 tímum á viku upp í 14–16), en slíkt gerir það vitanlega að verkum að framboð námskeiða eykst.

Í öllum þeim löndum þar sem sendikennarar starfa er lögð áhersla á grunnám í íslensku máli, oftast bæði fornu og nýju, kennslu í íslenskum bókmenntum og sögu Íslands. Vægi hvers þessara þátta í starfi sendikennaranna er þó mjög breytilegt — eins og þegar hefur verið minnst á er fornmálið skyldunámskeið víða í Þýskalandi fyrir þá sem leggja stund á norræn fræði, í Uppsölum kennir sendikennari hins vegar ekki fornmálið og í Gautaborg er náminu þannig háttað að sendikennara er ekki ætlað að kenna annað en tungumál. Mjög breytilegt er eftir skólum hvað í boði er auk grunnkennslu í þessum greinum, en algengt er að nemendur geti tekið framhaldsnámskeið í íslensku nútímamáli og/eða frekari námskeið í forníslensku og fornbókmenntum. Víðast hvar er íslenska kennd sem aukagrein, eða sem hluti annars náms (s.s. Norðurlandafræða og germanskra fræða), en sums staðar er hægt að velja íslensku sem aðalgrein til B.A. eða meistaraþrófs. Þannig er gefinn kostur á að ljúka B.A.-prófi í íslensku í Lundúnum, taka íslensku sem grunnfag í Ósló, taka íslensku sem aðalmál til meistaraþrófs við ýmsa þýska háskóla og háskólann í Vín, en samdóma álit sendikennara er að mjög fáir nemendur hafi áhuga á slíku námi — og reyndar getur kennarinn í Vín þess að erfitt yrði fyrir nemendur að ljúka því í reynd sökum þess að uppbygging námsins miðast við hin norrænu tungumálin sem reynast þýskumælandi nemendum mun auðveldari en íslenskan.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að sendikennarar vinna ekki aðeins mikilvægt starf í kennslu á íslensku máli og bókmenntum, heldur eru þeir einnig oft í forsvari fyrir og hafa frumkvæði að almennri kynningu á íslenskri menningu í þeim

borgum þar sem þeir starfa. Sendikennarar í Þýskalandi og Austurríki hafa t.d. staðið fyrir upplestri rithöfunda og bókmenntakynningum og kennarar í Frakklandi hafa skipulagt kvikmyndahátíðir, kennari í London svarar fyrirspurnum um íslensk stjórn-mál, o.s.frv. Í þessu sambandi er líka rétt að hafa í huga að kennsla í nútímaíslensku við erlenda háskóla er ein frumforsenda þess að ala upp og mennta þýðendur á íslenskum bókmenntum á önnur mál og hún því grunnur alls kynningarstarfs á íslenskri menningu erlendis.

Samsetning nemendahóps

Samsetning nemendahópa í íslenskunámi erlendis er mjög breytileg eftir skólum og vart er hægt að greina sérstakt mynstur í þeim efnum. Áhugi á íslenskri náttúru, íslenskri menningu (allt frá fornbókmenntum til popptónlistar), íslenska hestinum, o.s.frv., verður sumum hvati til að leggja stund á nám í íslensku. Sumir nemendanna hyggjast stunda vísindarannsóknir á Íslandi, en aðrir leggja stund á námið af einskærum áhuga eða forvitni. Í þeim tilvikum þar sem nám í íslensku er hluti skyldu-náms í ákveðnum námsbrautum stjórnast eftirspurnin eftir íslenskunámi af sömu lögmálum og nám í þeim brautum.

Fjöldi nemenda er líka mjög breytilegur eftir skólum og námsstigum, en víðast hvar er nokkuð mikil aðsókn í grunnnámskeið í íslensku, en mun færri nemendur taka framhaldsnámskeið í málinu. Augljóslega eykur það fjölda nemenda þegar íslensku-námið er skyldunám í ákveðnum námsbrautum. Þannig má benda á að samkvæmt upplýsingum um kennslu námsárið 1998–99 við háskólann í Helsinki luku um 40–50 nemendur byrjendanámskeiði í íslensku á hvoru misseri og 5–20 nemendur öðrum námskeiðum um íslenskt mál og menningu.

Kennslugögn

Það háir kennslu í íslensku, bæði fornri og nýrri, hve mikill skortur er á hentugum kennslubókum og öðru námsefni. Greinileg tilhneiging er hjá kennurum að nýta sér bækur á þeim tungumálum þar sem þeir kenna (sendikennarar í Frakklandi bók eftir Magnús Pétursson og Emil Eyjólfsson á frönsku, í Þýskalandi nota kennararnir bók Ritu Duppler og Astrid van Nahl, *Isländisch für Anfänger*, í Svíþjóð eru notaðar bækurnar *Litli græni drekin* og *Íslensk málfræði* eftir Kristin Jóhannesson sendi kennara í Gautaborg og *Lärobok i nutida isländska* eftir Ingegerd Fries), og er ástæðan sjálfsagt bæði sú að nemendur vilja lesa kennslubækur á eigin máli og að þeir eiga auðveldara með að tileinka sér efni sem tekur mið af móðurmáli nemendanna. Athygli vekur að sendikennarar nýta sér aðeins í litlum mæli það kennsluefni sem notað er í Skor íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands.

4. Staða íslenskukennslu

Staða íslenskukennslunnar er með ýmsu móti samkvæmt þeim skýrslum sem okkur hafa borist frá sendikennurunum. Verður fyrst vikið að þeim kennarastöðum sem eru ekki í neinni yfirvofandi hættu að verða lagðar niður.

Staðan í Gautaborg er föst kennarastaða. Háskólayfirvöld hafa ekki nýtt hana eins vel og ástæða hefði verið til. Áður var drepið á bann við bókmenntanámskeiðum, og einnig hefði verið hægt vandi að efla nám í miðaldafræðum og njóta fulltingis íslenska lektorsins sem reyndar stendur ásamt öðrum að þverfaglegum rannsóknaræfingum um fornbókmenntir. Uppsalaháskóli hefur lengi lagt mikið kapp á að viðhalda kennslu í þessari „latínu norðursins“. Þar verður reyndar sú breyting á innan fárra ára að stöðunni verður breytt úr tímabundinni í fasta stöðu. Svonefnd „norræn lektorsstaða“ verður þá aflögð, en henni fylgir ekki aðeins kennsluskylda heldur einnig rannsóknarskylda. Samtímis verður íslenskukennsla skorin burt úr skyldunámi, sem hún er reyndar takmarkaður hluti af nú orðið. Það veikir stöðuna nokkuð að íslenskum sendikennara er ekki lengur falin kennsla forn málsins, en kennarastóllinn verður naumast lagður niður á næstunni. Í Kaupmannahöfn virðist staðan föst í sessi og einnig í Helsinkí, en þar hafa stjórnvöld átt í viðræðum við háskólayfirvöld um sérstaka fjárveitingu til að koma í veg fyrir að arðssjónarmið og lögmál framboðs og eftirspurnar geri sjálfkrafa út af við norrænu kennarastólana. Finnisk stjórnvöld hafa með þessu skilgreint það sem menningarlega skyldu sína að styðja kennslu í Norðurlandamálum með skírskotun til þess að haldið sé úti hliðstæðum sendikennarastöðum í finnsku við háskóla á hinum Norðurlöndunum. Í Kiel stendur til að lækka kennarastöðuna í sessi, að vísu án þess að launin lækki. Þetta er pólitísk ákvörðun sem mun senn ná til Þýskalands alls. Staðan virðist hins vegar nokkuð örugg, að þeirri breytingu gerðri. Þá virðist kennarastóll í Greifswald nokkuð öruggur; þar er þarlendur fræðimaður í fullu starfi sem háskólinn fjármagnar, en „nú á dögum er aldrei að vita“, eins og hann skrifar að vísu í skýrslu sinni. Um franska háskóla vitum við ekki annað en stöður séu nokkuð tryggar; alltént hefur staðan í Lyon verið auglýst laus til umsóknar, sem var óvíst um tíma hvort yrði.

Versnandi fjárhagsstaða háskóla í Noregi og fækkun stúdenta í norsku og norrænum málum gæti haft í för með sér að kennaraembætti í íslensku verði „lögð í frysti“ næst þegar þau losna. Í Noregi benda menn á að Norðmenn greiða ekki aðeins laun þriggja íslenskukennara í Noregi (prófessors í Ósló og tveggja sendikennara), heldur einnig laun norska sendilektorsins á Íslandi. Ef fórna þarf stöðu og valið stendur milli sendikennarastöðu í íslensku og kennarastöðu í norsku máli og bókmenntum er hætt við að fátt verði þeirri fyrrnefndu til bjargar. Óvissan um kennslu íslensks nútímamáls í Noregi tengist sennilega almennum samdrætti í kennslu hinna

Norðurlandamálanna, en sendikennarinn í Bergen bendir á í starfsskýrslu sinni fyrir námsárið 1998–99 að þá hafi kennarastaða í sænsku verið fryst í tvö ár og allar líkur séu á að stöðu í dönsku bíði sömu örlög þegar hún losnar næst.

Á tveimur kennarastólum í Þýskalandi er staða íslenskukennslunnar mjög óviss. Annar er í Erlangen þar sem núverandi stundakennari hefur lagt á sig ómælt erfiði og haldið uppi fjölþættri og metnaðarfullri kennslu með mjög miklu ókeypis vinnuframlagi. Sá kennari hefur fengið launauppbót frá íslenskum stjórnvöldum, 190.000 krónur á ári, en launaframlag háskólans nemur heldur lægri upphæð. Ef kjörin verða ekki bætt er viðbúið að þessi kennsla leggist af. Kæru vegna aðbúnaðar stundakennara hefur að vísu verið vísað til dómstóla, en meðferð málsins þar getur tekið tvö ár. Háskólayfirvöld í Berlín hafa ekki óskað eftir stuðningi við íslenskukennslu þar enn sem komið er. Þar blasir sá vandi við að sú staða er „ekki til“, þ.e.a.s. henni er haldið uppi af fjárveitingu úr sérstökum sjóði sem rennur út í september n.k. og lektorunum (Íslendingi og Þjóðverja sem skipta stöðunni milli sín) var tilkynnt núna um miðjan mars (eftir að bréf Soffíu Gunnarsdóttur barst okkur, sjá viðauka 2) að fjárveitingin muni ekki verða endurnýjuð, gagnstætt því sem vonir höfðu staðið til. Þetta er bagalegt vegna þess að í Berlín hefur mikil vinna verið lögð í gerð margmiðlunarefnis á veraldarvefnum í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur sem á að nýtast jafnt til íslenskukennslu erlendis og nýbúakennslu hér heima. Til þessa verkefnis hefur háskóladeild þeirra verið veittur styrkur frá Evrópusambandinu, en áframhaldandi styrkur er háður því að kennslunni sé haldið uppi samhliða gerð námsefnisins. Umrætt námsefni lítur mjög vænlega út og væri skaði ef verkið stöðvaðist í miðjum klíðum vegna þess að kennarastóllinn yrði lagður niður.

5. Áhrif og árangur íslenskukennslu

Fjöldi útskrifaðra nemenda og möguleikar til frekara náms

Eins og nefnt var hér að framan eru nokkuð víða fyrir hendi möguleikar að sérhæfa sig í íslensku máli, bæði til B.A. og meistaraþrófs, og jafnvel til doktorsþrófs, en tiltölulega fáir nemendur kjósa að fara þá leið. Skiptir þar sjálfsagt sköpum að sérnám í íslensku opnar nemendum ekki margar starfsleiðir að námi loknu, og reyndar er framboð á námskeiðum yfirleitt svo fábreytt, sökum smæðar greinarinnar í erlendum háskólum, að það getur tæplega dregið að marga nemendur. Íslenskunám er því oftast annaðhvort hluti annars náms eða tólmstundagaman nemenda, tekið af einskærum áhuga á málinu eða íslenskri menningu yfirleitt. Það skal þó tekið fram að ýmsir af helstu þýðendum íslenskra bókmennta hafa hafið nám hjá íslenskum sendikennurum

erlendis, eins og vikið verður að hér á eftir, og skilar þessi kennsla því árangri sem erfitt er að mæla beinlínis í fjölda nemenda.

Þegar á allt er litið er því erfitt að meta hversu margir nemendur útskrifast úr íslenskunámi við erlenda háskóla, en ljóst er af þeim upplýsingum sem liggja fyrir að mikill fjöldi nemenda kynnist einhverjum þáttum íslenskrar menningar í námskeiðum við erlendar háskólastofnanir, og öðlast með því undirstöðuþekkingu í íslensku máli. Ekki er hægt að slá á þetta nákvæmri tölu, en sennilega er fjöldi nemenda í íslensku í hinum 38 skólum sem kenna nútímaíslensku vel á annað þúsund á hverju ári. Það er því ljóst að verulegur fjöldi nemenda stundar eitthvert nám í íslensku við erlenda háskóla, þótt tiltölulega fáir ljúki meiru en grunnnámskeiðum í málinu.

Menningarleg, pólitísk og viðskiptaleg áhrif

Gildi þess að halda úti íslenskukennslu við erlenda háskóla felst fyrst og fremst í því hvernig starf sendikennarans stuðlar að kynningu á landi og þjóð og á íslenskri menningu. Sú menningarkynning verður seint ofmetin. Það er vegsemd og lán Íslendinga að varðveita, ástunda og ávaxta einstæðan menningararf frá miðöldum sem við eigum jafnframt sjálf greiðan aðgang að. Fátt annað réttlætir núverandi stöðu okkar í samfélagi þjóðanna enda væri áhugi útlendinga á okkur takmarkaður ef þessu væri ekki til að dreifa. Því má segja að öll íslensk menningarmiðlun sem stendur undir nafni sé eitt af lykilatriðum pólitískrar og efnahagslegrar velgengni. Auk sjálfrar kennslunnar sinna sendikennararnir ýmsum erindum í sambandi við menningarsamskipti og menningarmiðlun, ekki síst vegna þess að yfirleitt er ekki menningarfulltrúi starfandi við sendiráð Íslands. Þeir eru fengnir til að halda fyrirlestra um Ísland og íslenska menningu, fjölmiðlar leita til þeirra ef eitthvað er á döfinni sem varðar Ísland, bókaforlög biðja um álit þeirra varðandi íslenskar bækur sem til greina kemur að gefa út o.s.frv. Erfitt er að meta bein áhrif þessa, en alltént stuðlar það að því að halda Íslandi á landakortinu í vitund þarlendra þegna. Verðmætasta framlag sendikennaranna hlýtur þó að felast í því að það lendir á þeirra herðum að sjá út efnilega þýðendur íslenskra bókmennta meðal nemenda sinna og kenna þeim allt sem þarf til þeirra verka. Á síðasta áratug hefur útgáfa nýrra íslenskra skáldverka stóraukist í þeim löndum þar sem íslenskukennsla er stunduð, Norðurlöndunum öllum, Þýskalandi, Frakklandi. Þessi nýja bylgja reis auðvitað ekki að frumkvæði íslenskukennaranna, en þegar hún reið yfir voru tiltækir þýðendur sem þeir höfðu menntað, og kennarastólarnir hafa síðan fyrir sitt leyti stuðlað að útbreiðslu þessara bókmennta á margvíslegan hátt.

6. Reynsla annarra þjóða

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust frá þremur Norðurlandanna, Danmörku, Finnlandi og Noregi, er fyrirkomulag sendikennslunnar með svipuðum hætti hjá þeim hvað almennt skipulag snertir. Danskir, finnskir og norskir sendikennarar eru þannig almennt á launum hjá þeim háskólum þar sem þeir starfa, en þeim eru veittir nokkrir ferða- og flutningsstyrkir, uppbætur til að standa straum af kostnaði við dvöl í erlendu landi, styrkir til kaupa á bókum og kennsluefni, auk þess að norræn yfirvöld greiða þeim kennurum sem búa við hvað lökust kjör verulegar uppbætur á laun (þetta á ekki síst við Mið og Austur-Evrópu, en dönsk stjórnvöld greiða allt að 250.000 dönskum krónum á ári til þeirra kennarastóla þar sem launin eru hvað lökust). Fjárveiting til þessarar starfsemi er mjög misjöfn í löndunum þremur sem við fengum upplýsingar frá; árið 1998 sögðust Norðmenn verja 4,8 milljónum norskra króna í þennan málaflokk og er hann undir stjórn utanríkisráðuneytis, Danir veittu 6 milljónum danskra króna til kennarastólanna, og Finnar 8,8 milljónum finnskra marka.¹ Þjóðirnar þrjár leggja allar mikla áherslu á mikilvægi kennslu í tungumálum sínum erlendis, og greinilegt að er henni er ætlað aukið hlutverk með vaxandi hnattvæðingu. Danir hyggjast þannig auka stuðning við kennslu í dönsku máli við erlenda háskóla úr 6 milljónum danskra króna á ári í rúmar 10 milljónir árið 2004 og Finnar ætla sér að gera sérstakt átak í þessu efni.

Stuðningur Norðurlandþjóðanna við kennslu tungumála sinna erlendis ber ekki með sér skýra stefnumótun umfram það að slík kennsla er álitin sjálfsögð og nauðsynleg. Staða Danmerkur og Finnlands innan Evrópusambandsins hefur þó greinilega nokkur áhrif á afstöðu þeirra þar sem bæði ríkin leggja áherslu á að verja stöðu þjóðtungunnanna sem opinberra tungumála innan ESB og stefna Danir t.d. markvisst að því að bjóða upp á kennslu í dönsku á háskólastigi í a.m.k. einum skóla í hverju aðildarlanda sambandsins. Danir leggja einnig mikla áherslu á að kennsla í dönsku sé undirstaða þess að hvetja erlenda háskólanemendur til að stunda nám við danska háskóla, auk þess sem þeir líta á dönskukennsluna sem eðlilega þjónustu í þeim löndum þar sem búa margir innflytjendur af dönskum uppruna (s.s. Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi). Áhugi Finna á að styðja málakunnáttu og menningu fólks sem talar finnsk-úgrísk mál í Rússlandi er af svipuðum rótum runnin.

Að síðustu er athyglisvert að Norðurlandþjóðirnar leggja nokkra áherslu á að tryggja gæði sendikennslunnar, bæði með því að bæta menntun sendikennaranna og reyna að veita þeim góð kjör til að tryggja að hæfir umsækjendur fáist til starfanna — í þessu sambandi má benda á að Danir hafa gert sér ljóst að beint samband er á milli

¹ Norskundervisning ved utenlandske universiteter, økonomi. <http://www.odin.dep.no/ud/publ/1998/norskweb/generelt>; „Strategiplan“ frá danska menntamálaráðuneytinu, nóv. 1998; UKANs utvecklingsprogram för åren 1998–2000.

fjölda umsækjenda um kennarastöður og þeirra kjara sem þeim er boðin við kennsluna. Danir hafa í þessu skyni lagt til að komið verði á fót sérstökum styrkjum til doktorsnema sem áhuga hafa á að sérhæfa sig í kennslufræði tungumálakennslu. Finnar leggja aftur á móti áherslu á að tilvonandi sendikennarar afli sér góðar grunnþekkingar á menningarfræðum, sögu og félagsfræði þannig að þeir geti miðlað staðgóðri þekkingu á finnsku samfélagi og menningu.

7. Leiðir til úrbóta á íslenskukennslu við erlenda háskóla

Helstu kostir og gallar núverandi fyrirkomulags

Ein þeirra spurninga sem við lögðum fyrir íslensku sendikennarana var sú hverja þau teldu helstu galla á núverandi fyrirkomulagi íslenskukennslu. Nokkur þeirra (kennarar í Caen, Lundúnum, Uppsölum, Helsinki, Kiel) töldu einn helsta ókostinn felast í því hvað íslenskukennarinn þyrfti að halda úti kennslu í mörgum greinum ef vel ætti að vera, þannig að jafnvel væri full þörf fyrir aðstoðarkennara. Í Kiel var kennsluskylda aukin einhliða nýverið; kennarinn mótmælti því að vísu ekki því henni fannst „ekki veita af“, eins og segir í skýrslu hennar, vegna þess að þýskum nemendum reynist mun erfiðara að læra íslensku en hin skandinavísku málin. Sumir kennarar (Ósló, Björgvin, Manitoba, Tókíó, Moskva) kvarta á hinn bóginn yfir of litlu kennsluframboði í íslensku og íslenskum bókmenntum. Í Gautaborg eru nemendur hlutfallslega mjög margir miðað við aðra sendikennarastóla, en eigi að síður er nemendafjöldi innan viðmiðunarmarka sendikennarastöðu þannig að kennarinn hefur orðið jafnhliða að gegna öðrum óskyldum störfum á vegum deildarinnar og sænsku-stofnunarinnar til að uppfylla vinnuskyldu sína. Kennari í Vín kvartar yfir of miklum og tímafrekum ólaunuðum störfum við menningarmiðlun, kennari í Erlangen kvartar yfir fjársvelli og kennarar í Berlín, Ósló og Björgvin óttast að stöðurnar verði lagðar niður. Loks má nefna eilífðarvandamálið sem einnig skýtur upp kollinum í skýrslum og fundargerðum allra sendikennarafunda: skort á fullnægjandi kennsluefni sem stenst kröfur tímans.

Kosti núverandi fyrirkomulags tíunda þeir kennarar fyrst og fremst þar sem íslenskukennslan tengist öðrum námsbrautum, sem jafnframt tryggir hana í sessi: öðrum norrænum málum, forníslensku, norrænni textafræði. Hér er einkum um að ræða þýska háskóla, ennfremur London, Kaupmannahöfn og Helsinki.

Nýting upplýsingatækni

Enn sem komið er hefur upplýsingatækni lítið sem ekkert verið beitt við kennslu í íslensku fyrir útlendinga, hvorki í fjarkennslu né með notkun margmiðlunar og/eða

netsins við gerð og framsetningu kennsluefnis. Undanfarin ár hefur þó verið unnið að eftirfarandi tveimur verkefnum með evrópskum styrkjum eða í evrópsku samstarfi:

1. Vefsíðan BRAGI hefur verið í smíðum og þróun í árið annað og hefur verkefnið verið styrkt af LINGUA-áætlun Evrópusambandsins. Hún er unnin í samvinnu íslenskulektora í Berlín og kennara við Námsflokka Reykjavíkur og styðst þannig bæði við reynslu af kennslu íslensku meðal erlendra stúdenta og meðal nýbúa hér heima og þjónar þörfum beggja. Eftir kynningu þessa efnis á síðasta lektorafundi í Vínarborg hafa aðrir íslenskir sendikennarar látið í ljós áhuga á að koma að þessari námsefnisgerð, m.a. með því að prófa efnið í kennslu, og hefur fyrsti samstarfsfundur þeirra nú verið haldinn. Staða verkefnisins er þannig að gert er ráð fyrir að samfelld kennsluefni ásamt verkefnum og æfingum liggi fyrir í árslok 2001, en sá hluti þess sem þegar hefur verið unninn er aðgengilegur á heimasíðu verkefnisins (<http://www.bragi.org>). Að vísu eru blikur á lofti þar sem áframhaldandi styrkur ESB til verkefnisins er háður því að áfram sé haldið uppi íslenskukennslu í Berlín en fjárveiting til hennar verður felld niður í haust samkvæmt síðustu fréttum. Það hlýtur að teljast mikilvægt hagsmunamál fyrir kennslu í íslensku máli, bæði fyrir erlenda háskólastúdenta og nýbúa á Íslandi, að þessu verkefni verði lokið. Við leggjum því til að íslensk stjórnvöld stuðli að því eftir föngum að svo megi verða. Í þessu sambandi má benda á að forstöðumaður Norðurevrópastofnunar Humboldtháskóla mun koma til Íslands í sumar í boði sendiráðs Íslands í Berlín og vera viðstaddur formlega opnun BRAGA í Ráðhúsi Reykjavíkur.

2. Margmiðlunardiskur með byrjendaefni í íslensku er í smíðum á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals og er styrkt að hluta með evrópsku fé en auk þess hefur verulegra innlendra styrkja verið aflað. Þetta er evrópskt samstarfsverkefni á vegum LINGUA, með þátttöku 15 háskólastofnana, en Ísland hefur átt aðild að því síðan 1997. Íslenski hlutinn hefur þokast talsvert áfram enda þótt starfsmaður sé aðeins einn og vinni að þessu í hjáverkum með fullri kennslu í íslensku fyrir útlendinga við Háskólann. Staða verkefnisins er sú að handritið að erlendu efni hefur verið þýtt á íslensku og staðfært, „hráefni“ verið útvegað og sett inn í forritið, þ.e.a.s. myndskaið, skýringarmyndir, hljóðupptökur o.s.frv., en eftir er að tengja þetta saman, gera orðalista, semja málfræðiaefingar, þýða á ensku og ritstýra efninu. Gert er ráð fyrir að því verki verði lokið í lok þessa árs, en framgangur þess hlýtur að fara að nokkru eftir því hvernig tekst að afla fjár til þess.

Hér er einkum um sjálfsnámsefni að ræða sem kemur til móts við þarfir byrjenda í íslenskunámi, en það skiptist einnig í „lög“ eftir getu og framförum nemenda. Markmið disksins er ekki síst það að skiptinemar geti kynnt sér tungumálið

af sjálfsdáðum áður en þeir koma til landsins og undirbúið sig þannig undir væntanlega dvöl á Íslandi. Stendur til að prófa þetta efni á ágústnámskeiði sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins skipuleggur fyrir ERASMUS og NORDPLUS-nema við íslenska háskóla. Sjálfur diskurinn verður varla tilbúinn fyrr en í fyrsta lagi um næstkomandi áramót.

Þessi verkefni eru bæði ágætis upphaf þess að nýta upplýsingatækni við íslenskukennslu nemenda sem hafa ekki málið á valdi sínu, þau nálgast efnið á ólíkan hátt og nýta mismunandi aðferðir til að koma efninu á framfæri. Nauðsynlegt er þó að íslensk stjórnvöld hafi frumkvæði um heildarskipulag þessa starfs og frekari þróunarvinnu, bæði til að tryggja sem besta nýtingu fjármagns og gæði efnisins, en einnig til að þróa þennan þátt íslenskukennslunnar enn frekar. Mjög áhugavert er að íhuga möguleika á fjarkennslu í íslensku fyrir erlenda háskólanema, t.d. með því að byggja á þeirri reynslu sem þegar hefur fengist við fjarkennslu í íslensku við íslenskuskor Háskóla Íslands. Slík kennsla myndi ná til mun stærrí hóps en hefðbundnar kennsluáðferðir, ná til svæða þar sem engir sendikennarar eru og gæti aukið fjölbreytni í námsframboði í þeim skólum sem þegar bjóða upp á einhverja kennslu í nútímaíslensku. Það skal tekið fram að fjarkennsla getur aldrei komið að fullu í stað staðbundinnar kennslu, og verður slíkt átak því að koma sem viðbót við þá kennslu sem þegar er fyrir hendi fremur en í stað hennar.

8. Tillögur um framtíðarskipulag sendikennslu

Í þessum tillögum er gengið út frá því sem vísu að íslensk stjórnvöld telji kennslu í nútímaíslensku mikilvæga og vilji stuðla að því að henni verið haldið áfram og að hún fari fram með sem mestum myndarbrag. Stuðning við slíka kennslu má réttlæta með ýmsum hætti, svo sem með því að flest sjálfstæð þjóðríki telja sér skylt að halda úti sendikennslu með ærnum tilkostnaði. Á þennan hátt minna þjóðirnar á tilvist sína og gera þegnum annarra þjóða kleift að kynnast menningu og þjóðlífi. Færa má einnig hrein hagræn rök fyrir stuðningi við kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla, þótt erfitt sé að meta áhrif hennar á tölfræðilegan hátt. Þannig er þessi kennsla einhver öflugasta kynning á íslenskri menningu sem fáanleg er. Þeir sem hlotið hafa menntun í nútímaíslensku eru líklegir til að velja íslenskar vörur ef þær standa til boða, heimsækja Ísland og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama. Að síðustu hljótum við að líta á kennslu nútímaíslensku sem einn þráð í neti tungumálakennslu í heiminum, en á Íslandi starfa margir erlendir sendikennarar sem vinna gott starf. Það er samdóma álit þeirra sem vinna að menntamálum að með vaxandi alþjóðavæðingu eykst þörf

atvinnulífsins fyrir fjölbreytta tungumálakunnáttu, þannig að um leið og Íslendingum er nauðsynlegt að kynna tungumál sitt og menningu erlendis þurfa þeir að gefa sínum háskólanemum tækifæri á öflugum tungumálanámi.

Í úttekt okkar kom fram að enda þótt allir séu sammála um að kennsla í tungumálum sé mikilvæg á sendikennsla í „smáum“ málum eins og íslensku undir högg að sækja. Fjárveitingar til háskóla eru víða — og þá ekki síst á Norðurlöndunum — að færast í það horf að þær miðast við afköst í starfi skólanna fremur en hefðir. Þetta leiðir til meiri skilvirkni í starfi skólanna, en dregur um leið úr vilja þeirra til að halda uppi „óarðbærum“ námsleiðum. Þannig verða stjórnvöld að leita sérstakra leiða til að halda uppi kennslu í þeim námsgreinum sem þau telja mikilvægar af pólitískum ástæðum.

Þær tillögur sem hér fylgja byggjast á þessum forsendum, en miðast um leið við það að íslensk stjórnvöld hljóta að sníða sér stakk eftir vexti. Við teljum ljóst að ef viðhalda á kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla er nauðsynlegt að veita meira fé til þessa málaflokks í framtíðinni en hingað til, en um leið hlýtur fámenn þjóð að huga vel að því hvernig fjármunum hennar er varið. Markmiðið hlýtur því að vera að ná sem mestum árangri með því takmarkaða fé sem stendur til boða.

1. Stefna íslenskra stjórnvalda varðandi kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla skal hér eftir sem hingað til taka mið af því að hér er um mikilvæga menningar- miðlun að ræða. Æskilegt er að stuðlað sé að því að viðhalda þeim kennarastólum sem fyrir eru, enda hefur víðast átt sér stað mikið uppbyggingarstarf í þeim skólum sem kenna nútímaíslensku á undanförunum árum. Við leggjum því til að stefna stjórnvalda verði að öllu jöfnu sú að verja það land sem hefur unnist og renna enn styrkari stoðum undir það starf sem þegar er fyrir hendi fremur en að fjölga þeim kennarastólum sem þau styrkja.
2. Sú skipan mála að íslenskir sendikennarar séu að mestu launaðir af þeim skólum þar sem þeir kenna um leið og erlendir sendikennarar á Íslandi þiggja nær engin laun frá íslenskum stjórnvöldum getur tæpast staðist öllu lengur. Þetta fyrirkomulag er þegar farið að valda nokkrum erfiðleikum í samskiptum við hin Norðurlöndin, ekki síst vegna þess að skólarnir telja sig ekki fá nægjanlegt fjármagn frá stjórnvöldum sínum til að halda úti kennslu í fámennum greinum. Við leggjum því til að íslensk stjórnvöld veiti Háskóla Íslands fjárveitingar til að standa straum af launakostnaði norrænna sendikennara á Íslandi, um leið og gengið verði frá samningum við skólann um réttindi og skyldur kennaranna hér á landi. Þetta verður að gera í samhengi við endurskoðun Norðurlandanna allra á samskiptum á menningarsviðinu, en kennsla í Norðurlandamálum virðist eiga undir högg að

sækja á öllum Norðurlöndunum (sbr. bréf frá samstarfsnefnd norrænu ráðherranefndarinnar um Norðurlandafræðslu erlendis, dags. 4. janúar 2000). Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að sennilega hefur engin þjóð Norðurlanda haft jafn mikinn hag af samstarfi þeirra á sviði menntamála og Íslendingar, og væri því ekki úr vegi að íslensk stjórnvöld hefðu frumkvæði að því að tryggja viðgang þess á nýrri öld. Hvað varðar sendikennslu í öðrum tungumálum en Norðurlandamálunum er lagt til að stjórnvöld haldi áfram sömu stefnu og áður, þ.e. að þau styrki sendikennara í íslensku eftir mætti og geri þeim kleift að sinna starfi sínu sem best.

3. Nauðsynlegt er að tryggja Stofnun Sigurðar Nordals ríflegri fjárveitingar til að hún geti betur rækt þjónustuhlutverk sitt í þágu kennarastólanna, tekið frumkvæði að nýjungum í kennslustarfinu og sinnt nauðsynlegri stjórnsýslu í málefnum sem snúa að kennslunni.
4. Undirbúningi íslenskra sendikennara til starfa er mjög ábótavant, enda hefur fram að að þessu ekki verið í boði neitt nám hér á landi í kennslufræði íslensku fyrir erlenda nemendur. Háskóli Íslands mun á næsta kennsluári efna í fyrsta sinn til námskeiðs í kennslufræði íslensku sem erlends máls innan íslenskrar málfræði til M.A.-prófs sem er m.a. til þess gert að búa væntanlega sendikennara undir starf sitt. Fram að þessu hefur hver kennari neyðst til að smíða sér aðferðafræði um leið og hann kemur til starfa, samtímis því sem hann er sjálfur í óða önn að tileinka sér tungumál gestgjafanna á vettvangi.
5. Mikill skortur er á námsefni í íslenskukennslu handa erlendum háskólanemum, sem og nýbúum á Íslandi. Við leggjum til að gert verði átak við að styðja og stuðla að framleiðslu efnis sem nýtir sér tölvutækni og samskipti á netinu við kennslu nútímaíslensku. Einnig er nauðsynlegt að til séu góðar kennslubækur í íslensku fyrir erlenda háskólanema og nauðsynlegt er að huga að því hvort ekki sé hægt að semja slíkar bækur og miða við þarfir sem flestra skóla.
6. Með tilkomu nútímalegs og aðgengilegs námsefnis á netinu og í öðru tölvutæku formi opnast nýir möguleikar til fjarkennslu og sjálfsnáms. Slík kennsla leysir aldrei sendikennarastólana af hólmi en samfara henni ætti minni nauðsyn að vera á stofnun nýrra sendikennarastóla. Æskilegt væri að fjarkennsla væri rekin í samvinnu sendikennara og kennara við Háskóla Íslands, þannig að námsframboð og námsefni væri að einhverju leyti miðað við ólíkan menningarlegan bakgrunn og mismunandi aðstæður nemenda.

7. Sumarnámskeið Stofnunar Sigurðar Nordals hafa greinilega sannað tilverurétt sinn á undanförunum árum, enda styðja þau mjög vel við starf sendikennaranna. Tiltölulega stutt námskeið utan venjulegs starfstíma háskóla gera erlendum nemendum kleift að koma til Íslands og kynnast landinu af eigin raun og læra íslensku í íslensku umhverfi. Slíkt er ómetanleg reynsla og skilar miklum árangri í tungumálanámi, ekki síst hjá þeim sem hafa góða grunnþekkingu í málinu. Fjárhagslegur grundvöllur þessara námskeiða er ótryggur og leggjum við til að stjórnvöld sjái til þess að þau falli ekki niður.

8. Að síðustu leggjum við til að kannaðir verði möguleikar á samstarfi menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis varðandi þá kennarastóla þar sem sendiráð eru staðsett með tilliti til þess hvort sú menningarmiðlun sem sendikennararnir sinna yrði að einhverju leyti innan vébanda sendiráðsins. Um leið og slíkt samstarf styrkti menningarstarf sendiráðanna gæti það bætt stöðu sendikennaranna, e.t.v. fjárhagslega, en einkum og sér í lagi gagnvart viðkomandi háskólum. Þetta gæti átt við borgir eins og Vín, Berlín, Ósló og jafnvel Tókíó í fyllingu tímans.

VIÐAUKI 1
Útdráttur úr skýrslum sendikennara fyrir námsárið 1998–99

Helsinki:

Kennsla:

Haust:

- i. byrjendanámskeið
3 hópar, 2 vikust. hver.
40 luku prófi
- ii. framhaldsnámskeið
4 vikust.
5 nem.
- iii. nútímabókmenntir
2 vikust.
10 nem.
- iv. þjóðfélag og menning
7 vikur, 2 st.
20 nem.
- v. proseminarium (ásamt öðrum) — vikingar och sagor
7 vikur, 2 st.

Vor:

- i. byrjendanámskeið
3 hópar, 3 vikust. hver.
47 luku prófi (ekki alveg ljóst, gætu hafa verið 67)
- ii. framhaldsnámskeið
2 vikust.
6 nem.
- iii. forníslenska
2 vikust.
10 nem.
- iv. norræn goðafræði
7 vikur, 2 st.
40 nem.
- v. proseminarium (ásamt öðrum) — vikingar och sagor
7 vikur, 2 st.
6 nem.

Kennslugögn:

Byrjendanámskeið:

Svavar Sigmundsson, *Textar í íslensku fyrir erlenda stúdenta*
Málfræðiyfirlit, nokkrar æfingar, ljóðaúrval og greinar um Íslands-, mál- og bókmenntasögu.

Framhaldsnámskeið

Ólafur Gunnarsson, *Fallegi flughvalurinn*

Málfræðiæfingar, þýðingaræfingar (á íslensku), myndir o.fl.

Forníslenska

Málfræði Wesséns og textabók Norrens

Bókmenntanámskeið

Úrval bókmennta 20. aldar í sænskum þýðingum

Stuðst við bókina *Isländsk litteratur från Atomstationen till Guldön*, e. T. Kjellgren

Þjóðfélagskúrs

Bæklingurinn *Island. Land och folk* og bókin *Island i saga och nutid*

Ósló:

Kennsla

Haut 1998:

- i. námskeið um íslenska tungu fyrir norrænustúdenta.
7 vikur, 3 stundir á viku
um 35 nemendur
- ii. námskeið um íslenskar bókmenntir
10 vikur, 2 fyrirlestrar á viku
3 nemendur
- iii. námskeið um Halldór Laxness
5 vikur, 2 fyrirlestrar á viku
2 nemendur

Vor 1998:

- i. námskeið um íslenska tungu fyrir norrænustúdenta.
7 vikur, 3 stundir á viku
um 35 nemendur
- ii. námskeið um norræna sagnaritun
7 vikur, 3 stundir
12–15 nem.
- iii. námskeið um íslenska rómantík
5 vikur, 2 st.
1 nemandi

Kennslugögn

Upplýsingar vantar

Bergen

Kennsla:

- i. íslensk nútímamál, hluti af „fellesemne“ á mellomfags-stigi
16 nem. á haustmisseri, 13 á vormisseri

- ii. íslenskt aukafag, alls um 1000 síður
málfræði, bókmenntir, saga og samfélag
6 stundir á viku á vormisseri
5 nemendur

Kennslugögn

Íslenskt nútíðarmál á mellomfagi

Jón H. Jónsson, *Íslensk grammatikk*

Guðrún Helgadóttir, *Jón Oddur og Jón Bjarni*

Svava Jakobsdóttir, *Saga handa börnum*

Tvær greinar um málstefnu (Ari Páll Kristinsson) og málþróun (Helge Sandøy).

Íslenskt aukafag

Jón H. Jónsson, *Íslensk grammatik*

Sex greinar um málstefnu, aðlögun tökuorða, o.s.frv.

Fjórar smásögur

Einar M. Guðmundsson, *Englar alheimsins*

Ljóð, leikrit, þjóðsögur

400 bls. efni, þar af helmingur á íslensku, um sögu og samfélag.

Gautaborg

Kennsla:

Haust 1998:

- i. íslenska 1, 2, og 3 (nútímamál)
36+36+30 stundir
um 70 innritast (um 200 sækja um) í ísl. 1, u.þ.b. helmingur lýkur
15–20 sitja framhaldsnámskeið en fáir ljúka prófi
- ii. Nordenkuskap
14 st.
hluti sameiginlegs námskeiðs norrænu lektoranna
8 luku 1998, fækkun frá fyrri árum
- iii. forníslenskar textaæfingar
16 st.
- iv. rannsóknaræfingar um fornþókmenntir
16 st.
15–20 hafa sótt þessi semínör að jafnaði

Vor 1999:

- i. íslenska 1, 2, 3 (nútímamál) og 3 (formál)
36+36+30+36 stundir
um 70 innritast (um 200 sækja um) í ísl. 1, u.þ.b. helmingur lýkur
15–20 sitja framhaldsnámskeið en fáir ljúka prófi. 8 luku prófi í formáli.
- iii. forníslenskar textaæfingar
16 st.
- iv. rannsóknaræfingar um fornþókmenntir

16 st.
15–20 hafa sótt þessi semínör að jafnaði

Kennslugögn

Byrjendanámskeið

Kristinn Jóhannesson, *Litli græni drekinn*

Kristinn Jóhannesson, *Íslensk málfræði*.

Fyrsti hluti *Dísu ljósálfs*

Íslenska 2

Svavar Sigmundsson, *Textar í íslensku fyrir erlenda stúdenta*

Vilborg Dagbjartsdóttir, *Alli Nalli*

Svavar Sigmundsson, *52 æfingar í íslensku fyrir útlendinga*

Íslenska 3

Þórunn Blöndal, *Mályrkja I*

Forníslenska

Erik Noreen, *Isländsk läsebok*

Elias Wessén, *Isländsk grammatik*

Uppsálar

Kennsla:

Haust 1998:

- i. fyrirlestrar um íslensku
4 st., 80–100 nem. (ekki próf?)
- ii. íslenska 1
32 st., 14 nem.
- iii. íslenska 2
32 st., 10 nem.
- iv. íslenska 3
24 st., 9 nem.
- v. íslenskar fornbókmenntir
18 st., 3–5 nem.

Vor 1999:

- i. fyrirlestrar um íslensku
4 st., 30–40 nem.
- ii. íslenska NoB:3
skyldunámskeið fyrir þá sem lesa norræn mál
20 st., 8 nem.
- iii. íslenska 1
32 st., 12 nem.
- iv. íslenska 2
32 st., 2 nem.

- v. íslensk menning og samfélag
10 st., 4 nem.
- vi. íslenskar nútímabókmenntir
14 st., 8 nem.

Kennslugögn:

Byrjendanámskeið

Málfræðikompendum sem þróað hefur verið í Uppsölum af núverandi og fyrrverandi kennurum

Ingigerður Fries, *Lärobok i nutida isländska*

Kristinn Jóhannesson, *Litli græni drekinn*

Vilborg Dagbjartsdóttir, *Alli Nalli* (fyrstu kaflar)

Íslenska 2

Smásögur, kaflar úr skáldverkum og blaðatextar

Málfræðihefti tekið saman af Veturliða Óskarssyni

I. Fries, *Lärobok i nutida isländska*

Tvær kvikmyndir (*Börn náttúrunnar* og *Karлакórinn Hekla*)

Fornbókmenntir

Laxdæla, Völuspá og Gylfaginning

Nútímabókmenntir

Valið efni eftir höfunda frá Hallgrími Péturssyni til Einars Más Guðmundssonar og Steinunnar Sigurðardóttur

Kiel

Kennsla:

Kennsluskylda eru 14 st. á viku, auk 2ja st. á bókasafni og viðtalstíma.

Haust:

- i. byrjendanámskeið
4 st. á viku
4 nem. luku prófi
- ii. framhaldshópur I
3 st. á viku
2 nem. luku prófi
- iii. framhaldshópur II
3 st. á viku
5 nem. luku prófi
- iv. framhaldshópur III
2 st. á viku
2 nem. luku prófi
- v. kolloquium, bókmenntir og þýðingar
2 st. á viku
3 nem. luku prófi

Vor 1999:

- i. byrjendanámskeið
4 st. á viku
10 nem.
- ii. framhaldshópur I
3 st. á viku
4 nem.
- iii. framhaldshópur II
3 st. á viku
2 nem.
- iv. framhaldshópur III
2 st. á viku
3 nem.
- v. kolloquium, bókmenntir — Íslendingasögur
2 st. á viku
1 nem.

Kennslugögn:

Rita Duppler og Astrid van Nahl, *Isländisch für Anfänger*

Ýmislegt ljósritað efni tekið saman af núverandi og fyrri sendikennurum

Barnabækur (s.s. *Palli var einn í heiminum*, *Ástarsaga úr fjöllum*), söngur á segulbandsspólum, myndbönd, efni úr *Morgunblaðinu*, o. s. frv.

München

Kennsla:

Kennsluskylda eru 13 st. á viku. Talað var um að hækka hana í 16, en það komst ekki til framkvæmda

Sumar 1998 (maí–júlí):

- i. framhaldsnámskeið I
5 st. á viku
7 hófu nám, 6 luku prófi
- ii. framhaldsnámskeið III
4 st. á viku
2 nem. luku
- iii. kontrastíf málfræði (valnámskeið)
2 st. á viku
5 nem.
- iv. forníslenska
2 hópar, 2 st. hvor (?)
23 nem. í hvorum hópi, 33 nem. luku prófi

Vetur 1998–99 (nóv.–feb.)

- i. byrjendanámskeið í nútímaíslensku
5 st. á viku

19 hófu nám, 10 luku prófi

- ii. framhaldsnámskeið II í íslensku
4 st. á viku
10 sóttu námsk., 5 tóku próf
- iii. samanburður á forníslensku og nútímamáli
2 st. á viku
2 nem.

2 nem. tóku Zwischenprüfung í íslensku en það er í fyrsta skipti í mörg ár sem einhver stefnir á ísl. sem aðalmál í meistaraþrófi.

Kennslugögn:

Upplýsingar vantar.

Erlangen

Kennsla

Nútímaíslenska er einungis kennd í stundakennslu, en aðeins er einn norrænn sendikennari í Erlangen

Vetur:

- i. íslenskt mál fyrir byrjendur
2 st. á viku
7 hófu nám, 5 luku námsk.
- ii. framburður og málnotkun fyrir byrjendur
1 st. á viku
7 hófu nám, 5 luku námsk.
- iii. námskeið í íslensku III fyrir framhaldsnemendur
2 st. á viku
7 sóttu nám

Sumar:

- i. íslenskt mál II
2 st. á viku
3 nem.
- ii. íslenska IV fyrir framhaldsnema af vetrarmisseri
2 st. á viku
7 nem.
- iii. málnotkun IV fyrir framhaldsnemendur
1 st. á viku
7 nem.

Kennslugögn:

Íslenska I

R. Duppler og A. van Nahl, *Lehrbuch des Isländischen
Framburður og málnotkun*

Ari Páll Kristinsson, *The Pronunciation of Modern Icelandic*
Íslenska III

Jón Gíslason og Sigríður Þorvaldsdóttir, *Málnotkun*

Steinunn Sigurðardóttir, *Ástin fiskanna*.

Íslenska IV og málnotkun IV

Smásögur eftir ýmsa höfunda

Svavar Sigmundsson, *52 æfingar í íslensku*

Vín

Kennsla.

Kennsluskylda eru 10 tímar á viku — hefur kennt tvo aukatíma vegna skiptingar hóps.

Hefur aukið áhugann á íslenskunni, en telur hana ekki samt tryggja í sessi.

Vetur 1998–99:

- i. íslenskt mál 1
4 st. á viku
20 nem. byrjuðu, 10 stunduðu nám til enda, 7 luku prófi
- ii. íslenskt mál 3
2 st. á viku
skipt í 2 hópa; 7 nem. úr Norðurlandafræðu, 3 annars staðar frá. 8 luku prófi
- iii. hljóðfræði
2 st. á viku
6 luku prófi
- iv. bókmenntir síðmiðaldir til nútíma
2 st. á viku (á þýsku)
2 nem.

Sumar 1999

- i. íslenskt mál 2
4 st. á viku
7 nem sækja reglulega
- ii. íslenskt mál 4
2 st. á viku
9 nem. í tveimur hópum
- iii. Gegenwartsgrammatik
2 st. á viku
5 nem.
- iv. isl. Landeskunde
2 st. á viku
yfirlit yfir náttúru, sögu, menningu og samfélag Íslands á 20. öld (á þýsku).
9 nem.

Kennslugögn:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

París

Kennsla:

Kennsluskylda eru 10 st. á viku, en sendikennari kenndi 12 st. á viku í 26 vikur. Miklar sveiflur eru í fjölda nemenda þar sem nútímaíslenska telst ekki til skyldu, jafnvel ekki nem. í norrænum málum. Fjöldi nemenda er því óljós af skýrslu

Haust.

- i. IS 110, íslenskt mál á 1. ári
3 st. á viku
- ii. IS 210, íslenskt mál og kynning á ísl. menningu fyrir nem. á 2. ári
4 st. á viku
- iii. Á þriðja ári á að kenna tvö námskeið, 2 st. á viku hvort misseri (?), þ.e. IS 319, íslenskt mál, og IS 330, bókmenntir (þessi námskeið féllu niður 1998–99 en kennslu var bætt á 2. ár). Auk þess kenna fastir kennarar (Régis Boyer og Einar M. Jónsson) námskeið um málfræði og menningu.

Vor.

- i. IS 111, íslenskt mál á 1. ári (frh. af 110)
3 st. á viku
- ii. IS 211, íslenskt mál og kynning á ísl. menningu fyrir nem. á 2. ári
4 st. á viku

Kennslugögn:

Magnús Pétursson og Emil Eyjólfsson, *Manuel d'Islandais*
Skáldsögur á efri stigum

Caen

Kennsla.

Haust:

- i. nútímaíslenska (1. árs nemar)
3 st. í 12 vikur
- ii. nútímaíslenska (2. árs nemar)
3 st. í 12 vikur
- iii. forníslenska (3. árs nemar)
1 st. í 12 vikur
- iv. forníslenska (4. árs nemar)
2 st. í 12 vikur
- v. menning — civilisation (2. árs nemar)
1 st. í 13 vikur
- vi. íslenskukennsla við málvísindadeild
1 st. í 12 vikur
75 nem.

Vor.

- i. nútímaíslenska (1. árs nemar)
3 st. í 13 vikur
- ii. nútímaíslenska (2. árs nemar)
3 st. í 13 vikur
- iii. forníslenska (3. árs nemar)
1 st. í 13 vikur
- iv. forníslenska (4. árs nemar)
2 st. í 13 vikur
- v. saga Íslands (1. árs nemar)
2 st. í 13 vikur
- vi. íslenskar bókmenntir (2. árs nemar)
1 st. í 13 vikur
- vi. íslenskukennsla við málvísindadeild
1 st. í 13 vikur
75 nem.

Kennslugögn:

Tungumálakennsla

Magnús Pétursson og Emil Eyjólfsson, *Manuel d'Islandais*

Sýnishorn af öðrum textum, s.s. barnabókmenntir, og léttar sögur á fyrsta ári, léttar sögur, greinar úr dagblöðum, textar um sögu Íslands, myndefni, bæklingar fyrir ferðamenn, o.s.frv.

Forníslenska

Valdir kaflar úr *Eiríks sögu rauða*, *Njáls sögu*, *Strengleikjum*, *Tristrams sögu* og *Gylfaginningu*.

Lyon

Kennsla:

Sæmileg aðsókn er að fyrsta ári (15 sóttu tíma að staðaldri á haustmísseri, 10 á vormísseri og þar af luku 9 prófi um vor). Engir voru á 2. ári, en þeim tímum sem þannig féllu niður kenndi sendikennari tvö önnur námskeið á 2. mísseri.

Haust:

- i. íslenskt mál
4 st., alls 50 st.
- ii. íslensk menning
4 st., alls 50 st.
- iii. íslenska IIA, tungumál
2 st. á viku, alls 25 st.
- vi. íslenska IIA, þýðingar

2 st. á viku, alls 25 st.

- iii. íslenska IIIA,
2 st. á viku, alls 25 st.

Vor.

- i. íslenska I
2 st. á viku, alls 25 st.
- ii. íslenska IIB, tungumál
2 st. á viku, alls 25 st.
- iii. íslenska IIB, þýðingar
2 st. á viku, alls 25 st.
- iv. íslenska IIIB
2 st. á viku, alls 25 st.

Auk þess virðist einhver kennsla hafa verið fyrir lengra komna nema, en ekki er greinilegt af skýrslu hversu mikla kennslu þeir fengu.

Kennslugögn:

Langue découverte

Magnús Pétursson og Emil Eyjólfsson, *Manuel d'Islandais*

Árni og Erna (barnasaga), *Litli græni drekinn*,

Jón H. Jónsson, *Øvelsehefter i islandsk*

Islandais I

Magnús Pétursson og Emil Eyjólfsson, *Manuel d'Islandais*

Textar fyrir erlenda stúdenta

Ýmsir textar úr barna- og unlingabókum

Islandais III

Guðbergur Bergsson, *Svanurinn*

Einar Már Guðmundsson, *Englar alheimsins*

Svavar Sigmundsson, málfraeðiaefingar, auk fjölda blaðagreina.

London

Kennsla.

- i. inngangur að íslensku, „old and modern“
þrjú kennarar skiptu með sér námskeiðinu sem taldist 1/8 ársnáms
18 nem., 16 tóku próf
- ii. millinámskeið
2 nem.
- iii. lokanámskeið
1 nem.
- iv. sérstakt námskeið fyrir lengra komna
1 nem.

Kennslugögn:

Inngangsnámskeið

Michael Barnes, kennslubók í forníslenskri málfræði

Lokanámskeið

Lesnir kaflar úr ýmsum ritum, s.s. Þjóðsögum Jóns Árnasonar, Dægradvöl Benedikts Gröndals, Ferðabók Tómasar Sæmundssonar, Ævisögu Jóns Steingrímssonar, o.s.frv.

Kristján Kristjánsson, „Hverjir eiga að bíta við útgarðana?“

Þórunn Blöndal, *Mályrkja II*

Mörður Árnason, *Málkrókar*

VIÐAUKI 2

Spurningarlisti til kennara íslenskukennara við erlenda háskóla

Til að afla nánari upplýsinga um nokkur af þeim atriðum sem nefnd voru í erindisbréfi menntamálaráðuneytis vegna úttektar á kennslu í íslensku við erlenda háskóla var sendur út spurningarlisti á póstlista sendikennara með aðstoð Kristins Jóhannessonar lektors í Gautaborg og Stofnunar Sigurðar Nordals. Allflestir sendikennararnir sendu inn svör við spurningunum og einnig nokkrir kennarar sem ekki teljast sendikennarar. Spurningalistinn og svör kennaranna fylgja hér á eftir.

1. Hver eru að þínum dómi meginmarkmið þess háskóla sem þú starfar við með því að hafa íslenskukennslu á boðstólum? Telurðu að kennslan eins og hún er skipulögð uppfylli þau markmið?
2. Tengist íslenskukennsla öðru námsframboði við háskólann, og þá með hvaða hætti? Telurðu þau tengsl fullnægjandi eða þættu þér æskilegar einhverjar öðru vísi tengingar í námsbrautum eða skipulagi?
3. Hversu margir nemendur stunda nám í íslensku á yfirstandandi háskólaári? Hver eru einkenni þessara nemenda, þ.e.a.s. aldursdreifing, áhugasvið, markmið með náminu o.s.frv.
4. Hvaða möguleika eiga þeir sem lokið hafa íslenskunámi á frekara námi, starfi eða fræðastörfum á því sviði?
5. Hverja telurðu helstu kosti og galla á núverandi fyrirkomulagi íslenskukennslu við háskólann og hverju mundirðu helst vilja breyta?
6. Samkvæmt síðustu ársskýrslum nokkurra sendikennara er núverandi staða íslenskukennslu víða óviss vegna niðurskurðar og róttækra skipulagsbreytinga. Ef um slíkt er að ræða, telurðu að ráðuneytið gæti á einhvern hátt skorist í leikinn? Hvernig telurðu að ráðuneytið geti stutt íslenskukennslu eða stuðlað að því að festa hana betur í sessi? Má eitthvað læra af stuðningi annarra Norðurlandþjóða við sína móðurmálskennara?

Kaupmannahöfn

1. Í lýsingu á námskeiðinu segir að íslenska hafi varðveitt fleiri einkenni þess tungumáls sem talað var á Norðurlöndum á miðöldum en önnur norræn mál og því sé kunnátta í íslensku nauðsynleg til skilnings á þróun og samhengi norrænna mála. Íslenskt nútímamál er kennt hér í tengslum við forníslensku og nemendur í forníslensku eru hvattir til að sækja einnig námskeið í nútímaíslensku.
2. Nútíma íslenska er eitt af þeim valfögum sem flokkast undir “Nordiske sprog” ásamt forníslensku, færeysku og sænskum og dönskum miðaldatextum. Ég held að það eigi þar ágætlega heima.

3. Það eru um 5 nemendur sem læra íslensku og aðrir 5 sem sækja tíma í íslenskum bókmenntum en þær eru lesnar þar í dönskum þýðingum. Nemendurnir eru milli tvítugs og þrítugs og flestir eru danskir og hafa dönsku sem aðalfag. En auk þess hafa verið þrír útlendingar sem eru í norrænum fræðum í sínu heimalandi. Þeir sem eru að læra nútímaíslensku hafa flestir lært forníslensku áður. Flestir þeirra hafa áhuga á að fara til Íslands og læra meira í íslenskum/norrænum fræðum.
4. Íslenskunámið er hluti af námi í dönsku og með cand.mag. próf í dönsku kemur margt til greina. Til þess að ljúka því prófi er íslenska þó alls ekki nauðsynleg. Stúdentar sem lært hafa íslensku geta hugsanlega fengið tímavinnu við *Ordbog over det norrøne prosasprog* en þeir sem hafa lokið námi eiga hins vegar ekki kost á vinnu þar. Almennt verður að segja að þeir sem hafa lokið prófi í íslensku eigi um fátt að velja þar sem námið nýtist þeim beint. Þó má segja að þeim fáu sem ætla sér að taka nám í norrænum fræðum alvarlega og leggja slíkt fyrir sig sé námskeiðið í íslensku bráðnauðsynlegt.
5. Það er ótvíræður kostur að íslenska er valgrein meðal annarra norrænna mála og hluti af námi í dönsku. Það er árangur af breytingu sem gerð var meðan Bergljót Kristjánsdóttir var hér lektor. Ég tel ekki ástæðu til að breyta því á næstunni.
6. Hvers konar stuðningur er vissulega vel þeginn. Mér dettur helst í hug að það gæti verið hvetjandi og uppörvandi að fá styrk til að bjóða íslenskum rithöfundum að koma til Kaupmannahafnar og lesa upp úr verkum sínum (og þýðingum hugsanlega) fyrir stúdenta í íslensku.

Margrét Eggertsdóttir

Bergen

1. Í norskunáminu er lögð áhersla á hið norræna samhengi og því eðlilegt að íslenska, sænska og danska séu hluti af því námi (og færeyskan ætti auðvitað líka heima hér). Hvað varðar íslenskuna þá held ég að kennslan geri það á nokkuð fullnægjandi hátt, því þar er lögð áhersla á að rekja þróun íslenskunnar frá norrænu, en jafnframt að veita nemendum innsýn í þá þætti sem eru sérstakir fyrir íslenskt mál.
2. Hluti íslenskunnar sem boðið er upp á er kennd á svonefndu mellomfagi (2. ár) og þar er hún hluti af skyldu. Þetta er s.s. íslenskt nútímamál en önnur fög innan skyldu eru norsk og almenn málvísindi, norskar og almennar bókmenntir, eldri textar og norsk málsaga.

Einnig kenni ég íslenskt aukafag sem er misserisnám og hægt er að nota það með öðrum greinum til þess að fá cand.mag gráðu við heimspekideild (svarar til BA-gráðu). Þar er lögð áhersla á nútímamálið, bókmenntir og samfélag.

Sjá annars svar við sp. 5.

3. Á mellomfaginu eru 8 nemendur en 4 nemendur í íslensku aukafagi. Stúdentar eru óvenjufáir nú, ef miðað er við meðaltal þriggja ára á undan, og líklega er þetta

tímabundið ástand. Þeir nemendur sem taka „mellomfag“ eru á aldrinum 20–25 ára, en á „delfaginu“ er dreifingin meiri, þetta á bilinu frá 23–45 ára. Nemendur á mellomfagi taka flestir höfuðfag (M.A.-stig), en mellomfagspróf veitir rétt til þess að kenna í menntaskóla og einhverjir fara líka þá leiðina. Nemendur í íslensku aukafagi vilja læra grunnatriði íslensks máls og eitthvað um bókmenntir og samfélag með það að markmiði að fara til Íslands, til þess að læra meira þar.

4. Þeir nemendur sem ljúka námi í íslensku sem aukafag hafa enga möguleika til þess að læra meira í íslensku hér við háskólann, nema þá lektorinn bjóði upp á valnámskeið innan „mellomfags“ eða „höfuðfags“ um íslensk efni, sem hann hefur gert af og til. Flestir fara út í kennslu, en færri hafa metnað til þess að verða fræðimenn. En eins og áður sagði, nemendur geta notað misserisnámið með öðru námi til þess að öðlast cand.mag.-gráðu.
5. Æskilegt væri ef hægt væri að bjóða upp á framhaldsnám í íslensku, þannig að íslenskunámið næði yfir eins og eitt ár. Þá væri hægt að bjóða upp á Íslensku I þar sem grunnatriðin væru kennd, og svo Íslensku II þar sem farið væri dýpra í hlutina og nemendur æfðir í tali og skrift. Þetta væri æskileg tilhögun gagnvart stúdendum því það er fyrst eftir nám í íslensku aukafagi sem þeir geta farið að nota íslenskuna eitthvað, t.d. til þess að tala og skrifa og lesa bókmenntir sér til gagns. Og slík tilhögun yrði eflaust til þess að efla íslenskunámið hér. Hún hefði auðvitað í för með sér aukna kennslu fyrir lektorinn á kostnað annarra þátta eins og rannsókna, en möguleikann mætti athuga.
6. Já, ég held að ráðuneytið ætti að athuga vandlega þann möguleika að styrkja íslenskustöðurnar til jafns við fjárframlög frá viðkomandi þjóðum. Eins og þetta er nú greidda Norðmenn bæði stöðuna hér og svo norsku stöðuna heima, að mér skilst, og er því í sjálfsvald sett hvað þeir gera við íslenskustöðuna hér. Tæki nú íslenska ríkið sig til og greiddi eins og helminginn á móti Norðmönnum væri staðan önnur; þá væri erfiðara að „frysta“ þessar stöður í hvert skipti sem harðnar á dalnum, eins og nú er. Fyrirsjáanlegt er að staðan verði fryst þegar ég læt af störfum og nú þegar hefur sænska lektorsstaðan verið fryst í á þriðja ár, og danska staðan verður fryst í vor þegar danski lektorinn hættir. Og þessar „fyrstingar“ virðast eiga að gilda um ótiltekinn tíma.

Þorsteinn Indriðason

Ósló

1. Markmið íslenskukennslunnar eru nokkuð mismunandi eftir því hvort stúdentar velja íslensku sem grunnfag (eins árs nám) eða hvort þeir sækja einstök námskeið í íslensku (skyldubundin eða valfrjáls). Ef gengið er út frá æðsta markmiði (fyrir íslensku sem grunnfag), þá er það að gefa innsýn í tungumál, bókmenntir og menningu Íslendinga allt frá miðöldum og fram til okkar daga, með sérstaka áherslu á nútímann.

Kennslan ætti að geta uppfyllt þessi markmið, a.m.k. að verulegu leyti. Það er reglulega boðið upp á inngangsnámskeið um íslenskt mál, yfirlitsnámskeið um íslenskar bókmenntir að fornu og nýju, og þar að auki námskeið um einstök afmörkuð efni (t.d. skáldverk Halldórs Laxness). Ef til vill má segja að

tungumálakennslan eigi nokkuð undir högg að sækja. Vegna dræms áhuga stúdenta hefur verið boðið upp á fá framhaldsnámskeið í íslensku hin síðari ár. Þegar stúdentar, sem langar til að læra meira, birtast svo skyndilega og óska eftir meiri kennslu, hefur lítið verið hægt að gera (kennslan er jú skipulögð hálf ár fram í tímann).

2. Já, kennslan tengist náíð öðru námi í „Seksjon for nordisk språk og litteratur“. Námskeið í íslensku máli er skyldubundið fyrir þá sem leggja stund á norsku, en auk þess eru sterk tengsl milli kennslu í íslensku og kennslu í norrænni fílólógíu. Þessi tengsl eru að mínu mati eðlileg og vandræðalítill, og heildarskipulag annarra námsgreina hefur ekki boðið upp á stórkostlegar breytingar.
3. Þetta ár er enginn reglulegur nemandi í íslensku grunnfagi, en 2–3 hafa þó áhuga á að ljúka slíku námi í nánustu framtíð. Um 30 norskunemar sækja skyldubundið námskeið í íslensku og um 15 nemandar í norsku og norrænni fílólógíu sækja valfrjálst námskeið í norrænni sagnaritun. Aldursdreifing nemenda er talsverð, á bilinu u.þ.b. 20 til 55 ára; langflestir eru þó á þrítugsaldri (20–25 ára). Áhugasvið þeirra eru væntanlega norska og norræn fílólógía, en einhver hluti nemenda hefur auk þess eitthvert annað fag (sem aðalgrein eða hliðargrein). Margir stefna trúlega að kennslu í norsku í framhaldsskólum.
4. Fyrir áhugasama á að vera mögulegt að stunda doktorsnám, a.m.k. í íslensku máli, við Háskólann í Ósló, og doktorsritgerðir með snertipunkta við íslenskt mál eru ekki óþekktar. Ég á hins vegar ekki von á að það sé stór markaður fyrir fólk sem er sérstaklega menntað í íslensku. Við einstakar stofnanir háskólans, t.d. Seksjon for nordisk språk og litteratur, Seksjon for leksikografi og Senter for studier i vikingtid og nordisk middelalder, er þó fólk í starfi sem hefur lagt sig eftir íslensku, ýmist vegna áhuga á norrænum málum eða norrænum fornþókmenntum.
5. Ég tel að núverandi fyrirkomulag bjóði upp á marga kosti og að þeir nemendur sem hafa raunverulegan áhuga á íslensku eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Helsti ókosturinn er hins vegar skortur á sveigjanleika. Allt nám miðast við stúdenta sem eru í föstu prógrammi sem á bara að taka ákveðinn tíma og ljúka með ákveðnu móti. Fólk sem langar að læra íslensku eða um íslenskar þókmenntir bara áhugans vegna á fárra kosta vöð. Að koma til móts við þetta fólk er því miður ómögulegt innan þess kerfis sem Háskólinn í Ósló er.
6. Það er ljóst að sendikennarastaðan í Ósló á mjög undir högg að sækja. Ástæða þessa er fyrirhugaður niðurskurður innan Háskólans í Ósló, en ráðgert er að skera fastar kennarastöður niður um 10% á næstu árum (fyrir 2005) vegna almennrar fækkunar stúdenta við háskólann og vesnandi fjárhags norska ríkisins. Þetta þýðir það að leggja þarf niður þrjár stöður í Seksjon for nordisk språk og litteratur þar sem íslenskan á heima. Íslenskustaðan hefur ítrekað verið nefnd í þessu samhengi, bæði vegna fárra stúdenta í íslensku en þó einkum vegna þess að stofnunin hefur einnig fasta prófessorsstöðu í íslensku (Kjartan Ottósson). Hvað gerist ræðst væntanlega fyrir 2003 þegar minn ráðningartími rennur út, en ljóst er að margir munu þrýsta á að staðan verði þá fryst um óáveðinn tíma (sem gæti orðið til frambúðar).

Það er í raun og veru erfitt að finna góð rök gegn slíkri ráðstöfun, enda stafar hún ekki af óvild í garð íslenskunnar sem slíkrar (þess má geta að sendikennara-

stöður í sænsku og dönsku við Háskólann í Bergen hafa ekki verið mannaðar um nokkurt skeið vegna sparnaðar í kerfinu og ekkert virðist benda til þess að breytingar verði þar á á næstunni). Við sem viljum hag íslenskunnar sem mestan höfum vissulega reynt að klóra í bakkann með bréfaskrifum og samtölum við þá sem hafa um þetta mál að segja, en ljóst er að þegar upp er staðið munu fjárhagslegu rökin vegna þungt. Fólki hér er líka fyllilega ljóst að Norðmenn greiða ekki aðeins laun þriggja háskólakennara í íslensku í Noregi, heldur einnig laun norska sendilektorsins á Íslandi, og mörgum finnst slíkt ekki vitna um mikla löngun Íslendinga til að viðhalda og efla menningarsamskipti þjóðanna tveggja. Eða hvers vegna skyldu Norðmenn ekki fremur velja að skera niður sendikennarastöðu í íslensku en kennarastöðu í norsku máli eða bókmenntum. Mín niðurstaða er sem sagt sú að Íslendingar verði að leggja meira af mörkum peningalega séð vilji þeir halda sendikennarastöðunni í Ósló, og þar ráða íslensk stjórnmál og menntamálaráðuneytið mestu.

Þórir Óskarsson

Gautaborg

1. Það verður að segjast eins og er að áhugi háskólayfirvalda hér á kennslu í málum eins og íslensku er takmarkaður. Stafar þetta einkum af fjárhagsástandum. Fyrir 2 árum var kennsla í finnsku lögð niður og sama er að segja um kennslu í hollensku. Próferssorsstaða í latínu og önnur í samamburðarmálfræði hafa verið frystar. Þeim fjármunum, sem til er, er heldur varið til kennslu mála einsog ensku, þýsku, frönsku. Stofnunin hefur hingað til hrósað sér af því að hafa fullgóða kennslu í norðurlandamálum, en þegar danski lektorinn sagði upp störfum í haust var í stað hans ráðinn tímakennari án lokaprófs á háskólastigi í dönsku. Umræður hafa verið í gangi að leysa kennslu í dönsku og norsku með gagnkvæmum samningum við háskóla í Noregi og Danmörku um skipti á fólki í doktorsnámi, sem myndi kenna móðurmál sín. Kennslustjóri stofnunarinnar hefur talið að það fé sem stofnunin fær fyrir nemendafjölda í íslensku sé ekki nægilega mikið til þess að greiða stöðuna í íslensku, enda starfa ég að fjölmörgum öðrum verkefnum á vegum stofnunarinnar. Það íslenskunámskeið, sem er í tengslum við norrænu, er algert byrjendanámskeið. Það veitir að vísu staðgóða þekkingu á grundvallaratriðum tungumálsins en er sem slíkt til takmaðra nota fyrir nemendur. Framhaldsnámskeið eins og forníslenska eru ekki lesin nema af litlum hluta nemenda og þar með eru þessi námskeið ekki sjálfgerður þáttur í t.d. doktorsnámi. Stofnunin sem slík nýtir sér því hvergi nærri þá möguleika sem fyrir hendi eru og gildir það jafnt um íslensku sem um dönsku og norsku. Hér er auðvitað rétt að taka fram, að stofnanir þær sem bera nöfnin *Institutionen för nordiska språk* eða *Institutionen för svenska* leggja að sjálfsögðu aðaláhersluna á kennslu í móðurmálinu.
2. Öll námskeið í íslensku eru 5 eininga námskeið, þ.e. ætlast er til 5 vikna vinnu. Þessi vinna getur þó dreifst á lengri tíma. Þau eru opin öllum stúdentum. Byrjendanámskeið í íslensku er þó einnig hluti af námi á annarri önn í norrænum málum. Það eru einu beinu tengsl íslenskunáms við annað nám í háskólanum. Það er jákvætt að námskeiðin eru opin öllum nemendum, því þannig nást nemendur sem lesa eitt eða tvö námskeið í íslensku meðfram öðru óskyldu námi, en æskilegt hefði verið að fleiri námskeið en hið fyrsta væru hluti af námi í norrænu. Jafnframt væri æskilegt að nám í íslensku eða „um íslensku“ væri hluti af námi þeirra

nemenda sem leggja stund á norrænar bókmenntir, sögu, trúarbrögð, fornleifafræði o.s.fr. Þar sem starfsvettvangur sendikennara er innan stofnunarinnar í sænsku, sem er málfræðistofnun, hefur sendikennari ekki fengið að auglýsa námskeið í íslenskum bókmenntum, því þá er komið inn á verksvið bókmenntastofnunarinnar. Sama er að segja um sagnfræði. Ég skapaði ásamt samkennurum mínum í dönsku, norsku og finnsku námskeið um norræna sögu, atvinnulíf, pólitík og menningu almennt og þetta námskeið hefur sífellt átt undir högg að sækja innan stofnunarinnar.

3. Þegar lögð eru saman námskeiðin á vor og haustönn lætur nærri að um 60 manns lesi byrjendanámskeið, 25 manns námskeið 2 og 10 manns framhaldsnámskeið. Yfirgnæfandi hluti nemenda á byrjendanámskeiði eru stúdentar milli tvítugs og þrítugs, þó nær tvítugu. Um það bil þriðjungur þessara nemenda les námskeiðið í tengslum við annað nám (*nordiska språk*). Aðrir nemendur lesa vegna þess að þeir eru í námi sem tengist íslenskri menningu að einhverju leyti (bókmenntum, sagnfræði, fornleifafræði, trúarbragðasögu, o.s.frv.), enn aðrir vegna persónutengsla við Íslendinga eða íslensk málefni (hestar)
4. Próf í íslenski eitt og sér veitir engin réttindi til starfa. Nokkrir nemenda í íslensku hafa orðið þýðendur (einkum eftir að hafa dvalist í framhaldsnámi á Íslandi). Einn nemandi hefur lokið doktorsprófi með ritgerð um handritafræði og hefur starfað innan þess geira síðan, en vegna öryggisleysis í framfærslumálum hefur hann sótt um og fengið sænskt lektorsstarf við háskólann í Växjö (Karl. G. Johansson). Áhugi stofnunarinnar eða háskólayfirvalda á að veita honum tækifæri til þess að starfa innan síns sérfræðivettfangs er sem sagt takmarkaður. Til þess að þessu fólki gefist tækifæri til þess að starfa að áhugamálum sínum þarf sérgreidd verkefni — „projekt“ og það reynist erfitt að koma þeim á.
5. Það er ljóst að nemendafjöldinn í íslenskunámi innan þess ramma sem greiddur er af háskólayfirvöldum nægir ekki til þess að kosta sendikennarastöðu. Vegna þessa hefur sendikennari sífellt orðið að réttlæta starf sitt á ýmsa vegu — m.a. með því að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina. (Ég var um 7 ára skeið forstöðumaður stofnunar, 3 ár umsjónarmaður bygginga heimspekideildar, hef um allmörg ár séð um útgáfustarfsemi stofnunarinnar.) Námskeið, sem sendikennari hefur boðið upp á, eins og málstofur um fornnorrænar bókmenntir og menningu (í upphafi í samvinnu við Lars Lönnroth prófessor), og sem hafa orðið vinsæl meðal nemenda í skyldum greinum og orðið til þess að að minnsta kosti þrír doktorsnemendur hafa lokið prófum í tengdum greinum (Karl G. Johansson, norræn mál, Mats Malm, bókmenntir, Henrik Jansson, saga) og sem hafa orðið til þess að t.d. fornsagnaþingið var haldið í Gautaborg — hafa hingað til ekki verið reiknuð inn í starf sendikennarans jafnvel þó að þetta sé kannski einn mikilvægasti hluti starfsins — að auka breiða kunnáttu og áhuga á íslenskri menningu. Það er algerlega afgerandi bæði hér í Gautaborg og á mörgum stöðum öðrum að til komi fjármagn (utan grunnkennslufjárveitinga háskólanna) sem greiði hluta af launum sendikennara. Einungis á þann hátt verður hægt að halda þessum stöðum í framtíðinni og einungis á þann hátt nýtast þessar stöður sem kynning á íslenskri tungu, bókmenntum og menningu.
6. Sjá svar við fyrri spurningu. Benda má á að fjárhagsgrundvöllur háskóla á Norðurlöndum hefur farið versnandi og þá þrengist hlutur „smámála“ og svipaðra greina.

Benda má á lausn sem Finnar virðast vera að reyna að taka þessi störf út úr hinum venjulega ramma og styrkja þau með beinum framlögum frá ríkinu. En það krefst auðvitað svipaðra aðgerða frá öðrum löndum.

Kristinn Jóhannesson

Uppsalar

1. Íslenskukennska við Uppsalaháskóla er annars vegar hluti af skyldunámi þeirra sem lesa norræna málsögu (eða norræn mál með áherslu á málsögu; auðvitað er þar mest um að ræða sænsku og fög sem tengjast sænsku, s.s. rúnafræði), og allra þeirra sem lesa til doktorsprófs við deildina. Hins vegar er íslenska frjálst val og er haldið úti vegna þess að aðsókn í hana er góð.

Íslenska sem skyldunám er nú annars vegar forníslenska, 1 námskeið (5 einingar), og hins vegar inngangur að nútímaíslensku, 1 námskeið (3 einingar). Enn fremur fá allir væntanlegir móðurmálskennarar stutta kynningu á íslensku (4 tímar), sem og öðrum norrænum málum. Sennilegt er að nútímaíslenska falli brott eftir u.þ.b. 1–1 1/2 ár sem skyldunám vegna væntanlegra kerfisbreytinga, m.a. vegna þess að kennslu í forníslensku verður seinkað um eina önn. Nemendur sem hér er um að ræða eru tiltölulega fáir, kannski 10–12 á ári. Íslenska sem frjálst nám er nú allt að 30 einingum (6 námskeið, 5 einingar hvert, það jafngildir fullu námi í eina og hálfra önn, önnin er reiknuð sem 20 einingar fullt nám). Þessar 30 einingar er þó ekki hægt að taka sem sérstaka námsleið eða efni, eingöngu sem stök námskeið. Af þessum námskeiðum eru 2 málfræðinámskeið, eitt málnotkunarnámskeið, eitt menningarsögunámskeið og tvö bókmenntanámskeið. Nemendur í fyrsta námskeiðinu eru allmargir, um 40 koma gjarnan í fyrsta tíma, en venjulega eru nem. kringum 25 og um 15–20 fara í próf.

Markmiðið með íslensku sem skyldunámi er allljóst; talið er að ekki sé hægt að leggja stund á sögu norrænna mála án þess að þekkja til forníslensku og talið er að einnig sé nauðsynlegt að hafa nasasjón af nútímamálinu til að átta sig á þeim breytingum sem orðið hafa. Enn fremur er talið nauðsynlegt að sænskir móðurmálskennarar hafi a.m.k. einhverja vitneskju um öll norrænu málin, og liggja þar einkum að baki menningarpólitísk rök, sem varða norræna samvinnu og einingu. Þessi rök eru sterk og einföld.

Markmiðið með íslensku sem frjálsum námi er einnig nokkuð ljóst. Deildin telur það skyldu sína að halda úti kennslu í öllum norrænu málunum (færeyska er þó aðeins kynnt stuttlega) og liggja þar að baki ýmis rök. Þau menningarpólitísku, sem snúa að norrænni samvinnu og einingu, eru grundvöllurinn, en að baki liggja einnig ótvíræðar kröfur stúdenta sjálfra, sem sækjast eftir að lesa íslensku, eins og best sést á góðri aðsókn í a.m.k. fyrstu námskeiðin (Íslensku 1, Íslensku 2). Ég held ég geti einnig fullyrt að það sé sérstakur metnaður deildarinnar að geta boðið upp á einmitt nám í íslensku, og að baki því, sem og áhuga stúdentanna, liggur óvenjulega jákvætt viðhorf hér í landi til alls sem íslenskt er. Ísland, íslensk þjóð og íslensk tunga er allt talið áhugavert, spennandi og dálítið „mystískt“; hér er, eins og margir vita, gríðarmikill áhugi á íslenska hestinum, mikill áhugi á íslenskri náttúru (bæði meðal leikmanna og náttúrufræðinga), allmikill á íslenskum nútímabókmenntum og íslenskri nútímamenningu (einnig dægurmenningu, ekki síst Björk Guðmundsdóttur) og talsverður á fornri menningu og sögu og bókmenntum. Ég tel að með kennslunni, eins og hún hefur verið um árabil, sé

ofangreindum markmiðum að mestu náð. Vissulega má segja að þessi mikli almenni áhugi og sú menningarpólitík sem að baki liggur, valdi því óbeint að kennslan haldist á fremur einföldu byrjendaplani. Nemendur hafa margir hverjir tiltölulega litla reynslu af málanámi og eru gjarnan að læra íslensku fremur vegna áhuga á landi og þjóð en vegna áhuga á málinu sjálfu eða bókmenntunum. Þó eru alltaf einhverjir sem vilja læra meira og þeir fara í framhaldsnámskeiðin fjögur, Íslensku 3 (málnotkun), Menningu og samfélag 1, Nútímabókmenntir og Fornbókmenntir, og lesa jafnvel einir lesnámskeiðin Menningu og samfélag 2 og „Fördjupning í ísländskan“. Ég kenni 50% kennslu og hef því ekki tæknilega möguleika á að bjóða upp á fleiri námskeið en þau sem hér voru nefnd. Þegar ráðningarsamningi mínum lýkur (eftir 3 1/2 ár, í það mesta) mun sá sem þá verður ráðinn verða fastur kennari, annaðhvort aðjúnt, með um 80% kennslu, eða lektor, með um 70% kennslu. Þá mun sá hinn sami væntanlega geta boðið upp á a.m.k. eitt námskeið í viðbót til að uppfylla kennsluskyldu sína, og gæti það t.d. orðið á sérsviði kennarans.

2. Hluta af þessu svari má finna að ofan, fyrstu tvær málsgreinar undir lið 1, um forníslensku og nútímaíslensku sem skyldunám. Ég sé ekki fyrir mér hvernig tengslin ættu að vera öðruvísi en þau eru nú. Vissulega væri gaman að hafa enn meira framboð á kúrsum og e.t.v. hafa tengsl við bókmenntafræði og almenn málvísindi, en til þess þyrfti væntanlega fleiri kennara en einn.

3. Haustmisseri:

Íslenska 1	u.þ.b. 25 nem. 19 fóru í próf
Menningu og samfélag	5 nem. allir fóru í próf
Íslenska 2	10 nem. allir fóru í próf
Fornar bókmenntir	(námskeið féll niður vegna ónógrar þátttöku)

Vormisseri:

Íslenska 1	u.þ.b. 25 nem. 14 fóru í próf
Íslenska 2	(áætlaður fjöldi: 10)
Íslenska 3	7 nemendur
Nútímabókmenntir	(áætlaður fjöldi: 5–7)

Enn fremur hafa fáeinir tekið stöðupróf (3–4) og einn er að skrifa ritgerð í forn­bókmenntum í stað námskeiðsins sem féll niður. Þá má og nefna að ég er aðstoðarleidd-beinandi doktorsefnis sem er að skrifa um íslensk nýyrði. Það eru sem sé um 50 nemendur sem fara gegnum fyrsta námskeiðið, sem haldið er tvívegis á vetri, 33 fóru í próf en fleiri héldu út meira eða minna allt námskeiðið. Þeir nemendur sem lesa framhaldskúrsana Íslensku 2 og Menningu og samfélag koma oftast beint úr Íslensku 1, en þó er það ekki einhlítt. Nemendur sem lesa Íslensku 3 og bókmenntakúrsana eru oft nemendur í doktorsnámi eða sem hafa lesið íslensku fyrir alllöngu. Ég giska á að gegnumstreymi stúdenta í íslensku í vetur sé u.þ.b. 50 í öllum kúrsum (þ.e. virkir nemendur sem fara í próf eða halda út mestallt námskeiðið) — sjá einnig lið 1. Ég kenni ekki forníslensku, hún er á höndum sænsks málsögufræðings hér; þeir sem lesa forníslensku hjá honum eru hinir sömu og lesa íslensku sem skyldunám hjá mér, þ.e. um 10 nemendur á vetri. — Forníslenska hefur stundum verið á hendi íslensks lektors en a.m.k. síðastliðin 10 ár skilst mér að svo hafi ekki verið. Aldur og einkenni o.s.frv.: Langflestir eru fæddir milli 1975 og 1979. Margir eru að lesa í háskóla í fyrsta sinn — það hefur

komið mér á óvart. Mér sýnist flestir sem lesa frjálsu kúrsana (a.m.k. þeir yngri) komi vegna þess að Ísland er í tísku þessa dagana; þau eru hrifin af Björk Guðmundsdóttur, hafa heyrt íslenska popptónlist eða vita að íslensk poppmúsík er hátt metin í poppheiminum þessa stundina; öll hafa þau séð *Í skugga hrafnsins*, sem er víst fast kennsluefni í öllum sænskum grunnskólum (9. bekk, held ég); margar stelpnanna eiga íslenskan hest eða þekkingu til þeirra, hafa e.t.v. farið á hestanámskeið á Íslandi; inn á milli eru svo nemendur í jarðfræði eða annarri náttúrufræði, sem hafa áhuga á náttúru Íslands, nemendur í bókmenntum eða listasögu sem vilja sérhæfa sig, og loks nemendur í ýmsum öðrum háskólagreinum, sem e.t.v. hafa verið skiptinemar á Íslandi og stundað nám eitt ár í menntaskóla og vilja hressa upp á íslenskukunnáttuna. Þessir nemendur eru oft dálítið eldri en hinir, gjarnan fæddir milli 1970 og 1975, en einnig eru þarna nýnemar og eldra fólk. Loks eru fáeinir makar Íslendinga. — Mjög fáir eru yfir þrítugt; þó hefur það komið fyrir; þar hafa m.a. verið þýðandi sem er að kynna sér íslenskar barnabækur; menntaskólakennari sem vill geta sagt nemendum sínum meira um íslenskt mál og menningu, o.fl. Markmiðið er oft óljóst; sumir eru ekki búnir að átta sig á því hvaða nám þeir eigi að fara í og velja þá það sem þeim finnst spennandi eða forvitnilegt; þessir nemendur hætta venjulega eftir fyrsta námskeiðið og sjást ekki eftir það. Þeir fáu nemendur sem taka alla kúrsa (á 2–3 árum eða svo, varla fleiri en 6–7 nemendur á ári) eru venjulega meðvitaðir um það sem þeir eru að gera og líta á íslenskunámið sem mikilvægan þátt í því að sérhæfa sig á einhverju sviði húmanískra fræða.

4. Þeir sem ljúka öllu námi sem hér stendur til boða í íslensku geta tæplega nýtt sér það eitt og sér til mikils. Að náminu loknu eru nemendur orðnir vel stautfærir á íslensku en tala ekki mikið; þeir hafa yfirborðspekkingu á íslenskri menningu og fornum og nýjum bókmenntum en ekki miklu meira en það. Ef þeir vilja nýta sér þetta til einhvers verða þeir eiginlega að fara til Íslands og bæta þar við sig í útlendinga-deildinni eða B.A.-námi fyrir íslendinga eða öðru námi á þeirra sviði. Vitaskuld er íslenskan mjög heppileg, og eiginlega nauðsynleg, fyrir þá sem stunda framhaldsnám í sænskri og norrænni málsögu, mállyskum og nafnfræði (og jafnvel líka í nútímasænsku), en þetta eru fáir stúdentar og ekki er slegist um þá í atvinnulífínu.
5. Helsti kosturinn er líklega sá hversu mikið vald lektorinn sjálfur hefur yfir kennslunni. Ég get mótað hana nánast eins og ég vil. En um leið er þetta dálíttill galli; þetta hefur valdið því að ég hef leiðst út í of miklar tilraunir og breytt of mikið um námsefni og kennsluáferðir. Annar kostur felst í skilgreiningu starfsins, eins og nú er, þ.e. að kennsla er um 50% en afgangurinn eigi að fara í rannsóknir eða annað; þetta sér til þess að kennslan verður aldrei yfirþyrmandi mikil, eins og mér sýnist hún gjarnan vera hjá kollegum mínum hér sem kenna 70–80%.

Á þessari stundu er það ekkert sérstakt sem ég vildi breyta á róttækan hátt. Auðvitað væri gott að hafa færri námskeið og meiri tíma í hvert. T.d. væri heppilegt að geta nýtt tíma í talþjálfun í málveru en slíkt get ég ekki nú nema ég skeri af einhverjum námskeiðum, og það er tæpast gerlegt. Ég neita því ekki að sem málfræðingi þætti mér það draumafyrirkomulag að fá að kenna málfræði eingöngu og hafa almennilegan bókmenntafræðing til að kenna bókmenntanámskeiðin. — Helst vildi ég fá á mínar hendur forníslenskukennsluna, enda er það mitt fræðasvið; en þá er hætta á að skera þyrfti af öðrum námskeiðum.

6. Hér er sem betur fer ekki jafn svart útlit og í Noregi. Þó vil ég benda á að róttækar skipulagsbreytingar verða líklega gerðar á samskiptum hér á næstu 2 árum, og því breytt líklega dálítið í þá átt sem íslenskunámið er við H.Í. Þá verður nútíma-íslenska skorin burt úr skyldunáminu. Þótt mér lítist illa á það skil ég vel röksemdirnar sem liggja þar að baki. Þetta mun þó líklega ekki hafa nein áhrif á kennslu mína, bæði eru þeir nemendur fáir sem hafa farið þá leið í náminu þar sem nútímaíslenska er skyldunám, og þessir nemendur eru líklegir til að koma í námskeiðið Íslenska 1 örlítið seinna í námi sínu. En þar sem ég kenni ekki forníslensku mun þetta leiða til þess að þegar þar að kemur kennir íslenskur lektor ekkert skyldunámskeið; það lítur illa út og gæti orðið vatn á myllu þeirra sem hugsanlega vildu ýta íslenskunni alveg burt. Slíkt er ekki inni í umræðunni nú, a.m.k. ekki innan deildarinnar, en háskólanum er gert að spara mikið þessa dagana og helst á kennslan að standa undir sér, svo að vel er hugsanlegt að markaðsfræðimenntaðir skipulagsfræðingar grípi tækifærið ef þeir koma auga á það, a.m.k. ef aðsókn í frjáls námskeið í íslensku dregst saman. Aðsóknin hefur almennt verið að dragast saman síðustu misseri í húmanískar greinar, og ég hef dálítið orðið var við það sjálfur, þó að ég sé víst talinn mjög heppinn með það hversu nemendur eru áhugasamir um íslensku; sem dæmi má nefna að á vorönn 1998 sóttu um 100 manns um að komast í íslensku, það var vegna mistaka sleppt inn 80 og var þá Íslenska 1 kennd tvískipt (mig minnir að um 40 hafi þá farið í próf); nú er aðsóknin miklu minni, þó að enn sé ekki komið að neinum hættumörkum. Ég held að það mikilvægasta sem ráðuneytið gæti gert, sem myndi raunverulega styrkja íslenskukennsluna hér og festa hana enn frekar í sessi, væri að greiða með henni (að hluta eða að fullu). Mikil kostur væri líka að fá sem allra mest af fræðiritum, ég fæ nú 25 þúsund krónur á ári til að kaupa slík rit og það nær ekki langt.

Veturliði Óskarsson

Helsinki

1. Til glöggvunar set ég hér kafla úr greinargerð minni vegna væntanlegrar handbókar sendikennara, þótt þar fljóti ýmislegt með sem ekki skiptir máli fyrir úttektina:

1. Umhverfi og aðstæður íslenskukennslu

1.1. Lýsing á stofnuninni og uppbygging náms Íslenskukennslan fer fram við *Institutionen för nordiska språk och nordisk litteratur*. Stofnuninni er skipt í tvær deildir, annars vegar *Nordiska språk* og hins vegar *Nordisk litteratur*, og er sú síðarnefnda til húsa á öðrum stað en máladeildin. Fastir starfsmenn eru um 25, en þar að auki nokkrir stundakennarar og fræðimenn (þ.á m. doktorsnemar). Við stofnunina eru 5 prófessorsstöður, ein í bókmenntum og fjórar í sænsku, en eins og er gegnir enginn einni þeirra. Við stofnunina starfa lektorar í dönsku, norsku og íslensku, þar að auki lektor frá Svíþjóð, sem kennir f.o.f. bókmenntir, en undanfarin ár hefur líka starfað þar stundakennari frá Svíþjóð, sem kennt hefur s.k. „ríkissænsku“, þ.e. sænsku eins og hún er töluð og skrifuð í Svíþjóð.

Innan *Nordiska språk* eru tvær aðalbrautir, önnur ætluð nemum með finnsku sem móðurmál og er hún að sjálfsögðu fjölmennari, en hin nemum með sænsku sem móðurmál. Námið er að hluta til aðskilið fyrir nema af þessum brautum, einkum s.k. færinámsskeið, en mörg eru engu að síður sameiginleg. Á fyrsta stigi

(grundstudier) og að mestu á öðru stigi (ämnesstudier) er námsskipan sú sama fyrir alla á hverri braut fyrir sig. Allir verða m.a. að taka byrjendanámskeið í norsku (3 einingar) á fyrsta stigi og í dönsku (2 einingar) og íslensku (2 einingar) á öðru stigi. Í lok annars stigs eiga nemandur að velja sérhæfingarleið og eru þær þrjár: málvísindabraut, kennarabraut og þýðingabraut. Námið á þriðja stigi (fördjupade studier) er þannig að miklu leyti ólíkt fyrir nema á þessum brautum. Einnig er boðið upp á námsheildina *Nordiska grannspråk*, þar sem hægt er að leggja stund á norsku, dönsku, íslensku (og færeysku) sem aukagrein (20 eða 40 einingar), annaðhvort bara eitt þeirra eða tengja þau tvö eða öll í eina heild.

1.2. Íslenskunámskeið

Námskeiðin í íslensku eru sem hér segir:

A. *Grundkurs i isländska*, byrjendanámskeið í nútímamáli (sbr. hér að ofan), alls 28 kennslustundir, er sameiginlegt finnsku- og sænskumælandi nemendum. Fyrir utan undirstöðuatriðið í íslensku er nemendum lauslega kynnt helstu atriði Íslands- og bókmenntasögunnar og þau látin lesa smásögur og ljóð í þýðingum. Vegna mikils nemendafjölda er boðið upp á 4–5 hópa á hverju skólaári.

B. *Fortsättningskurs i isländska* er framhaldsnámskeið í nútímamáli, 4 stundir á viku, 56 stundir samtals og 3 einingar. Þetta námskeið er haldið reglulega annaðhvort misseri.

C. *Fördjupad kurs i isländska* er mest ætlað til að þjálfa nemendur í beinni málnotkun. Það er líka haldið reglulega annaðhvort misseri, en lengd þesshefur verið breytileg frá 2–4 tímum á viku (28–56 stundir) og verið 2–3 einingar.

D. *Fornisländska* er f.o.f. ætlað sem framhaldsnámskeið fyrir þá sem lokið hafa a.m.k. byrjendanámskeiðinu í nútímamálinu og fjallar eingöngu um forn málið. Það er haldið að meðaltali annaðhvort skólaár og er venjulega 28 stundir og 2 einingar.

E. *Översättningskurs* er sérnámskeið, þar sem nemendur æfa sig í að þýða ólíka texta úr íslensku á móðurmál sitt, þ.e. finnsku eða sænsku. Þetta námskeið er haldið eftir þörfum, oftast annaðhvort ár, og er venjulega 28 stundir og 2 einingar.

1.5. „Rekrútering“

Íslenskunámskeiðin eru auglýst í kennsluskrá heimspekideildar ásamt öðrum námskeiðum stofnunarinnar undir Nordiska språk. Auk þess eru þau auglýst í námsvísi Renvall-stofnunarinnar, sem er þverfagleg stofnun í samfélagsfræðum, en innan hennar er boðið upp á *Studiehelheten Norden* (20 einingar), þar sem nemandur geta tínt saman í einn sarp námskeið úr ýmsum greinum. Að öðru leyti er ekki rekinn neinn sérstakur áróður fyrir íslenskunni, enda nemendur að jafnaði nógu margir.

Niðurstöður: Markmiðið er að allir nemandur í norrænum málum og aðrir sem þess óska fái nasasjón af íslensku máli og menningu. Þeir sem vilja geta svo aukið kunnáttu sína og færni með því að taka framhalds- og sérnámskeið. Ég tel að kennslan uppfylli þau markmið að því marki sem unnt er.

2. Eins og fram kemur í innskotsköflum hér að ofan tengist íslenskukennslan að nokkru öðru námsframboði innan heimspekideildar (og annarra deilda raunar líka), þar sem allir geta lagt stund á íslensku sem aukagrein eða sem hluta af *Studie-*

helheten Norden. Auk þess geta flestir nemendur tekið slík námskeið innan heilda sem kallast *Fria studier* eða *Språk- och kommunikationsstudier*. Ég held að þetta verði að teljast fullnægjandi og á erfitt með að sjá að aðrar tengingar væru hugsanlegar eða æskilegar. Auðvitað mætti hugsa sér að þjóða eindregnar upp á íslensku handa nemum í t.d. almennum málvísindum eða innan málamiðstöðvar háskólans, annaðhvort með því að halda sérstök námskeið fyrir þá hópa eða með því að auglýsa núverandi námskeið í kennsluskrá þessara stofnana. En sennilega breytti það ekki miklu, því þessi möguleiki er þegar fyrir hendi, ef stúdentar átta sig bara á því, og alltaf einstaka nemendur sem nýta sér hann. Hér að ofan og neðan sést líka að nemendafjöldinn er það mikill, að með núverandi námsskipulagi væri það erfitt í framkvæmd.

3. Samsetning nemendahóps o.fl.:

Á byrjendanámskeiðinu eru flestir nemendurnir namar í norrænum málum, en inn á milli eru alltaf nokkrir utanaðkomandi, t.d. namar úr öðrum greinum, sem oft hafa verið á Íslandi, annaðhvort sem Nordplus-skiptinemar eða í vinnu (Nordjobb). Meirihluti nemenda er finnskumælandi og háir mörgum takmörkuð kunnátta í sænsku. Þekking þeirra í málfræði, almennum málvísindum og málsögu er líka oft glöppótt. Það síðasttalda á ekkert síður við sænskumælandi nemendur. Þar sem þetta er skyldunámskeið er „mótívasjónin“ mjög breytileg og ljóst að margir hafa takmarkaðan áhuga á íslenskunni sem slíkri, en vildu mun frekar fræðast um sögu og menningu (jafnvel poppmenningu) þjóðarinnar. Á framhaldsnámskeiðunum eru nemendur af sama tagi, nema hvað hlutfall þeirra utanaðkomandi er mun stærra og hafa þeir stundum verið í meirihluta. Það kemur líka oft fyrir að nemendur sem verið hafa á Íslandi við nám eða störf og kunna orðið talsvert í málinu sleppi byrjendanámskeiðinu og komi beint á Fortsättningskurs. Áhuginn á náminu er líka mun meiri og markvissari. Fjöldi nemenda er breytilegur, en oft á bilinu 5 til 10, og hyggjast þeir gjarna taka *Nordiska grannspråk* sem aukagrein.

Fjöldi nemenda á þessu háskólaári skiptist þannig: Á haustmísseri luku 34 byrjendanámskeiðinu, en á þessu mísseri taka um 20 þátt í því. Framhaldsnámskeiðinu (*Fortsättningskurs*) luku 9 í haust, en 7 eru núna á síðara framhaldsnámskeiðinu (*Fördjupad kurs*). Á þýðingarnámskeiðinu í haust voru 6 nemendur. Þetta gerir samtals um 75 manns. Ef öðrum námskeiðum er bætt við þá sátu um 20 stúdentar fornsagnanámskeiðið á haustmísseri og 7 Laxnesskúrsinn. Núna á vor-mísserinu eru bara 3 á námskeiðinu um eftirstríðsbókmenntir, en um 20 á Íslands-sögunámskeiðinu. Alls verða nemendur þannig um 125 á árinu.

Flestir nemendur eru stúlkur um tvítugt, en nokkur hluti, einkum á framhalds- og sérnámskeiðum eru 20-25 ára. Einstaka miðaldra eða jafnvel eldri namar slæðast líka með. Eins og komið hefur fram hér að ofan hafa norrænustúdentar (og aðrir líka) meiri áhuga á að fræðast um menningu og sögu Íslands en stunda nám í íslensku máli. Einkum eru námskeið í fornþókmenntum og "realíu" vinsæl. Markmið flestra nema á byrjendanámskeiðinu virðist einfaldlega vera að ljúka því, en hafa í sjálfu sér fæstir nokkuð á móti því að þurfa að gera það. Mörgum þykir það þó strembið. Markmið framhaldsnema er hins vegar oftast að ná betri tókum á íslenskunni, að minnsta kosti geta skilið venjulega texta og jafnvel líka talað mál. Þeir sem lengst halda áfram stefna gjarna að því að geta að einhverju marki beitt málinu í ræðu og riti. Hvatinn er oftast almennur áhugi á máli og menningu og hefur oft skapast af persónulegum kynnum af landi og þjóð. Sumir namar hyggjast auk þess fara í Íslands og stunda nám þar í skemmri eða lengri tíma. Einstaka namar hafa það markmið að geta þýtt úr íslensku og þá jafnvel í atvinnuskyni.

Slíkir nemar stunda flestir nám á þýðingabraut stofnunarinnar og/eða í þýðingarfræðum.

4. Möguleikar á frekara beinu námi (öðru en sjálfsnámi) í íslensku eru litlir við háskólann hér, en þeir sem vilja og hafa tækifæri til fara auðvitað til náms við Háskóla Íslands í lengri eða skemmri tíma. Hins vegar geta stúdentar skrifað lokaritgerðir um íslensk efni og það hafa nokkrir gert á undanförunum árum. Það er líka hægt að skrifa doktorsritgerð um íslenskt mál og eins og er vinna tveir doktorsnemar að því. Annar þeirra var meira að segja í s.k. doktorsskóla í tæp fjögur ár, en þá greiðir ríkið þeim laun þann tíma. Hún er nú assistent við stofnunina og reiknar með að ljúka doktorsprófi á næsta ári. Hinn lauk meistaraþrófi við stofnunina í fyrra með ritgerð um íslensk efni og undirbýr nú doktorsritgerð sína. Hún er raunar íslensk og starfar þetta árið við rannsóknarverkefni, sem ritgerðarefni hennar tengist, en það er fjármagnað af *Finlands Akademi*. Þetta sýnir að vissir möguleikar eru á að stunda framhaldsnám og fræðastörf í íslensku. Samkvæmt könnunum eru starfsmöguleikar fólks með próf í norrænum málum fjölmargir, en enginn fær fulla vinnu við íslenskukennslu, þýðingar úr íslensku eða þvílíkt. Hins vegar getur íslenskukunnátta verið mikill kostur eða búbot við ýmis störf. Einna helst gildir það þýðingar úr íslensku á finnsku eða sænsku, t.d. sjónvarps-og kvikmyndatexta eða jafnvel bókmenntaverka.
 5. Eiginlega svaraði ég þessari spurningu að nokkru leyti hér að ofan (sp. 2). Aðalkostirnir eru að allir norrænunemar fá undirstöðuþekkingu í eða a.m.k. um íslensku og sama stendur öðrum stúdentum til boða. Þeir sem vilja kafa dýpra eða „sérhæfa“ sig í íslensku og/eða íslenskum bókmenntum eiga þess líka kost. Hins vegar felur þetta í sér mikla kennslu fyrir sendikennarann, en kennsluskylda hefur líka verið mikil við hérlanda háskóla. Þetta getur t.d. þýtt að boðið er upp á jafnvel 5–6 mismunandi námskeið samtímis, sem auðvitað krefst mikillar undirbúningsvinnu, en leiðir líka til þess að erfitt er að einbeita sér að ákveðnu sviði hverju sinni, heldur verður maður svo að segja að hlaupa úr einu í annað. Það skal tekið fram að „*periodundervisning*“ er minna tíðkuð hér en í Svíþjóð. Á þessu getur þó orðið breyting í nánustu framtíð. Nú þegar er hverri stofnun að nokkru í sjálfsvald sett, hvernig hún nýtir vinnutíma starfsmanna. Þannig á lektor að geta dregið úr kennslu um tíma til að sinna öðrum verkefnum eins og rannsóknunum, samningu kennsluefnis eða stjórnun. En þar sem stöðum fækkar vegna niðurskurðar eða „árangursstýringar“ er þetta nær óframkvæmanlegt í reynd. Í undirbúningi eru nýjar starfslýsingar fyrir háskólakennara, sem gera ráð fyrir að lektorar stundi líka rannsóknir. Enn er þó alveg óljóst hvenær þær taka gildi eða hvernig þeim verður beitt við núverandi ástæður. Samkvæmt þessum tillögum verður krafist doktorsprófs til að fá veitingu fyrir lektorsstöðu. Hvaða áhrif það kann að hafa á stöður s.k. sendikennara í framtíðinni er erfitt að segja til um á þessu stigi málsins.
- Við endurskoðun námsskrár stofnunarinnar í fyrra kom fram tillaga um að norrænunemar þyrftu ekki að taka byrjendanámskeið í öllum þremur norrænu grannmálunum, eins og nú er, heldur gætu þau valið á milli þeirra, ef þeim sýndist svo. Því hefur líka oft verið haldið fram að finnskumælandi nemendum, sem margir hverjir eiga fullt í fangi með að ná góðu valdi á sænskunni, sé ofviða að setja sig auk þess inn í þrjú grannmál. Þessu var þó ekki breytt þá, en slík breyting gæti hugsanlega falið í sér lausn á fyrrnefndum vandmálum, þ.e. hægt væri að

fækka kennslustundum og sendikennari hefði þannig meiri tíma til undirbúnings og jafnvel möguleika á að stunda rannsóknir.

6. Við finnska háskóla eru flestar s.k. sendikennarastöður ekki tímabundnar, heldur fastar stöður eins og aðrar lektorsstöður. Þannig hefur niðurskurður ekki sérstaklega bitnað á þeim. Á norrænustofnuninni eru lektorötin í dönsku, norsku og íslensku því ekkert í meiri hættu en aðrar stöður. Háskólanum hefur líka tekist að fá menntamálaráðuneytið til að ábyrgjast þær stöður sem settar hafa verið á stofn vegna menningarsamninga við önnur lönd. Frá og með næsta fjárlagaári mun háskólinn fá aukafjárveitingu sem tryggja á að stofnanirnar geti fjármagnað þessar stöður eða haldið uppi kennslu í viðkomandi tungumáli, ef ekki er um fasta stöðu að ræða. Áætlað er að ríkið greiði 150 þúsund mörk með hverri stöðu og það standi undir um helmingi kostnaðar við hana. Þetta mál er að vísu ekki enn alveg komið í höfn, en ég hef komið upplýsingum um það til Úlfars Bragasonar á Stofnun Sigurðar Nordals og hann sent þær áfram til menntamálaráðuneytisins í Reykjavík. Núverandi staða lektors í íslensku hér ætti því að vera tryggð, þótt ég hyrfi úr henni. Sendikennarastöðurnar í norðurlandamálum við háskóla á Norðurlöndum eru flestar til komnar vegna Norðurlandasamnings um samvinnu á sviði menntamála (gekk í gildi 1. janúar 1972, sbr. *Stjórnartíðindi* C1 (1972), bls. 1–6). Stjórnvöldum í þessum löndum ber því hreinlega skylda til að viðhalda þeim. Finnska menntamálaráðuneytið hefur að sínu leyti viðurkennt þetta og ætti það að geta orðið fordæmi fyrir hin löndin. Ég held þess vegna að íslenska menntamálaráðuneytið geti best fest sendikennarastöðurnar í íslensku við háskólana á Norðurlöndum í sessi með því að taka á sama hátt ábyrgð á sendikennarastöðunum í norðurlandamálum (dönsku, norsku, sænsku og finnsku) við Háskóla Íslands og greiða laun þeirra að hluta eða öllu með sérfjárveitingu. Í greinargerð með væntanlegum samningi Helsinkiháskóla og menntamálaráðuneytisins um málið er sérstaklega tekið fram að hliðstæðar sendikennarastöður í finnsku séu við háskóla á hinum Norðurlöndunum, þar á meðal H.Í.

Annar stuðningur við íslenskukennslu við háskóla erlendis er í nokkuð föstum skorðum, einkum eftir að Stofnun Sigurðar Nordals var falið að sjá um hann. Ber þar fyra að nefna árlega sendikennarafundi, sem eru mjög mikilvægir, því þar geta kennararnir skipst á skoðunum og hugmyndum um m.a. kennslugögn og -aðferðir. Það er mjög brýnt að SSN fái nægilegt fjármagn til að hægt verði að halda uppi þessum fundarhöldum í framtíðinni. Bókastyrkurinn er einnig mjög mikils virði til að byggja upp og endurnýja bókasafn lektoratsins og gildi hans hefur raunar aukist á undanförunum árum. Vegna fjárskorts getur norrænustofnunin núorðið ekki lagt fram mikið fé til bókakaupa, ólíkt því sem áður var. Verð á bókum hefur líka hækkað nokkuð. Það væri því mikill stuðningur við íslenskukennsluna, ef SSN gæti hækkað bókastyrkinn eða fengi aukið fé til kaupa á kennslugögnum eða bókum, blöðum og tímaritum handa sendikennurum. Ef til vill mætti hugsa sér að stofnunin keypti hópáskrift að ákveðnum blöðum og tímaritum eins og t.d. *Morgunblaðinu*, *Skírni* og *TMM*. Einnig er mjög æskilegt að SSN fái áfram fjárveitingu til að senda íslenska fræðimenn eða rithöfundu til að halda fyrirlestra við þær stofnanir, þar sem íslenska er kennd. Við núverandi aðstæður er algjörlega útilokað að stofnanirnar hafi efni á að greiða allan þann kostnað, sem það fæli í sér.

Í stuttu máli: Sendikennarastaðan við Helsinkiháskóla er ekki í neinni hættu eins og er, hvað sem verður í framtíðinni. Þess vegna er engin þörf á beinum fjárstuðningi af íslenskri hálfu til að halda henni uppi. Aftur á móti hefur

niðurskurðurinn þrengt að stofnuninni almennt og um leið gert henni erfitt að standa undir öðrum kostnaði svo sem kaupum á bókum og tímaritum. Þannig verður sá stuðningur sem hingað til hefur verið veittur enn mikilvægari en fyrr og þyrfti að auka hann nokkuð, þó ekki væri nema til halda í horfinu.

Erlingur Sigurðsson.

Erlangen

Varðandi skipan íslenzkunáms við háskólann í Erlangen-Nürnberg tek ég hér upp fyrsta kafla starfsskýrslu minnar til Nordalstofnunar fyrir árið 1998–1999; þar fást óbeint svör við sumum af spurningum ykkar félaga. Síðan sný ég mér að spurningunum og svara þeim lið fyrir lið.

Námsskipan. Skipan náms í norrænum fræðum við norrænudeild Þýzkustofnunar (*Institut für Germanistik*) háskólans í Erlangen er óbreytt frá síðasta ári. Boðið er upp á nám til M.A.-prófs, sem tekur fjögur til fimm ár, síðan nám til doktorsprófs (*Promotion*), sem tekur um þrjú ár til viðbótar, og hyggi menn á háskólaframa og vilji hljóta prófessorshæfi (*venia legendi*), geta þeir tekið þar ofan á doktorspróf hið meira (*Habilitation*). Til M.A.-prófs og doktorsprófs (*Promotion*) nema stúdentar þrjár greinar, eina aðalgrein og tvær aukagreinar. Doktorsprófið hið meira (*Habilitation*) er á hinn bóginn ekki próf að loknu reglubundnu háskólanámi í sama skilningi og hin prófstigin tvö, heldur vísindaleg ritgerð, sem lögð er fram til mats dómnefndar, ásamt fyrirlestri um tiltekið efni með umræðum á lokaðri samkomu prófessora deildarinnar (*Kolloquium*), þ.e. í raun eins konar vörn, en ekki vörn á sjálfri ritgerðinni. Eins og sagði í skýrslu í fyrra, er í Erlangen hægt að nema norræn fræði bæði sem aðalgrein og aukagrein. Öllum stúdentum í norrænu er skylt að afla sér grunnþekkingar bæði í fornorrænu máli og bókmenntum svo og í nútímamáli og bókmenntum og Norðurlandasögu að auki. Stúdentar velja sér eitt nútímamál sem aðalmál, þ.e. sænsku, norsku eða íslenzku, og auk þess reyna margir, a.m.k. stúdentar með norrænu sem aðalgrein, að verða bjargálma í öðru máli til viðbótar. Námskeið í forníslenzku (30 tímar) er skylda, og lýkur því með prófi, sem stúdentar verða að standast. Á fyrri hluta prófi (*Zwischenprüfung*) í lok grunnnámsins eru allir prófaðir á ný í forníslenzku, ennfremur almennt í norrænum málum og Norðurlandasögu; þar að auki er prófað í tungumáli því, sem stúdentinn hefur valið sem aðalmál, og í ýmsum völdum bókmenntaefnum eða málsögu. Á M.A.- og doktorsprófum (*Promotion*) er einungis prófað í völdum efnunum auk ritgerðar. Stúdentafjöldi er svipaður og í fyrra eða um 100 stúdentar. Þar af nema um 60 stúdentar norræn fræði sem eigin háskólagrein, en um 40 eru stúdentar úr öðrum greinum eða gestanemendur. Ég hef með höndum alla kennslu í íslenzku nútímamáli, Hubert Seelow prófessor kennir forníslenzku, íslenzka málsögu og bókmenntir, og auk þess kennir Horst H. Munske, prófessor í germönskum málvísindum, endrum og sinnum forníslenzku. Við háskólann er aðeins fóst sendikennarastaða í sænsku, en kennarinn í norsku og ég erum einungis stundakennarar af háskólans hálfu.

1. Við heimspekideild háskólans í Erlangen-Nürnberg, eins og raunar við heimspeki-deildir flestra háskóla í Þýzkalandi, verða stúdentar að leggja stund á þrjár greinar til M.A.-prófs og doktorsprófs (*Promotion*), eina aðalgrein og tvær aukagreinar (sjá nánar í „Námsskipan“ hér að ofan). Upphaflegt markmið háskólans með því að bjóða upp á nám í norrænum fræðum var að auka námsframboð og styrkja nám germanistikstúdenta, einkum verðandi málfræðinga og samanburðarmálfræðinga svo og miðaldafræðinga, en fyrir röskum áratug varð greinin norræn fræði (*Nordische Philologie*) fullgild og sjálfstæð námsbraut (*Studiengang*). Hægt er að velja norræn fræði hvort heldur sem er sem aðalgrein eða aukagrein. Fyrir norræn fræði er íslenzkukennslan lífsnauðsynleg. Öllum stúdentum í norrænum fræðum er skylt að taka námskeið í forníslenzku og standast próf að því loknu. Stúdentar velja

sér jafnframt eitt norrænt nútímamál sem aðalmál, og getur íslenska verið þetta aðalmál. Unnt er að sérhæfa sig í íslenzku, bókmenntum, textafræði eða málfræði, og ljúka öllum prófstigum með valin íslenzk prófefni og íslenzk ritgerðarefni. Öll greinin er í miklu fjársveldi, einungis tvö full stöðugildi, þ.e. eitt próffessorat í norrænum fræðum og eitt sendilektorat í sænsku, svo og tveir stundakennarar. Kennarinn í norsku og ég erum stundakennararnir, og erum við á þvífikum smánarlaunum, að í raun er um gjafavinnu að ræða. Kenni ég — eins og raunar norskukennarinn sömuleiðis — þrjá kúrsa á viku, samtals 5 tíma. Fyrir þessa kennslu greiddi háskólinn mér samtals DEM 4.320,- á síðasta ári. Þar við bættist svo launauppbót af íslenzkri hálfu, samtals kr. 180.000,-. Árslaun mín fyrir kennsluna námu því kr. 160.000,- (hásk. Erl.-Nürnb.) + 180.000,- (Nordalsstofnun) = kr. 340.000,- eða m.ö.o. kr. 28.340,- á mánuði! Er það auðvitað óðs manns æði að gefa vinnu sína með þessum hætti. Spurningunni um það, hvort íslenzkukennslan uppfylli markmið háskólans, hlýt ég að svara játandi; hún gerir betur en að uppfylla þau markmið, en það er fyrst og fremt því að þakka, hversu mikla vinnu ég legg fram ókeypis. Að reka heila námsbraut með ofangreindum hætti tel ég með öllu óverjandi. En þar eru norræn fræði ekki ein á báti, heldur starfar fjöldi stundakennara í öðrum greinum, flestir í svokallaðri málstöð (*Sprachenzentrum*), þar sem m.a. þýzka fyrir erlenda stúdenta er til húsa — námsbraut, sem að 3/4 hlutum (75 %) er mönnuð með stundakennurum á sömu kjörum og ég. Sit ég nú í nefnd stundakennara, sem leitar leiða til að ráða bót á kjörum þeirra. Krefst nefndin róttækra skipulagsbreytinga, m.a. að reglubundinni stundakennslu, sem námsbrautir geta ekki verið án, verði breytt í fastar hlutastöður. Hvað norræn fræði varðar, er lágmarkskrafan, að stundakennsla í íslenzku og norsku breytist í tvö hálf lektoröt. Er nú í undirbúningi málshöfðun á hendur háskólanum fyrir þverbrot á vinnulöggjöfinni, hvað stundakennara varðar, og mun DGB (launþegasamtökin) kosta málareksturinn á öllum dómstigum. Verði engar róttækar breytingar á stöðu íslenzkukennslunnar í kjölfarið eða komi engin aukin fjárstuðningur af íslenzkri hálfu til, mun ég hætta þessari góðgerðastarfsemi.

2. Norræn fræði (*Nordische Philologie*) eru ein af fimm fullgildum og sjálfstæðum námsbrautum (*Studiengänge*) innan Germanistikstofnunar háskólans. Greinarnar eru þessar: 1) germönsk miðaldafræði; 2) nýrri þýzk bókmenntasaga, nýrri þýzk bókmenntafræði og samanburðarbókmenntir; 3) germönsk og þýzk málvísindi; 4) tölvumálvísindi; 5) norræn fræði. Auðvitað geta stúdentar í norrænum fræðum með höfuðáherzlu á íslenzku valið aðrar greinar með norrænunni en þær, sem Germanistikstofnunin býður upp á, t.d. anglistik, indógermanistik, sagnfræði, klassísk fræði, leikhúsfræði o.s.frv. Tengsl íslenzkunnar við aðrar greinar eru því vissulega fullnægjandi. Það er einmitt styrkur þýzka háskólakerfisins, hversu akademískt og sveigjanlegt það er.
3. Ég kenni ávallt tveimur hópum, annars vegar byrjendum, sem sækja tvö námskeið á vetrarmisseri (samtals 3 tíma á viku) og síðan áframhaldandi tvö námskeið á sumarmisseri (samtals 3 tíma á viku), og hins vegar framhaldsnemendum, sem sækja eitt námskeið (2 tíma á viku) á báðum misserum. Ég kenni aldrei sama námsefnið tvisvar á námskeiðunum fyrir framhaldsnemendur, til þess að þeir geti haldið áfram íslenzkunámi eins lengi og þeir óska, 2-5 ár er ekki óalgengt (samkennsla). Á vetrarmisserinu, sem lýkur nú í febrúarlok, hófu 16 byrjendur nám í íslenzku, þar af tveir læknanemar, sem hyggja á kandídatsvinnu á íslenzkum sjúkrahúsum, en þeir hafa reyndar sótt tíma stopult. Hinir eru allir stúdentar milli

tvítugs og þrítugs, sem nema norræn fræði sem eina af greinunum þremur. Hafa þeir valið alls konar greinar saman; flestir nema með íslenzkunni germönsk og þýzk málvísindi, nýrri þýzka bókmenntasögu, sagnfræði, miðaldafræði og leikhúsfræði. Margir hafa m.ö.o. reynt að velja greinar saman, sem styrkja hver aðra. Allir stefna þessir stúdentar að M.A.- prófi í heimspekideild, fyrir utan læknanemana tvo og einn stúdent með líffræði og efnafræði sem aðal- og aukagrein. M.ö.o. enginn ellilífeyrisþegi eða gestur utan úr bæ er að þessu sinni í hópnum. Í framhaldshópnum eru nú sex stúdentar, þar af hafa fimm sótt sumarnámskeið Nordalsstofnunar og þrír numið eitt misseri við H.Í. sem Erasmusstúdentar. Sjöundi stúdentinn er lauslega tengdur hópnum, en hann sækir sjaldan tíma nú orðið, enda var hann bæði Erasmusstúdent við HÍ og hlaut síðan styrk íslenska menntamálaráðuneytisins og lauk B.Ph.-Isl. prófi fyrir tveimur árum. Af þessum sjö stúdentum hafa þrír valið íslenzku sem sitt aðal norræna mál. Einn stúdentinn hefur þegar lokið M.A.-prófi með ritgerðarefni um rúnir og vinnur nú að doktorsritgerð um Tristramssögu, annar hefur nýlokið M.A.-prófi í norrænu (norska aðalmál) og japanólógíu. Hinir fimm stefna allir að M.A.-prófi: Tveir þeirra hafa þegar valið íslenzk efni fyrir M.A.-ritgerð, þ.e. um orðabók Gunnlaugs Oddssonar og um afleidd orð í Reykjahólabók, og hinn þriðji hyggst taka íslenzkt efni, helzt um bókmenntir á siðskiptatímanum. M.ö. o hópurinn vinnur nú að fjórum doktors-/M.A.-ritgerðum um íslenzk efni. Á námskeiðinu hjá mér vinnur hópurinn nú að þýðingum á smásögum eftir sjö íslenska höfunda, og er ætlunin að koma þýðingunum á þrykk. Mun bókin koma út í haust undir titlinum *Flügelrauschen*, ritstjórar undirrituð og Hubert Seelow, forlag Steidl Verlag í Göttingen, Bókmenntakynningarsjóður hefur heitið styrk að upphæð kr. 120.000,-. Ekki er því hægt að segja annað en að okkur einyrkjunum hér í Erlangen hafi tekizt bærilega að ala upp fólk í norrænum fræðum með höfuðáherzlu á íslenzku.

4. Hér er hægt að ljúka öllum prófstigum, M.A.-prófi, doktorsprófi (*Promotion*) og doktorsprófi hinu meira (*Habilitation*) með íslenzk ritgerðarefni. Alltaf eru einhverjir möguleikar á Promotionsstyrk, Habilitationsstyrk, DFG-styrk eða að komast að sem styrkþegi í þverfaglegum rannsóknarhópi, sem nú starfar hér í miðaldafræðum (svokallað *Graduiertenkolleg*, sem vinnur að verkefninu „Kulturtransfer im europäischen Mittelalter“). Ennfremur geta útskrifaðir stúdentar sótt um / fengið assistentastöður í öðrum stofnunum háskólans, þar sem þeir hafa numið eina af greinunum þremur, eða leitað fyrir sér í öðrum háskólum. Einhverjir ráða sig jafnan í vinnu hjá bókaforlögum eða fara í túristabransann (Norðurlandaferðir). - Hvorki í norrænum fræðum né í öðrum greinum veitir M.A.-próf og doktorspróf (*Promotion*) rétt til kennslustarfs í menntaskólum; til þess þarf sérstakt próf, svokallað *Staatsexamen*.
5. Kostir og gallar á núverandi fyrirkomulagi íslenzkukennslu við háskólann í Erlangen-Nürnberg: Ég vísa um það efni í 1. lið hér að framan varðandi fjársveldi greinarinnar og ítreka það, að ég mun hætta kennslu hér, verði engar róttækar breytingar gerðar á stöðu íslenzkukennslunnar. Kysi ég helzt að breyta fyrirkomulagi kennslunnar á þann veg, að stundakennslunni yrði breytt í a.m.k. hálf t. lektorat. Vegna þess hversu mikil kennsluskylda lektora er hér í Þýzkalandi (12–16 tímar á viku) og ég hef hug á því að stunda fræðistörf áfram, hefði ég privat og persónulega engan áhuga á fullri lektorstöðu hér, enda hafa lektorar í fullu starfi enga rannsóknarskyldu í Þýzkalandi. Þar að auki tel ég mig geta náð fullboðlegum árangri í hálfri stöðu, enda lætur það nærri, að það sé sá tími, sem ég eyði í raun í

íslenzkukennsluna og allt það, sem henni fylgir. Hvað ég kenni hins vegar og hvernig, ræð ég að mestu leyti sjálf.

6. Íslenzkukennslan hér hefur alltaf verið óviss og grundvallast í raun á gjafavinnu minni. Hélt ég, að mér mundi fremur takast en ella að halda mér á floti sem fræðimanni, þ.e. fá styrki í rannsóknir mínar, ef ég væri í tengslum við háskólann hér. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Hér í Erlangen er vitaskuld sama vandamálið og vofir yfir í Noregi. Þjóðverjar borga nánast að öllu leyti sínum sendikennara á Íslandi, og Íslendingar ætlast til, að þeir borgi einnig íslenzkum sendikennurum í Þýzkalandi. Það er löngu tímabært að huga að breyttu fyrirkomulagi sendikennslunnar í íslenzku og Íslendingar fari að axla einhverja fjárhagslega ábyrgð af henni; það lítilræði, sem nú rennur til hennar, hrekkur rétt fyrir skriffinnskukostnaði (eins og t.d. að skrifa skýrslur af þessu tagi), snatti og útréttingum o.s.frv. Alltént mun ég ekki halda þessari kennslu áfram til frambúðar, fáist enginn frekari stuðningur af íslenzkri hálfu eða engin úrlausn verði í kjölfar málaferlanna, sem ég gat um í 1. lið, en það mun taka ein 2–3 ár að fá niðurstöðu á þeim vettvangi.

Kolbrún Haraldsdóttir

Berlín

1. (a) Markmiðið er annars vegar að bjóða upp á ítarlegt nám í norrænum fræðum þar sem forníslenska er hluti af norrænum miðaldafræðum. Forníslenska hefur verið kennd 1957–1994 við Freie Universität og frá 1994 við Humboldt-Universität.

(b) Hins vegar er markmiðið að bjóða upp á öll norræn nútímatungumál (nema færeysku) og er íslenska þar með talin (enn sem komið er) sem og finnska. Nútímaíslenska hefur verið kennd frá 1994 við Humboldt-Universität.

(c) Kennslan, eins og hún er sett upp í dag, uppfyllir þessi markmið. Nú er í umræðu að breyta námsfyrirkomulagi hér í deildinni og bjóða einnig upp á B.A.-nám sem verður styttri námsbraut. Óvíst er hver staða íslenskunnar yrði þá.
2. (a) Íslenska er hluti af norrænum fræðum og á þar heima. E.t.v. mætti hugsa sér samstarf milli forníslensku og þýskra miðaldafræða, en það hefur ekki verið þó að námsbrautirnar séu innan sömu deildar (*Philosophische Fakultät II*).

(b) Fólk úr öðrum námsbrautum sem fyrirhugar að fara í starfsnám til Íslands (læknanemar t.d.) hafa leitað til okkar og tekið þátt í námskeiðum þó þeir fái námið ekki metið.
3. (a) Í forníslensku eru um 40 nemendur (skyldunám fyrir nemendur með „Skandinavistik“ sem aðalfag); í nútímaíslensku eru um 25 nemendur (15 á grunnstigi, 10 á framhaldsstigi).

(b) Í forníslensku eru nær eingöngu nemendur í námsbrautinni sem hafa íslensku sem hluta af skyldunámi eða fólk í norrænum miðaldafræðum.

(c) Í nútímaíslensku er um helmingur nemenda úr námsbrautinni. Hinn helmingurinn er ýmist nemendur úr öðrum námsbrautum skólans sem ætla að fara til Íslands í heimsókn eða í starfsnám eða fólk utan háskólans sem verið hefur á Íslandi (t.d. sem *au-pair*) og vill halda málinu við eða fólk sem fyrirhugar að fara þangað. Þar á meðal er t.d. hestafólk.

(d) Flestir eru á aldrinum 20–30 ára.

4. (a) Hægt er að ljúka magisternámi með áherslu á norræn miðaldafræði („Mediävistik“). Þeir nemendur geta farið í doktorsnám og síðan nám til að öðlast prófessorstitil. Nokkrar prófessors- og fræðimannastöður eru á þessu sviði í Þýskalandi. Það sama gildir um málvísindi, „Kulturwissenschaft“ og bókmenntir, en af því fólki fáum við næstum bara málvísindafólk. Reglulega eru skrifaðar lokaritgerðir til meistaraþrófs í norrænum miðaldafræðum og margir nemendur velja að taka próf að loknu grunnnámi (*Zwischenprüfung*) í þeirri grein.

(b) Nútíma íslenska er jafn rétt há hinum norðurlandamálunum hér við stofnunina þó nemendum sé yfirleitt ráðlagt að taka einnig próf í hinum „stóru“ málum. Það er sem sagt hægt að ljúka námi í norrænum fræðum með íslensku sem aðalmál. Nemendur í nútíma íslensku nota málið yfirleitt í praktískum tilgangi til að geta talað og unnið á Íslandi. Nokkrir nemendur hafa sérhæft sig á sínu sviði í málum Íslands og tekið hluta af náminu á Íslandi.

5. Kosturinn við núverandi kerfi er að íslenskan er hluti af hinum norðurlandamálunum og jafn rétt há þeim samkvæmt námskrá. Forníslenskan hefur sinn sess hér sem lykill að miðaldafræðunum. Ef eitthvert framhald verður á kennslu í nútíma íslensku fram yfir árið 2000 ætti að tvinna þessar greinar betur saman til að reyna að vekja áhuga nemenda í skyldunámi í forníslensku á íslenskunni sem lifandi tungumáli. Markmiðið þyrfti að vera að styrkja bæði sviðin.

6. (a) Nemendur sem farið hafa á sumarnámskeið Stofnunar Sigurðar Nordals hafa verið mikil lyftistöng í kennslu hjá okkur. Þeir hafa verið mjög ánægðir og hrifið aðra nemendur með sér. Fyrir flesta nemendur hér er dvöl á Íslandi allt of dýr og því þyrftu þeir að hafa möguleika á að sækja um styrk. Þeir nemendur sem farið hafa í starfsnám til Íslands byrjuðu yfirleitt á að fara á sumarnámskeið.

(b) Hér í Berlín sér prófessor í forníslensku eða aðstoðarmaður hans um mála-kennslu á því sviði. Staða aðstoðarmanns hans var skorin niður svo það þarf að fá stundakennara til aðstoðar. Þetta leiðir til óstöðugleika því að samþykkja þarf stundakennsluna fyrir hverja önn og það verða mikil kennaraskipti.

(c) Staða íslenskulektors er sem stendur ekki til. Núverandi lektorsstaða er fjármögnuð af sérstökum sjóði sem háskólarnir hafa getað sótt í (*Hochschulsonderprogramm*). Staðan rennur út í september og er óvíst um framhald. Framlenging til ársloka er sennileg og e.t.v. tekst að fá ár í viðbót vegna verkefnisins BRAGI sem við lektorarnir (2 lektorar skipta með sér stöðu) vinnum að. BRAGI (<http://www.bragi.org>) er studdur af ESB og háskólinn sér hag í því að fá fjármagnið þaðan. Verkefnið verður væntanlega stutt til nóvemberloka 2001, en því aðeins að staðan verði framlengd til þess tíma.

(d) Á þeim tíma sem nútímaíslenska hefur verið kennd hér reglulega hefur hún unnið sér fastan sess við hlið hinna norðurlandamála. Einnig hafa íslenskir menningarviðburðir verið sjálfsagður hluti af menningardagskrá hér við háskólann. Bókakostur bókasafnsins hefur aukist þó enn sé stórt skarð í flokki nútímabókmennta. Íslenskudeildin hefur vakið athygli hér fyrir mikil umsvif (verkefnið BRAGI og heimsókn forseta Íslands). Þetta uppbyggingarstarf er í mikilli hættu þar sem háskólinn hefur á stefnuskrá sinni að skera niður en ekki að búa til stöður. Það ætti að verða eitt af forgangsverkefnum hjá íslenskum stjórnvöldum að þrýsta á að fá fasta stöðu íslenskulektors í Berlín. Sú heild sem kemur fram í norrænu sendiráðunum hér ætti að endurspeglast í norrænum fræðum.

(e) Síðan íslenska sendiráðið flutti til Berlínar hefur verið gott samstarf á milli stofnananna. Sendiráðið hefur sýnt málinu mikinn skilning og er tilbúið að styðja baráttuna fyrir stöðunni. Heimsókn forseta varð til þess að ráðamenn í háskólanum tóku eftir þessu litla fagi. Forstöðumaðurinn hér við *Nordeuropa-Institut* fer til Íslands í boði sendiráðs Íslands í sumar og verður viðstaddur opnun verkefnisins BRAGI. Hann mun þá gera grein fyrir stöðu málsins þar og munum við reyna að vinna að því að hann geti rætt við ráðamenn á mikilvægum stofnunum. Það skiptir öllu máli að íslensk stjórnvöld sýni málum lektoranna áhuga. Fyrir utan sendiráð er lektorinn oft eina „stofnunin“ sem getur gefið upplýsingar um land og þjóð og höfum við mikið þurft að svara fyrirspurnum úr öllum áttum. Lektorinn gegnir lykilhlutverki í miðlun íslenskrar tungu og menningar erlendis.

(f) Við stofnunina hér styrkja Noregur og Svíþjóð tímabundnar stöður prófessora (*Stiftungsprofessuren*). Finnland íhugar að gera slíkt hið sama. Markmiðið hjá þessum þjóðum er ekki bara að styrkja móðurmálskennara heldur að styrkja stöðu þessara landa innan menntakerfisins. Hluta af því fé er varið til bókakaupa. Þar sem fjárhæð til bókasafnsins fer minnkandi með hverju árinu og stór hluti þess fjár er bundinn vegna tímarita væri mikilvægt ef íslenska ríkið gæti veitt árlega bókastyrki.

(g) Íslenskan stendur verr að vígi en hin stóru norrænu tungumál að því leyti að prófessorar og annað starfsfólk tala málið yfirleitt ekki og því hætta á að öll málefni er snúa að Íslandi detti út úr umræðu í námsbrautinni og séu ekki meðhöndluð á námskeiðum ef enginn íslenskulektor er starfandi. Stjórnvöld þyrftu að þrýsta á að staða íslenskulektors verði að veruleika hér við *Nordeuropa-Institut*.

Soffía Gunnarsdóttir

Greifswald

Háskólinn í Greifswald hefur náin tengsl við Norðurlönd og nær þessi hefð langt aftur í aldir. Hann er næstelsti háskólinn við Eystrasalt (á eftir háskólann í Rostock, var stofnaður 1456 eða áður en Hafnarháskóli), og um tíma var hann jafnframt elsti háskóli Svíþjóðar (þegar Svíar réðu yfir Norðurlönd Þýskalands eða til 1815). Norðurlönd og þar með Ísland skipa mikilvægan sess bæði í kennslu og rannsóknum allra háskóladeilda. Innan heimspekideildar má nefna fyrst og fremst norrænsk og

sagnfræðiskor, en dæmi eru um samstarf enskufraeðinga, jarðfræðinga, guðfræðinga, lækna og annarra hér í Greifswald við samsvarandi stofnanir á Norðurlöndum. Stofnunin sem ég starfa í heitir *Nordisches Institut* og hefur langa hefð í íslenskukennslu. Einn fyrsti kennari í íslensku erlendis starfaði hér frá 1934, Eiður S. Kvaran. Frá 1956 kenndi Brúnó Kress prófessor tungumálið — ég var einn af síðustu nemendum hans og útskrifaðist 1976 sem túlkur og þýðandi — en hann dó níræður 1997. Þessi þýðingarnámsbraut er ekki lengur til. Nú á tímum stunda flestallir nemendur við stofnunina cand.mag.-nám í norrænum fræðum annaðhvort sem aðalfag eða aukafag og sérhæfa sig í dönsku, sænsku eða norsku. Þeir útskrifast sem norrænufræðingar (*Skandinavisten* eða *Nordisten*) og ættu því að þekkja tungumál, bókmenntir og menningu allra Norðurlanda (að Finnlandi undanskildu). En eins og allir vita er mikill munur á austur- og vesturnorrænum tungumálum (dönsku, sænsku, norsku annars vegar og íslensku, færeysku hins vegar), og eins hafa bókmenntir Íslands og Færeyja ýmis sérkenni. Þess vegna kveða allar gildindi námsáætlanir hjá okkur á um það að nemendur í norrænu skuli afla sér grunnþekkingu í íslensku líka. Skyldunámskeið í íslensku fyrir nemendur í aðalfagi eru 4 (þrjú í nútímaíslensku og eitt í forníslensku, 30 kennslutímar hvert — 2 tímar á viku miðað við 15 vikna misseri) en í aukafagi 2 (annað í nútímaíslensku, hitt í forníslensku, einnig 30 kennslutímar hvert). Þar með hefur Greifswald algera sérstöðu meðal þeirra háskóla í Þýskalandi sem hafa norrænnám á boðstólum, en íslenskan er þar ekki kennd nema í valfrjálsum námskeiðum, ef yfirleitt. Bent skal á það að nemendur mínir læra grunnatriði nútímaíslensku fyrst og fara síðan að lesa forníslenska texta. Okkur er fullljóst að þeir fái ekki nema nasasjón af tungumálinu með þessari kennslu, en samt dugir hún til þess að þeir geta lesið íslenskar bókmenntir fornar og nýjar, vísindagreinar og dagblöð á frummáli (með hjálp orðabókar að vísu). Og svo eru alltaf einhver framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja komast lengra. Aftur á móti eru alltaf einhverjir í hópunum sem læra með hálfum huga. Kennsluskylda mín er á bilinu 8–12 tímar á viku; aðrir tungumálakennarar við háskólann kenna 15–16, en ég fékk lækkun vegna ýmissa stjórnunarverkefna; samt voru misseri þar sem ég kenndi miklu meira eða 14–15 tíma. Sl. vetrarönn (sem lauk í byrjun febrúar) kenndi ég eftirfarandi námskeið (nemendafjöldi í svigum):

- nútímaíslenska fyrir byrjendur - skyldunámskeið I - (16)
- framhaldsnámskeið í nútímaíslensku - skyldunámskeið II - (6)
- lestrarnámskeið, íslenskar örsögur - aukanámskeið - (8)
- samtalsæfingar - aukanámskeið - (5)
- íslensk landakynning (18)

Samtalsæfingar kenndi ég ásamt íslenskri konu sem er í lögfræðinámi við háskólann hér, en hún fær ekki borgað fyrir þetta. Námsáætlanir gera ekki ráð fyrir landkynningu, en ég fór að kenna hana samt til þess að undirbúa námsferð til Íslands og Reykjavíkur-Menningarborgar Evrópu í sumar (10.–25. ágúst 2000). Námskeiðið fékk mjög góðan hljómgrunn í vetur, og ætla u.þ.b. 20 nemendur að taka þátt í ferðalaginu auk 12–15 annarra háskólakennara og Íslandsvina. Á sumarönn sem hefst í byrjun apríl mun ég kenna:

- framhaldsnámskeið í nútímaíslensku (skyldunámskeið II)
- nútímaíslenska fyrir lengra komna (skyldunámskeið III)
- lestrarnámskeið (greinar um málvísindaleg efni)
- forníslensku (skyldunámskeið)

samtalsæfingar
íslenska landakynningu.

Þátttakendafjöldinn í námskeiðunum mun vera svipaður og í vetur. Nemendurnir eru að mestu leyti kvenkyns (90 %) og á aldursskeiðinu 19–22 ára (örfáir eru eldri). Flestir þeirra stunda norrænu sem aðalfag (u.þ.b. 75 %), en sem annað aðalfag hafa þeir oftast aðra fílólógíu (þýsku, ensku, rómönsku, slafnesku, baltnesku), sögu, fornleifafræði, listfræði, landafræði eða rekstrarfræði o.s.frv. Það sama á við þá sem stunda norrænu sem aukafag. Og svo eru af og til aðrir háskólanemar eða fólk utan háskólans sem ætlar að læra hrafl í íslensku — undanfarin misseri t.d. jarðfræðinemi sem hafði komið til Íslands í námsferð, líffræðinemar tveir sem stunda hestamennsku í nálægu hestabúi, vistfræðinemar o.s.frv. Jarðfræðinemin vildi reyna að komast aftur til Íslands í vor (í ólaunaða starfskynningu eða praktikum), vistfræðingar hafa þegar unnið tímabundið við einhver verkefni á Íslandi, einn líffræðinemi hefur síðan farið í hálfis árs nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta við H.Í. Þennan möguleika — frekara nám við H.Í. (en HÍ og háskólinn í Greifswald hafa samið um Sókrates-nemendaskipti) — hafa líka 4-5 norrænunemar kosið undanfarin ár, og þeim fer vonandi fjölgandi. Góð íslenskuþekking er nefnilega forsenda fyrir þátttöku í nýbyrjuðu rannsóknarverkefni (um miðaldaíslensku) undir handleiðslu próf. Hans Fix-Bonnars og fékk heitið „Töluspá“ (nánar má lesa um þetta verkefni á heimasíðu norrænuskorarrinnar, sem næst um slóð háskólans www.uni-greifswald.de). 8 núverandi og fyrrverandi nemendur mínir eru að vinna að þessu nú, en 2-3 þeirra fá líklega möguleika á doktorsnámi í sambandi við verkefnið. Öðrum nemendum sem spyrja hverju gegnir að læra íslensku endursegi ég oft það sem ég heyrði af hásettum manni í ráðningardeild stórs þýsks fyrirtækis, en hann sagði um möguleika burtfararnemenda eins og norrænufræðinga okkar á vinnumarkaðnum: „Þeir eru meiri en þið kannski haldið, af því að fyrir okkur skiptir oft miklu máli að viðkomandi sé búinn að sanna a.m.k. einu sinni á ævinni hæfileika til þess að geta glímt við alveg nýtt og flókið viðfangsefni — t.d. með því að læra sjaldgæft og erfitt tungumál. Má jafnvel vera að við tökum svona fólk fram yfir alla aðra.“ Mér og flestum öðrum kennurum í norrænuskor (þó ekki öllum) finnst núverandi skipulag ágætt, og hjá stúdentum mun hlutfallið vera svipað. Fyrirkomulaginu þarf því ekki að breyta, en gott væri að hafa til umráða betra námsefni á þýsku í byrjendakennslu (Langenscheidt-kennslubókin þykir mér ekki nógu góð). Ég er í fullu starfi, að fullu launaður af þýskum yfirvöldum. Háskólinn kaupir — að ósk minni — helgarblöð *Morgunblaðsins* og ver allmiklu fé í kaup á íslenskum bókum (fræðilegs efnis, en því miður er minna um fagurbókmenntir). Staðan þykist nokkurn veginn viss, en nú á dögum er aldrei að vita, niðurskurður hér og þar, t.d. verður ítölskukennslan lögð niður innan skamms. Til þess að festa íslenskunámi í sessi ákvað ræðismaður Íslands í Rostock, hr. Detlef Thomaneck, fyrir nokkrum árum að styrkja skorina með ákveðnu fjárframlagi ár hvert sem við notum til að bjóða íslenskufræðingi að flytja Brúnó-Kress-fyrirlestur, sem síðan verður prentaður og gefinn út í sérstakri ritröð. Fyrstur til að halda slíkan fyrirlestur var Baldur Jónsson prófessor frá Íslenskri málstöð, svo kom Magnús Pétursson hljóðfræðingur frá Hamborg í fyrra, og 16. júní í sumar verður það Guðrún Kvaran frá Orðabók Háskólans. Annað framtak, sem reyndar allir tungumálakennarar í skorinni hafa haft í sínum verkahring undanfarin 10 ár, eru norrænir menningardagar, „Nordischer Klang“ (eða Norðurhljómur), árlegur viðburður í kringum Evrópudaginn 5. maí. Af því að háskólinn hefur ekkert fé til menningarstarfsemi eins og þessarar veltur allt á því að fé fái frá styrktaraðiljum. Þetta fé notum við síðan til þess að bjóða fræðimönnum og listamönnum til

Greifswald. Íslenskir gestir á þessum menningardögum hafa t.d. verið rithöfundarnir Steinunn Sigurðardóttir, Böðvar Guðmundsson, Þorgrímur Þráinsson og Kristín Steinsdóttir, kór Íslendingafélagsins í Lundi, Svíþjóð og Árni Björnsson þjóðháttufræðingur. Eitt voru landslagsljósmyndir Sigurgeirs Sigurjónssonar til sýnis, ópera Karólínu Eiríksdóttur var flutt í leikhúsi bæjarins og í fyrra tókst — með styrk frá Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis í Kaupmannahöfn — að bjóða Agli Ólafssyni og tríói Björns Thorodssens hingað. Þetta framtak er mjög mikilvægt bæði fyrir háskólanemendur (fyrst og fremst þá sem eru að nema norrænu) og íbúa bæjarins en er jafnframt afskaplega krefjandi fyrir okkur skipuleggjendur. Þar sem samkennarar mínir í hinum Norðurlandamálum eru annaðhvort ekta sendikennarar eða viðurkenndir sem slíkir í viðkomandi löndum virðist þeim auðveldara að fá stuðning. Allt það sem ég nefndi hér að ofan gerum við svo að segja af eigin rammleik. Bein aðstoð af hálfu Íslendinga hefur verið lítil hingað til, og hefur kannski ekki þurft hennar heldur. En samt má ekki treysta því að svo verði um alla framtíð. Að því er ég best veit er dæmi um að íslenskukennsla var lögð niður (í Bonn) þegar áhuga og fé vantaði hjá þýskum yfirvöldum og Íslendingar höfðu ekki hönd í bagga. Þess vegna er ég mjög þakklátur fyrir aðstoð þá sem Stofnun Sigurður Nordals veitir þó ég sé ekki sendikennari á vegum hennar. T.d. var ég kærkominn gestur á fundi sendikennara 1997 þegar ég dvaldi vegna annarra erinda í Reykjavík (þetta gæti gerst aftur í sumar), ég fékk Bankabókina svokallaða um árið og Handbók sendikennarans, og í fyrra lítinn pakka með fáeinum barnabókum og myndböndum. Þá hef ég mikið gagn (og gaman) af því að vera tengdur sendikennaraneti; ég er búinn að fá margar fróðlegar upplýsingar um þennan miðil og veit að samkennarar mínir um víða Evrópu myndu verða mér að liði ef til þess þyrfti. Með góðu samstarfi sendikennara tókst t.d. að hagræða lestrarferð Andra Snæs Magnasonar til Þýskalands í fyrra: fyrst fór hann til Kíelar, síðan til Berlínar og Greifswald og svo til Göttingen, og kostnaðurinn vegna ferðarinnar dreifðist á marga aðila. Ef ég gæti að lokum óskað mér (fjárhags)aðstoð menntamálaráðuneytisins þá kæmi þrennt til greina:

- a) árlegur styrkur vegna menningardaga „Nordischer Klang“,
- b) einhver aðstoð vegna o.g. námsferðar til Íslands (í sambandi við aðgang að menningarviðburðum, gistingu, mat e.þ.h.),
- c) fjárframlag til (enn ófundins) Íslendinga sem gæti lesið handrit mitt og gamals prófessors míns Ernst Walter að stórri þýsk-íslenskri orðabók. Ég vona að við höfundar getum gengið frá handritinu eftir 12–15 mánuði og hún geti farið í prent í lok 2001. Hún kemur út í þýsku forlagi í Hamborg, en Mál og menning mun dreifa hana á Íslandi að því er ég best veit.

Hartmut Mittelstädt

Kiel

1. Hér við háskólann er sérstök norræn deild, *Nordisches Institut*. Þar eru öll norrænu málin kennd (reyndar ekki færeyska, og finnski lektorinn er bara í hlutastarfi hér) og það er út af fyrir sig markmið hér að kenna öll málin og kynna bókmenntir og menningu allra landanna. Mér skilst að norræna deildin hér í Kíl sé sú stærsta í Þýskalandi og menn hér eru stoltir af sinni deild, líka af því að hafa lektora frá öllum norrænu löndunum. Allir nemendur í norrænu þurfa að læra forníslensku. Síðan ráða þeir sjálfir hvort þeir læra líka nútímaíslensku. Þýskur prófessor kennir

fornmálið, ásamt þýskum aðstoðarmönnum en ávallt er fenginn íslenskur lektor til að kenna íslenskt nútímamál og ég veit að prófessorunum er það mjög í mun að hafa hér íslenskan lektor. Það er mikils metið að vera með Íslending sem kemur beint frá landinu (þarf að hafa búið þar síðustu árin áður en hann kemur hingað) og ber með sér menningarstrauma og veit hvað er að gerast þar. Auk þess þykir gott að geta leitað til íslenska lektorsins, ég þarf oft að aðstoða starfsmenn hér, prófessorana eða aðra, við að þýða orð, hjálpa til við skráningu bóka, koma á samböndum heim og svo framvegis. Og þegar gestir heimsækja stofnunina eru menn stoltir af að kynna íslenska lektorinn. Hér í Þýskalandi (og reyndar víða um heim) eru menn yfirleitt mjög hrifnir af Íslandi, hafa annaðhvort farið þangað og langar að fara þangað aftur eða hefur alltaf dreymt um að komast þangað einhvern tíma. Í stuttu máli tel ég markmiðið vera hvort tveggja í senn að kenna tungumálið sjálft og kynna íslenska þjóð og menningu, ekki síst bókmenntir. Kennslan uppfyllir þau markmið að mínum dómi.

2. Nemendur í norrænu þurfa að velja tvö norræn tungumál, eitt aðalmál og eitt auka-mál. Valið er frjálst en ekki hafa margir nemendur tekið íslensku sem aðalmál. Þó er ég með tvo slíka nemendur núna. Mikil áhersla í norrænu deildinni er lögð á bókmenntir. Þegar nemendur læra forníslensku lesa þeir fornbókmenntir og í forn málsdeildinni (*Alte Abteilung*) eru líka sérstök valfrjáls námskeið þar sem farið er í íslenskar fornbókmenntir. Í ný málsdeildinni (*Neue Abteilung*), sem fæst við nútímabókmenntir, er lítið lagt upp úr íslenskum bókmenntum og nemendur ekki hvattir til að nýta sér íslenska bókmenntatexta eða fjalla um íslenska bókmennta-fræði. Þetta er aðallega vegna þess að kennararnir geta ekki lesið íslensku (nema að litlu leyti) og fæstir nemendanna hafa lært nægilega mikið til að geta nýtt sér íslenskar heimildir upp á eigin spýtur. Þetta finnst mér galli en sé ekki alveg hvernig hægt væri að breyta þessu. Hugsanlegt er að íslenski lektorinn gæti gert eitthvað en það er varla gerlegt með þeirri miklu kennsluskyldu sem hann hefur. Spannandi gæti verið að fá gestafyrirlesara frá Íslandi til að fjalla um íslenskar bókmenntir.
3. Nemendur á síðasta misseri (frá október til febrúar) voru tæplega þrjátíu. Þeir voru flestir á aldrinum 20–30 ára, þó voru tvö milli fimmtugs og sextugs. Um það bil sextán nemendur stunda nám í norrænu og taka íslensku sem fyrsta eða annað mál. Flestir hafa áhuga á að fara til Íslands til að læra meira og/eða vinna þar. Nokkrir hafa verið þar áður, sumir í sumarfríum, aðrir hafa unnið á bóndabæjum og enn aðrir hafa verið þar heilt ár við barnagæslu (*au-pair*). Allir stefna að því að geta lesið íslenskar bókmenntir og sumir hafa áhuga á að þýða úr íslensku á þýsku. Á síðasta misseri voru um sex nemendur sem voru með aðrar aðalgreinar en norrænu eða tungumál. Ein nam þjóðfræði, annar þjóðhagfræði, sú þriðja landafræði, sú fjórða dýralækningar og tvö stunduðu nám í haffræði. Þetta fólk hefur allt áhuga á að fara til Íslands, taka jafnvel hluta af námi sínu þar og svo langar þau líka til að vinna þar við sitt fag. Einn nemandi í haffræði (var að ljúka doktorsnámi þar) var að koma frá Íslandi núna, fór þar í rannsóknarferð með hafrannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni. Í ferðinni voru tveir fulltrúar frá Kíl, og þessi nemandi minn gat talað íslensku, sem er óneitanlega mikill kostur. Auk þess voru þrír gestanemendur hjá mér í tímum, starfsmaður háskólabókasafnsins hér (sér um íslenskar bækur og blöð), ung kona af íslenskum uppruna (sem er búin að bóka ferð þangað í sumar) og karlmaður sem hefur mikinn áhuga á ljósmyndun alls konar og finnst landið áhugavert þess vegna, auk þess sem hann talar vel dönsku

og langar að læra íslensku. Fyrir utan þessi þrjú eru hjón um sextugt, sem eru stundum í tímum hjá mér, voru reyndar ekki á síðasta misseri en þeim á undan og verið getur að þau komi aftur þegar sumarmisserið hefst.

4. Hér í Þýskalandi eru þeir möguleikar afar takmarkaðir, að því er ég best veit. Ekki er boðið upp á frekara nám, litlir möguleikar á starfi, til dæmis er frekar lítið um þýðingarstörf, ekki er það mikið þýtt af íslenskum bókmenntum. Og ætli fólk að ná góðu valdi á að þýða þarf það að fá tækifæri til að æfa sig. Og þau tækifæri gefast sjaldan. Hér finn ég töluverðan mun á íslensku og hinum Norðurlandamálunum. Það virðist vera „raunhæfara“ fyrir nemendur að læra dönsku, norsku eða sænsku, þar sem stutt er (og ódýrt) að fara til þeirra landa og mér skilst að auðvelt sé að fá vinnu þar. Auk þess eru bókmenntir frá þeim löndum frekar þekktar hér og meira gefið út af þeim heldur en íslenskum bókum, þótt útgáfa íslenskra bóka virðist samt fara vaxandi. Ótrúlega margir „venjulegir, menntaðir“ Þjóðverjar hafa lesið Halldór Laxness, séð Börn náttúrunnar og lesið *Engla alheimsins*. Þannig að ég segi nemendum mínum að það geti vel verið að atvinnumöguleikar, til dæmis við þýðingar, geti orðið meiri innan nokkurra ára. Geti þeir sýnt fram á að þeir þýði vel finnst mér ekkert útilokað að einhverjir vilji gefa þýðingarnar út. Hér má líka nefna að heimssýningin í Hannover virkar hvetjandi á nemendur, auglýst var eftir fólki sem kynni íslensku og nokkrir nemendur mínir sóttu um, þar af hafa nokkrir nú þegar verið ráðnir til starfa. Íslandskynningar, hvers konar, ættu því að geta virkað hvetjandi. Þær standa þó sjaldnast lengi yfir og hafa því hugsanlega ekki svo mikið aðdráttarafl, ekki er um að ræða framtíðarvinnu, heldur starf í stuttan tíma hverju sinni. Þeir nemendur sem kunna vel forníslensku og nútímaíslensku gætu líka fengið tækifæri til að kenna við þýska háskóla. Nú eru nokkrir Þjóðverjar starfandi við háskóla í Þýskalandi og kenna íslensku, sumir líka nútímamálið. Þannig að það ætti að vera hvatning til frekara náms.
5. Kostir eru kannski þeir helstir að öllum nemendum háskólans er frjálst að læra íslensku. Þannig hefur norræna deildin visst aðdráttarafl, hægt er að koma hingað og læra norræn tungumál. Hins vegar er það að vissu leyti galli, því að nemendahópurinn verður mjög blandaður. Sumir hafa lært tungumál og kunna mikið í málfræði en aðrir eru algjörir byrjendur í þeim efnunum. Kosturinn við slíka blöndun er reyndar oft sá að menn smita hver annan af áhuga á landinu og þar af leiðandi á náminu. Ekki er prófað í tungumálunum á lokaprófum háskólans og því finnst mér ekki vera nógu mikil hvatning til að læra málin virkilega vel. Nú er reyndar verið að koma á sérstöku tungumálaprófi, þar sem góðir nemendur geta tekið erfitt próf („Sprachzertifikat“, sambærilegt í öllum norrænu málunum) og fengið opinbera staðfestingu á því að þeir hafi gott vald á viðkomandi tungumáli. Undirbúningsvinnan hefur tekið tíma (samvinna lektora, prófessora og aðstoðarmanna) og á eftir að taka meiri tíma. Ég á til dæmis eftir að vinna eitthvað með öðrum íslenskukennurum, á Íslandi, svo og annars staðar í heiminum. Allt bætist þetta ofan á vinnutíma lektorsins. Svo verður líklega líka þegar kemur að samningu og yfirferð prófsins/prófanna.
6. Aukin kennsluskylda: Hér hefur kennsluskylda verið aukin. Þegar ég byrjaði skrifaði ég upp á samning upp á 14 kennslustundir. Forverar mínir höfðu alltaf kennt 12 tíma og notað tvo tíma til að fara í gegnum *Morgunblaðið* og safna greinum fyrir bókasafnið. Fyrir tæpu ári komu mótmæli frá rektorsskrifstofunni, þar sem sérstaklega var tekið fram að kenna ætti fjórtán stundir. Bókasafnsvinnan bætist

Því við kennsluna. Hinir lektorarnir hafa sextán tíma kennsluskyldu — og hafa stundum komið með athugasemdir um að íslenski lektorinn ætti ekki að kenna minna en þeir. Á móti kemur að þeir þurfa ekki að sinna eins mikilli vinnu fyrir bókasafnið þar sem aðstoðarmenn við deildina geta lesið dönsku, norsku og sænsku. Ég hef hins vegar ekki mótmælt þessu fyrirkomulagi, því að mér finnst ekkert veita af að kenna fjórtán tíma, nemendur eru áhugasamir og ég vil gefa þeim eins marga tíma og kostur er á. Ég hefði sem sagt ekkert á móti minni kennsluskyldu en finnst samt að kenna mætti fleiri tíma, sérstaklega fleiri framhaldsnámskeið. Þetta tvennt er auðvitað erfitt að sameina. Ef til vill væri hægt að fá aðstoðarmann (eins og danski og sænski lektorinn hafa) sem kenndi byrjendanámskeiðin — eða fá einhvers konar aukagreiðslu fyrir yfirvinnu. Sú greiðsla kæmi alveg örugglega ekki frá Þýskalandi, hér má þakka fyrir að staðan verði ekki felld niður í þeim mikla niðurskurði sem er hér. Nú er verið að fækka stöðum og kennslugreinum við háskólann. Og rektorsskrifstofan er alltaf að biðja um upplýsingar um nemendafjölda á námskeiðum — og fær auðvitað ekki háar tölur úr íslenskukennslunni, að minnsta ekki miðað við aðrar kennslugreinar.

Breytt ráðningarform: Sú breyting hefur orðið á ráðningarformi hér að ekki verða framar ráðnir „lektorar“, heldur „kennslukraftar með sérstök verkefni“. Á þýsku heita nýráðnir sendikennarar *Lehrkraft für besondere Aufgaben*, á ráðningarblaðinu stendur svo nánari skýring: „Das Beschäftigungsverhältnis dient der Wahrnehmung der Lehrtätigkeit in dem Fach X“. Við þessa nafnbreytingu má segja að verið sé að lækka stöðuna í sessi og það þykja ekki góð tíðindi. Mér skilst að launin lækki ekki við þetta (að minnsta kosti ekki enn sem komið er) en ekki er alveg ljóst hvort öll réttindi verða óbreytt. En ljóst er að næsti sendikennari hér í Kíl mun ekki verða kallaður lektor eða Lektorin heldur *Lehrkraft für besondere Aufgaben*. Þessu geta íslensk stjórnvöld líklega ekki breytt, þetta er pólitísk ákvörðun, skilst mér, og þessi breyting er að verða um allt Þýskaland.

Fjárstuðningur: Allur stuðningur frá íslenskum stjórnvöldum kemur sér vel. Nú er veittur styrkur til bókaþega og hann kemur sér vel. Auðvitað mætti hann vera hærri, það er ekki hægt að kaupa neitt óskaplega mikið fyrir 25 þúsund krónur. Á skrifstofu lektorsins eru geymdar bækur og svo er líka bókasafn deildarinnar á neðri hæð hússins. Enn fremur eru bækur á aðalsafni háskólans. Æskilegt er að sem flestar bækur séu til á öllum þessum stöðum. Kennsla fer oft fram á skrifstofunni og umhverfið (íslenskar bækur og myndir) verka hvetjandi á nemendur, það er gott að vera „umvafinn landinu“ eftir því sem kostur er á. Ég gæti vel hugsað mér að fá sendar myndir og veggspjöld frá Íslandi. Ég hef til dæmis hengt upp frammi á gangi eftir því sem kostur er á, einnig í málveri háskólans. Á slíkum stöðum er oftast mikið um kynningarefni frá hinum Norðurlandapjóðunum og mætti vera meira frá Íslandi. Tónlist, alls konar, er líka alltaf vel þegin, þar er alltaf skortur á. Það er mjög góð æfing að hlusta á tónlist og reyna að skilja málið (er ekki alltaf auðvelt fyrir Íslendinga, hvað þá útlendinga, en þjálfar eyrað). Eins þætti mér gott að eiga fleiri kvikmyndir á myndböndum, nemendur hafa alltaf áhuga á slíku. Ég hef stundum verið með kvikmyndakvöld og þau hafa verið vel sótt. Fræðsluefni á margmiðlunardiskum er líka eftirsóknarvert en hér er til allt of lítið af því. Það er líka oft erfitt fyrir sendikennara í útlöndum að fylgjast með nýjungum á þessu sviði, líka því hvað gefið er út af geisladiskum og myndböndum. Íslensk stjórnvöld hafa líka veitt sendikennurum beinan fjárstyrk í lok hvers árs. Sú greiðsla hefur komið sér vel og auðvitað kæmi sér alls ekki illa að hún yrði hækkuð. Ég stend til dæmis í stríði við þýsk skattayfirvöld þessa dagana,

er að reyna að fá endurgreiddan ferðakostnað við ferðir heim, ferðir sem ég tel bráðnauðsynlegar fyrir sendikennara, en þetta gengur frekar illa.

Heimsóknir (fjarstuðningur við slíkar heimsóknir): Ég gæti mjög vel þegið að fá íslenska rithöfunda í heimsókn. Í fyrra vorum við með „Norrænt vor“ hérna við háskólann og buðum rithöfundum frá öllum norrænu löndunum. Þetta tókst alveg einstaklega vel og er enn um það talað hvað þetta hafi verið skemmtilegt. Slíkar heimsóknir vekja líka áhuga á landi og þjóð, ekki einungis meðal nemenda heldur líka annarra gesta, sem alltaf eru fjölmargir. Við buðum Andra Snæ Magnússyni hingað en ég man að það var þó nokkur fyrirhöfn að fá styrk fyrir hann. Ég stóð líka fyrir því að hann heimsækti fleiri borgir og þar tókst mér að fá styrk fyrir hann frá Rithöfundasjóði Íslands. Mér þætti mjög gott ef hægt væri að ganga að einhverjum slíkum styrkjum frá Íslandi vísun, til dæmis einum eða tveimur á ári. Íslensk þjóð græðir líka mjög á slíkum kynningum. Í framhaldi af heimsókn Andra Snæs var til dæmis birt eftir hann smásaga í þýsku tímariti. Þýska þýðingin var einmitt gerð hér á sérstöku námskeiði, í sambandi við komu hans hingað. Og í vor kemur út í virtu þýsku bókmenntatímariti (sérútgáfa af *Die Horen* bara með íslenskum nútímabókmenntum) önnur saga eftir hann. Hún var líka þýdd á sérstöku námskeiði sem ég var með til að undirbúa komu hans. Í sambandi við þá heimsókn var líka haldið sérstakt seminar fyrir prófessora, aðstoðarmenn og lektora hér, þar var ég með kynningu á íslenskum bókmenntum og þeim höfundi, sem var væntanlegur hingað, sem sagt Andra Snæ. Þetta nefni ég bara sem dæmi þess hve mikið ein heimsókn getur gert. Það strandar nefnilega svo margt á peningum, það er dýrara að fá hingað rithöfunda frá Íslandi en hinum norrænu löndunum. Þess vegna er þeim íslensku líka sjaldnar boðið. Niðurskurður verður sífellt meiri í háskólanum og menn spara hvar þeir geta. Ekkert útlit er fyrir að það breytist. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hjálpi eitthvað til.

Margrét Pálsdóttir

München

1. Markmið þess að bjóða upp á íslenskukennslu er að gefa nemendum, sem leggja stund á norræn fræði, kost á að læra íslensku. Við alla þýska háskóla er byrjendanámskeið í forníslensku skyldubundin hjá öllum nemendum sem leggja stund á norræn mál. Margir hafa síðan áhuga á að leggja frekari stund á íslensku; oft eru það nemendur sem hafa áhuga á norrænum miðaldabókmenntum sem sjá hag sinn í því að læra íslensku, því í miðaldafræðunum eru það einkum forníslenskar bókmenntir sem lagt er stund á. Íslenskunni er gert jafnhátt undir höfði og hinum fjórum norrænu málunum innan Norrænu stofnunarinnar við háskólann í München og er boðið upp á samskonar námskeið í íslensku og hinum norrænu málunum.
2. Í námsáætlun í norrænum fræðum segir að nemendur þurfi að læra eitt norrænt mál til hlítar (valið stendur milli dönsku, íslensku, norsku og sænsku) og æskilegt að þeir afli sér einhverrar kunnáttu í a.m.k. einu öðru máli. Norræna stofnunin við háskólann í München er óþarflega einangruð frá öðrum stofnunum háskólans og væri æskilegt að tengslin við t.d. germönsk fræði og miðaldafræði væru nánari.
3. Meistaránám í Þýskalandi tekur 5 ár og nemendur þurfa að leggja stund á þrjár greinar á þeim tíma. Þeir sem skráðir eru í Norrænu deildina hverju sinni sækja ekki námskeið þar nema hluta af sínum námsferli. Nemendafjöldi í íslensku hefur

verið nokkuð stöðugur síðustu 3 árin. Í skyldunámskeiði í forníslensku hafa verið milli 30–40 nemar, byrjendanámskeið í nútímaíslensku sækja að meðaltali 15 nemar, hin 6 námskeiðin, sem boðið er upp á ár hvert, eru hvert og eitt sótt af um 5 nemendum að meðaltali. Samanlagður nemendafjöldi í öllum námskeiðunum er því vel yfir 50 á ári og þar af rúmlega 30 nemendur sem sækja námskeið í nútímaíslensku. Íslenskunemar eru þverskurður af nemendum deildarinnar en að auki er alltaf eitthvað um að „fólk utan úr bæ“ sæki tíma í nútímaíslensku enda námskeiðin opin hverjum sem er.

4. Boðið er upp á doktorsnám í norrænum fræðum við stofnunina. Sem stendur er hvorugur prófessorinn vel að sér í nútímaíslensku, annar er þó prófessor í norrænum miðaldafræðum og þar eru verkefni hans og doktoranta hans á sviði íslenskra miðaldafræða.
5. Fyrirkomulagið er gott en stærsta vandamálið er að tilfinnanlega vantar kennsluefni, bæði að því er varðar kennslu í forníslensku og nútímamáli.
6. Ég hef ekki heyrt neitt um að staða lektors í íslensku sé í hættu en þó má geta þess að kennsluskylda sendilektora við Norrænu deildina hefur nýlega verið aukin og þá má vera að yfirvöld háskólans grípi til þess að fækka stöðum við Norrænu deildina í sparnaðarskyni með þeim rökum að námskeiðum þurfi ekki að fækka frá því sem var. Í ár er stofnuninni svo naumt skammtað fé til bókakaupa að það lítur út fyrir að enn verði skorin niður bókakaup frá Íslandi, er því sá styrkur til bókakaupa sem Stofnun Sigurðar Nordals veitir Norrænu stofnuninni mikils virði og mætti hækka.

Jón Gíslason

Vínarborg

1. Hér við Vínarháskóla er boðið upp á námsleið í Norðurlandafræðum innan stofnunar í germönskum fræðum. Þar eru kennd danska, norska, sænska og íslenska. Finnska er kennd í stofnun sem sinnir finnsk-úgrískum fræðum. Norðurlandafræðin hér við skólann sinna máli, bókmenntum og menningu í þeim löndum þar sem nefndar tungur eru talaðar. Fornorræn fræði eru hér á dagskránni jafnt sem nútíðarmálin og síðari tíma bókmenntir og menning. Áherslupunkturinn hefur færst nú síðustu misserin frá fornfræðunum yfir á bókmenntir síðustu alda í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Í sambengi norrænna og germanskra mála er íslenskan fyrir margan stúdentinn verðugt og þroskandi viðfangsefni og þá einkum vegna þess að hún telst málsögulega allrar athygli verð og ennig vekur hún áhuga margra fyrir þá sök að á henni má lesa forvitnilegar bókmenntir. Þá er áhugi fyrir náttúru landsins ábyggilega oft ástæðan fyrir því að margir hefja íslenskunám. Það gefur að skilja að nemendur í nágrannagreinum (þar á meðal tel ég norsku, dönsku og sænsku) kunna frekar að meta gildi íslenskunnar en aðrir. Það kemur þó hreint ekki í veg fyrir að fólk úr annars konar umhverfi leiti sér uppfærðslu í íslensku máli. (Sjá svar við spurningu 3.) Hér skal einungis undirstrikað að ein mikilvægasta forsendan fyrir íslenskukennslu hér við háskólann er að þeir sem ráða námsframboði í skyldum greinum (Norðurlandafræðum, germönskum fræðum, o.s.frv.) hafa séð kosti þess að nemendur við stofnanir þeirra eigi aðgang að reglulegri kennslu í íslensku.

Þegar tillit er tekið til þess að íslenskan er ekki fjarskalega fjölsótt grein tel ég að í meginráttum komi íslenskukennslan við skólann til móts við væntingar ofanefndra aðila. Framboð á því stigi sem tekur við þegar kennslu lektors sleppir mætti reyndar vera ríkulegra. (Sjá einnig svar við spurningum 4 og 5.)

2. Samkvæmt núverandi kerfi er gert ráð fyrir að stúdentar í heimspekideild nemi tvær greinar — aðal- og aukafag. Möguleikar á samvali greina sýnist mér vera tiltölulega rúmir. Hvort heldur sem Norðurlandafræðin eru valin sem aðal- eða aukafag verður stúdentinn að nema eitthvert Norðurlandamálanna hjá sendikennara og samkvæmt bókstafnum stendur íslenskan hér við skólann jafnfætis norsku, sænsku og dönsku. Ef stúdent kys að nema tvö Norðurlandamál (það er ekki skylda) eru takmörk fyrir því samkvæmt núverandi kerfi að fá alla kúrsa í báðum málunum metna til eininga, (þ.e.a.s. málakúrsa 1 til 4 í öðru málinu er ekki hægt að reikna með en hins vegar önnur námskeið sem lektorinn heldur: Stilistik, Übersetzen, Phonetik, Gegenwartsgrammatik, Landeskunde og Literatur.) Með nýju námsskipulagi, sem við búumst við að taki gildi á allranæstu misserum, verður breyting á þessu. Þar er gert ráð fyrir að reikna megi með málakúrsa 3 og 4 í öðru máli og ennfremur ofanefnd námskeið. Íslenskan verður undanskilin þessari meginreglu. Ef stúdent kys að velja íslensku sem annað mál mun verða mögulegt að reikna með málakúrsa 2 til 4 ásamt ofanefndum námskeiðum. Málánámskeiðin í íslensku sem öðrum Norðurlandamálum eru opin fyrir alla skráða stúdentar háskólans og jafnvel annarra háskóla í borginni. Þennan möguleika nýta sér alltaf nokkrir nemendur.

3. Þótt stúdentar í norrænum fræðum eða mjög skyldum fögum (Germanistik, Niederländistik, Komparatistik, Sprachwissenschaft) myndi kjarna nemendahópsins er langt í frá að þeir séu einir um að sækja nám í íslensku nútímamáli. Talsvert er um að stúdentar úr öðrum fögum komi og leggi stund á íslensku. Annars vegar er um að ræða nemendur sem hugsa sér að fá nám sitt í íslensku metið inn í aðalgrein sína. Hins vegar eru þeir sem ekki hafa tök á slíku vegna þess hve íslenskan er fjarlæg aðalgreinin en sækja samt sem áður tíma í íslensku. Þessir stúdentar stunda íslenskuna sem frístundagaman. Ástæðan fyrir íslenskunámi þeirra er því svipuð og nemenda sem ekki eru skráðir sem reglulegir stúdentar við háskólann. Alltaf er eitthvað um að fólk úr þeim flokki vilji koma í íslenskutíma. Þetta fólk hefur oft verið á Íslandi sem ferðamenn eða ætlar sér að fara þangað í næsta frí. Margir hafa kynnst Íslendingum og vilja læra málið skipulega vegna þeirra tengsla. Einnig eru kynni af íslenska hestinum oft hvatinn að íslenskunámi. Það má því segja að sá hópur sem sækir tíma í íslensku sé oft afar fjölbreytilegur.

Á hverju misseri heldur íslenskulektor 4 námskeið (10 kennslustundir á viku). Síðasta vetrarmisseri lauk samtals 31 nemandi prófum í þeim námskeiðum sem þá voru haldin. Sumir tóku próf í fleiri en einu námskeiði svo prófúrlausnirnar voru samtals 39. 23 nemendur luku prófi í fyrsta málánámskeiðinu. Það voru tiltölulega góðar heimtur en mjög oft er það svo að nemendur sem sótt hafa námskeið meira og minna skila sér ekki í próf. Tala próftakenda að þessu sinni var mun hærrí en undanfarin ár. Á vetrarmisserinu 1997–8 luku 14 samsvarandi námskeiði og árið eftir aðeins 8. Af þeim 23 sem tóku próf í nefndum málakúrsi nema 16 nemendur Norðurlandafræði og 6 af þeim hafa íslensku sem aðalmál. 6 þátttakendur eru skráðir í ýmsar aðrar greinar við Vínarháskóla eða aðra háskóla í borginni. Einn nemandi var hvergi skráður í háskóla. Flestir af þeim 7 síðastnefndu nema íslensku af öðrum ástæðum en þeim að þeir vilji fá einingarnar metnar inn í nám sitt. Önnur

námskeið sem haldin voru á síðasta misseri sóttu nemendur í Norðurlandafræðum sem flestir hafa íslensku sem aðalmál og eru komnir dálítið áleiðis í námi sínu. 5 til 6 manns luku prófum í hverju þessara námskeiða og er það svipuð tala og hefur verið í samsvarandi námskeiðum síðustu misserin. Flestir nefndra nemenda luku fleiri en einu námskeiði. Heildartölurnar eru þær að 31 nemandi kláraði próf á síðasta misseri. (Samsvarandi heildartölur nemenda síðustu misseri eru (í svigum tala þeirra sem nema íslensku sem aðalmál): sm.1997: 7 (0); vm. 1997–8: 23 (5); sm. 1998: 11 (3); vm. 1998–9: 17 (5); sm. 1999: 16 (6)) Af þessum 31 nemanda voru 24 nemendur í Norðurlandafræðum. Helmingur þeirra eða 12 manns höfðu íslensku sem aðalmál og aðrir 12 höfðu dönsku, norsku eða sænsku sem aðalmál. Afgangurinn var fólk úr öðrum háskólagreinum eða óskráðir utan úr bæ. Aldur langflests þessa fólks var hinn venjulegi aldur háskólastúdenta, þ.e.a.s. flestir voru vísast á aldrinum 19 til 25 ára. Reynsla mín er reyndar sú að oft er eitthvað af talsvert eldra fólki — eftirlaunafólki jafnvel — í íslenskutímum. Sumarmisserið hefst í marsbyrjun svo ekki er ljóst hve margir halda áfram námi í íslensku á þessu háskólaári.

4. Mögulegt er að ljúka mastersprófi í Norðurlandafræðum með íslensku sem aðalmál. Að því loknu er hægt að stunda doktorsnám. Hér eru kennslukraftar sem færir eru um að leiðbeina fólki á sviði fornorrænu/forníslensku. Á öðrum sviðum íslenskra fræða væri nokkuð úrdráttasamt og önuget að stunda hér nám (fyrst og fremst vegna bókaskorts) en hugsanlega ekki með öllu útilokað. Það krefðist tvímælalaust langra dvala á Íslandi og leiðbeiningar gistiprófessors. Við stofnunina kennir hvert misseri einn gistiprófessor eitt námskeið, oftast á sviði norrænna málvísinda, en stundum eru kallaðir til menn á öðrum sviðum (t.d. sviði menningarfræða). Hingað til hafa prófessorar frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð skipst á að kenna hér en nú er Ísland komið inn í hringinn og íslenskur gistiprófessor mun í fyrsta sinn kenna hér við stofnunina á nýbyrjuðu misseri.

Starfsmöguleikar að námi loknu eru litlir. Við stofnunina er nokkur áhersla lögð á að þjálfar nemendur til þýðingarstarfa (í íslensku reyndar ekki í sama mæli og í öðrum málum vegna tímaskorts) en óvíst er um hversu margir geta haft lífsviðurværi af þeim. Í þeim „Berufsprofil“ námsgreinarinnar sem gengið er út frá í námsskipulagi eru störf á ýmsum öðrum vettvangi nefnd svo sem við kennslu, fræðistörf, útgáfustarfsemi, menningarmiðlun og rekstur menningarstofnana (*Kulturmanagement*), samstarfi við og vinnu við fjölmiðla (*Öffentlichkeitsarbeit*) og alþjóðasamstarf. Ennfremur er gert ráð fyrir að menntun sem stofnunin veitir geti nýst fólki í viðskiptum og ferðaþjónustu. Ég veit til þess að auk þýðinga og fræðistarfa hafi nemendur sem lagt hafa stund á íslensku hér og við H.Í. unnið sem leiðsögumenn á Íslandi á sumrin fyrir austurrískar ferðaskrifstofur. Það veltur ábyggilega talsvert á því hvaða önnur fög nemendur leggja stund á með Norðurlandafræðunum hve vel þeim gengur að koma sér á framfæri og hversu vel þeim nýtist menntun sín í greininni almennt og kunnáttan í íslensku sérstaklega.

5. Það neikvæða er að vegna þess hve íslenskan er skipulagslega í nánnum tengslum við norsku, dönsku og sænsku er íslenskukennslan of mikið þvinguð inn í kerfi sem upphaflega var smíðað fyrir kennslu í hinum norrænu málunum og hentar íslenskunni ekki alls kostar. Ekki er tekið nægilegt tillit til einfaldrar staðreyndar eins og þeirrar að nám í íslensku tekur fyrir flesta mun lengri tíma en nám í grannmálunum. Nemendur þurfa lengri tíma til að komast á það málfærnistig að hægt sé að fara að tala við þá um stílmun texta og þýðingarvandamál eins og ætlast

er til. Íslenskan þyrfti því sérsniðinn stakk. Í annan stað er því ekki að leyna að námsframboð fyrir þá sem velja íslensku sem aðalmál er ekki jafn ríkulegt og fyrir þá sem velja eitthvert hinna Norðurlandamála. Íslenskulektorinn býður reyndar upp á sams konar námskeið og aðrir lektorar en í kennslu annarra starfskrafta við stofnunina er minna tillit tekið til íslenskunnar en norsku, dönsku og sænsku. Íslenskukunnátta kemur vissulega þeim nemendum til góða sem vilja leggja sérstaka áherslu á fornnorræn fræði. Ég vonast til að gistiprófessorar frá Íslandi geti bætt nokkuð úr þörfinni fyrir námskeið um íslensk fræði. Einnig þarf að nýta alla möguleika sem fyrir hendi eru til að senda nemendur til Íslands.

Það sem mér fellur vel við kerfið hér í Vín í samanburði við fyrirkomulagið í München er að hér er nokkurs konar punktakerfi í gildi. Kerfið stýrir nemendum talsvert og setur þeim fyrir að sækja vissan fjölda af námskeiðum á mismunandi sviðum fræðanna. Deila má reyndar um hvort það er mjög jákvætt í sjálfu sér en það hefur þó í för með sér að nemendur verða að taka námskeið, sem þeir sækja hjá lektorum, jafn alvarlega og önnur námskeið. Þeir eru prófaðir þar eins og annars staðar og punktarnir reiknaðir með þegar lokaekinn er gefin. Í München eins og annars staðar við þýska háskóla er stigveldi námskeiða mjög ríkjandi. Lektorar bjóða fyrir utan málanámskeiðin upp á svokallaðar „wissenschaftliche Übungen“ sem ekki er prófað í og ekkert gilda í lokaniðurstöðu náms. Prófessorar halda hins vegar fyrirlestra og seminör og aðstoðarkennarar proseminör. Nemendum er gert að ljúka með prófi eða ritgerð vissum fjölda af slíkum námskeiðum.

Sami annmarki er á aðstöðu sendikennaranna í Vín og München að því leyti að samkvæmt bókstafnum er ekki gert ráð fyrir að þeir sinni að neinu ráði öðrum verkefnum en kennslu. Þeir hafa enga rannsóknarskyldu og stjórnunarskyldu þótt verkefni sem þeir taka að sér séu reyndar oft í síðarnefnda geiranum. Einnig fer talsverður tími í almenna menningarmiðlun. Í raun og veru eru verkefni á þessum sviðum ekki greidd ef það er tekið bókstaflega að starf sendikennaranna sé einungis fólgið í því að kenna vissan tímafjölda á viku.

6. Norðurlandafræðin eru tiltölulega lítil grein og þau eru í mjög nánu sambýli við mjög fjölmennt fag (germönsk fræði). Kerfið hér í landi hefur fram til þessa verið afar miðstýrt en nú er stefnan sú eins og víðar að fjárhagsstjórnunin færir meira og meira úr höndum ráðuneyta og annarra afla utan skólans inn í háskólann sjálfan. Þar skal skipta því sem til ráðstöfunar er. Við þessar aðstæður er nokkur hætta á því að horft verði meira til „hagrænna“ þátta og spurt frekar en áður hve margir stundi hverja grein. Litlu fögunum (a.m.k. litlu kennsluhópunum) verði „fórnað“ svo „meira verði úr peningunum“. Það hafa ekki verið fjarskalega fjölmennir hópar sem sótt hafa námskeið í íslensku og því er mjög mikil hætta á því að hún verði látin hverfa ef einhverjum dettur í hug að fara að hagræða. Stuðningur íslenska ríkisins við íslenskukennsluna hér er takmarkaður og myndi ekki hafa neitt að segja um áframhald hennar. Ef fé væri aftur á móti veitt myndarlega til stofnunarinnar hér myndu stuðningsaðilar á Íslandi geta með meiri þunga en nú er blandað sér í það mál hvort íslenskan lifir hér eða deyr.

Eins og nú er telst lektorsstaðan í íslensku eins og í hinum Norðurlandamálunum aðeins 76,92% starf (lektorarnir kenna 10 tíma á viku). Hinir lektorarnir fá hins vegar til muna meiri stuðning við jafn umfangsmikið starf svo um full laun er að ræða. Norski lektorinn fær t.d. u.þ.b. 2/5–1/3 hluta launa sinna greidda frá Noregi. Íslenski lektorinn fær sama stuðning og aðrir sendikennarar frá Íslandi.

Magnús Hauksson

Caen

1. Staða íslenskunnar í Caen:

Markmið háskólans í Caen með íslenskukennslu er að undirstrika mikilvægi íslenskrar tungu meðal norrænna mála, í málsögulegum skilningi og með viðmiðun við hinn mikla bókmenntaarf Íslendinga, sem er sameiginlegur Norðurlöndunum í menningarlegu tilliti. Þess vegna er íslenska skyldufag í námi allra þeirra sem velja sér skandínavísk mál sem aðalnám. Við háskólann í Caen hefur staða íslenskunnar alltaf verið frekar sterk, þ.e.a.s. að það hefur alltaf verið talið nauðsynlegt að kenna íslensku til jafns við önnur skandínavísk mál. Þannig er íslenska skyldufag eins og er (hefur verið af og til skyldufag) og er kennd til jafns (3 tímar á viku) við norsku, dönsku eða sænsku, fyrstu tvö árin. Þetta er nú orðin gömul hefð hér. Ekki vantar mótbáurur, en hér er talið að íslenskan eigi rétt á að vera skyldufag, bæði vegna málsögulegs og bókmenntalegs mikilvægis. Þess vegna er nútímaíslenska kennd tvö fyrstu árin og forníslenska tvö síðari árin. Yfirleitt gengur allt mjög vel fyrri tvö árin, en róðurinn er svolítið erfiðari tvö síðari árin, því að þá eru nemendur oft búnir að fara til einhvers Norðurlandanna og hafa sérhæft sig í einu hinna þriggja málanna og vilja síður eyða tímanum í „óþarfa“ nám.

2. Staða íslenskunnar miðað við önnur fög:

Íslenskan er sem samt skyldufag innan sérnáms deildarinnar sem telur eitthvert hinna Norðurlandamála (norsku, sænsku eða dönsku) sem aðalfag ásamt námi í sögu, bókmenntum, menningarsögu, málvísindum o.fl. Einnig er auðvitað hægt að taka íslensku sem aukafag ef fólk er í ensku, þýsku eða öðru tungumálanámi. Eftir nágildandi kerfi er ekki lengur hægt að velja íslensku sem aðalfag fram til *Licence*-stigs (eftir að aðeins tveir nemendur höfðu valið hana á tíu árum, milli 1980 og 1990). Það er önnur ástæða til að hafa íslensku skyldufag, að einhverju leyti til uppbótar vegna þessa niðurskurðar. En segja má að þessi niðurskurður hafi einnig verið gerður vegna þess að aðeins ein manneskja (undirrituð) var til staðar til að annast alla íslenskukennsluna og ef einhver nemandi var innritaður á þriðja ár í íslensku, varð tímafjöldi undirritaðrar svo hár að hann var ekki verjanlegur miðað við þáverandi laun, u.þ.b. 16 tímar á viku.

Eini möguleikinn til að gera hag íslenskunnar sambærinlegan við norsku, sænsku og dönsku, væri að stofna til nýrrar sendikennarastöðu fyrir háskólann í Caen. Það væri hlutverk háskólans að biðja fyrst formlega um slíka stöðu og fá hana setta í forgangsröð innan nýmáladeildarinnar, en síðan hlutverk sendiráðs og menntamálaráðuneytis að styðja við stofnun slíks embættis, sem yrði diplómatískt og ráðið í frá Íslandi. Þá myndu verða tveir kennarar til að kenna íslensku við deildina, og það myndi setja íslenskuna í sömu stöðu og hin Norðurlandamál, þar sem er yfirleitt einn franskur sérfræðingur sem annast kennslu í fyrirlestrarformi og þarlendur sendikennari sem sér um tungumálakennslu, fyrir hvert mál og land.

3. Nemendafjöldi:

Í allt má segja að milli fjörutíu og fimmtíu nemendur séu í heild innritaðir í íslenskunám á ári hverju hjá okkur. Tuttugu og sjö nemendur hófu nám í íslensku á fyrsta ári þetta árið (1999–2000) sem var gott miðað við undanfarin ár. Einhverjir heltust úr lestinni eftir fyrsta misserið, en flestir halda þó áfram.

Að jafnaði eru um fimmtán nýir nemendur á hverju ári sem koma í deildina til að nema norræn mál sem aðalnám. Það er svolítið mismunandi eftir árum, en þó

að auglýsum deildina stundum innan menntaskóla hér í sveit, virðist það ekki hafa svo mikil áhrif á ásókn í námið.

4. Möguleikar á framhaldsnámi

Þeir eru því miður litlir í Caen. Nemendur okkar geta eins og er lokið „Maîtrise“ námi (magister) á fjórða ári, sem felst aðallega í stórri ritgerð, nálægt 100 bls. byggðri á rannsóknum um eitthvert efni sem nemandi hefur valið, ýmist á sviði forn máls, menningarsögu, sögu eða bókmennta einhvers Norðurlandanna. Þar að auki er próf í forn íslensku og sögu ásamt norrænni bókmenntasögu.

Ef nemendur vilja halda áfram verða þeir að fara til Parísar til að hefja doktorsnám, fyrst D.E.A. (*Diplôme d'Etudes Approfondies*) og síðan doktorsritgerð á a.m.k. þremur árum (Stúdentspróf + 8 ár).

Í undirbúningi er í Caen D.E.S.S. próf í þýðingum og þýðingarfræðum, eins árs nám eftir meistaranám. Það er ætlað fólki sem ætlar sér ekki í kennslu en til starfa við fyrirtæki. Þar mun enska verða aðalmálið, en hægt verður að velja önnur tungumál, m. a. eitt Norðurlandamál. Þetta próf verður vonandi hægt að taka árið 2001 í Caen.

5. Kostir og gallar :

Það má segja að íslenskan hafi staðið nokkuð traustum fótum í Caen undanfarið, a.m.k. á meðan stjórnendur deildarinnar eru henni hliðhollir eins og Jean Renaud núverandi stjórnandi er. Allir okkar „sérfræðingar“ hafa lært íslensku og fengið góða undirstöðu í nútímamálinu ásamt grundvallaratriðum forn málsins. Margir hafa farið á sumarnámskeið til Íslands og enn aðrir hafa unnið í nokkra mánuði í sveit og náð góðum tókum á málinu. Tveir hafa fengið Erasmus-styrk og dvalið heilan vetur við H.Í.

Alltaf eru uppi raddir um að velja bara eitt mál, en ekki tvö og hætta er á að íslenskan sem er erfiðara mál en hin málin verði kannski látin víkja fyrir nágrannamálunum, sérstaklega ef öll hin Norðurlöndin hafa gengið í Evrópusambandið. Alltaf þarf að standa vörð um íslenskuna, bæði vegna þess að hún er erfiðara mál en hin nágrannamálin og einnig vegna þess að hún er töluð af svo fáum íbúum. Til allrar hamingju vegur þar upp á móti meiri áhugi á landi og þjóð eins og er, sem er líklega árangur fjölmiðla- og ferðamannþjónustu undanfarinna ára.

Ég var að fréttu að franska menntamálaráðuneytið hefði ekki samþykkt tillögur okkar um námsfyrirkomulag næstkomandi ára, en það var svotil óbreytt hvað íslenskuna snertir. Þeir vilja að sé bara eitt mál á plagginu og má vera að við verðum nauðbeygð til að „fela“ íslenskuna undir öðru nafni, ef hún á að vera áfram kennd til jafns við aðalmálið, allavega verður reynt troða sér inn í nýtt kerfi með því að breyta sem minnstu.

6. Ráðuneyti — stuðningur :

Hvað varðar íslenskukennslu í Caen, er mjög greinilegt að ef stofna á nýja sendikennastöðu til háskólans í Caen, þarf mikið sameiginlegt átak, bæði íslenska ríkisins og háskólans hér. Það væri mjög gagnlegt fyrir þá nemendur sem vilja halda áfram íslenskunámi og sem hafa komið til deildarinnar sérstaklega vegna áhuga á íslensku. Það vandamál kom upp með tvær stúlkur á þriðja ári í vetur, önnur valdi að fara til Parísar til að halda áfram því þar er hægt að taka Licence í íslensku, en er jafnframt vonsvikin yfir ástandinu þar, finnst ekki vera nógu mikil tungumálakennsla. Hin hélt áfram hér með sænsku sem aðalmál, en er vonsvikin vegna skorts á kennslu í nútímaíslensku. Kostir eru hins vegar þeir að forníslenska er enn kennd hér bæði á þriðja og fjórða ári, það sem á að hindra að nemendur geti lokið námi án þess að kunna meginatriði íslensks máls og kunni nokku skil á helstu bókmenntaverkum fornum, svo sem Snorra-Eddu eða Völuspá og Hávamál.

Það sem er neikvætt í okkar fyrirkomulagi, er að dósent í íslensku er tilneyddur til að annast alla íslenskukennsluna, hvort sem er á fyrsta ári, öðru ári og forníslensku á *Licence*-og *Maîtrise*- stigi fyrir utan kennslu í fyrirlestrarformi um sögu Íslands, bókmenntasögu og menningarsögu (*civilisation*). Það þýðir að sama manneskjan verður að eyða mikilli orku í að kenna byrjendum á ári hverju íslensku, í staðinn fyrir að eyða orku sinni í rannsóknir og kennslu í sambandi við þær. Það þýðir að sami kennarinn þarf að kenna 10–12 kennslustundir á viku, sem er næstum því tvöföld eðlileg kennsluskylda dósentar. Þetta hefur viðgengist síðan í hitteðfyrra, en þá komu upp mikil fjárhagsleg vandamál varðandi yfirvinnu innan nýmáladeildarinnar.

Ef íslensk yfirvöld vildu koma til hjálpar til að hindra slík vinnubrögð, myndi þurfa að leggja fram ca. 15.000 FF árlega til að borga kennslu aðstoðarkennara, eins og var gert árið 1998–1999 (greitt að háskólanum hér) og tókst ágætlega, en það var áður en fjármálin voru tekin fyrir og yfirvinna takmörkuð. Sem sagt, til að gera niðurstöðu um svo viðkvæmt mál þyrfti annaðhvort íslenska ríkið að styðja okkur til að fá lektorsstöðu sem fyrst eða þá greiða stundakennara til að létta undir með dósent í íslensku og gefa honum möguleika á að vinna að sínum rannsóknum.

Erfitt er að spá nokkru um framtíðina eins og er, enda ýmislegt í undirbúningi eins og samvinna milli Caen, Rúðuborgar og Le Havre, en þar eru líka háskólar, en engar Norðurlandadeildir. Í hvaða formi sú kennsla verður er enn óvíst, kannski verður um fjarnám að ræða, en allavega höfum við samþykkt að taka þátt í að efla kennslu í okkar fræðum þar.

Steinunn Le Breton

Lyon

Ég er um þessar mundir að semja greinargerð fyrir *Handbók í íslenskukennslu fyrir útlendinga* sem Þorsteinn Indriðason, lektor í Bergen, hefur verið helsti hvatamaður að. Mér virðst fyrsti hluti þessarar skýrslu svara flestum spurningum ykkar og leyfi mér að senda ykkur hann óbreyttan. Þó ætla ég að svara hér í stuttu máli spurningum 4 og 6.

1. *Umhverfi og aðstæður íslenskukennslu*

Lýsing þessi á við kennslu við háskólann *Université Lumière Lyon2*. Höfundur kenndi lengi við háskólann í París við allt aðrar aðstæður og verður stundum vitnað

til þeirrar reynslu. Mikilvægt er að hafa í huga að við háskólann í Lyon eru Norðurlandamálin einungis kennd sem aukafög.

1.1. Lýsing á stofnunum

Ný reglugerð tók gildi haustið 1998 og er helsta breyting sú að öllu námi er skipt í annir og próf tekin í lok hverrar annar í janúar og maí. Áður voru kenndir 2 tímar á fyrsta ári með miðsvetrarprófi í janúar (vægi 1/3) og lokaprófi í maí (vægi 2/3). Nokkurt los er enn á framkvæmd mála hjá þeim sem höfðu þegar hafið nám samkvæmt fyrri skipan, en nýstúdentar fylgdu í öllu nýja kerfinu. Sú nýjung sem við óttuðumst helst var að nú máttu byrjendur velja tvær aðalgreinar í upphafi haustannar og ákveða sig síðan endanlega í janúar. Þeir sem veldu eitthvert Norðurlandamálanna, sem aðeins er hægt að stunda sem aukafag, yrðu því að vera alveg vissir í sinni sök að hausti. Jafnframt voru sett á laggirnar á haustmisseri ný námskeið með stórauðnum tímafjölda í þeim málum sem ekki eru að jafnaði kennd í menntaskólum, þar á meðal Norðurlandamálum. Hlutu þau nafnið *Langue découverte* sem kalla mætti „nýtt tungumál“, eða eitthvað þess háttar. Engu að síður geta nemendur skipt um aukafag í janúar. Kennslutilhögun lítur því þannig út núna :

Haustönn:

- Langue découverte, islandais 4 tímar á viku, alls 50 kennslustundir
- Langue découverte, civilisation 4 tímar á viku, alls 50 kennslustundir

- Islandais IIA, langue 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Islandais IIA, traduction 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir

- Islandais IIIA, 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir

Auk þess eru eftirfarandi námskeið valfrjáls nemendum á *Licence*-stigi (yfirleitt á þriðja ári) í öllum kennslugreinum háskólans:

- Civilisation scandinave ancienne A 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Littérature scandinave A 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Connaissance de la Scandinavie (ritgerð eða rannsóknarverkefni)

Vorönn:

- Islandais I 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Islandais IIB, langue 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Islandais IIB, traduction 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Islandais IIIB, 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir

Valfrjáls námskeið nemendum á *Licence*-stigi í öllum kennslugreinum háskólans:

- Civilisation scandinave ancienne B 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Littérature scandinave B 2 tímar á viku, alls 25 kennslustundir
- Connaissance de la Scandinavie (ritgerð eða rannsóknarverkefni)

1.2. Íslenskunámskeið innan og utan kerfis

Eins og tekið var fram í uphafi þessarar greinargerðar eru Norðurlandamálin einungis kennd sem aukafög við Lyon2 og heyra undir þýskuskorina (*Département d'Études allemandes et Scandinaves*). Okkur hefur löngum fundist þýskukennarar áhugalitlir um norræn efni, enda nær allir prófessorarnir af 68-kynslóðinni og ofur-áhersla lögð á sósíólógíu og einhvers konar *Geistesgeschichte*, auk *synchronískrar* málfræði. Það er af sem áður var, því að enn minnst menn hér í Lyon Geoges Zinks, síðar prófessors við Sorbonne, eins helsta fræðimanns Frakka í þýskum og germönskum miðaldabókmenntum. Hann lagði jafnan ríka áherslu á norrænu og gotnesku í sinni kennslu. En nú er áhugi fyrir sögulegum mánvísindum lítil sem enginn. Þýskukollegum okkar er þó nokkur vorkunn því að nemendum í þýsku fækkar frá ári til árs, og þeir eiga fullt í fangi með að sjá skólakerfinu fyrir nýjum kennurum í sínu fagi.

Engu að síður hefur tekist að koma á nokkurri samvinnu milli þeirra sem hafa annast kennslu í þýskum miðaldabókmenntum og lektorsins í íslensku. Frá upphafi hef ég haldið nokkra fyrirlestra til kynningar á íslensku máli og fornbókmenntum fyrir þýskunema á *licence*-stigi, og þrjú síðustu ár hefur verið boðið upp á sameiginlegt námskeið sem í ár fjallar um íslenskar og þýskar gerðir Tristams-sagnarinnar. Hlutur minn í þessum námskeiðum hefur verið 6-8 tímar, eða um það bil þriðji hluti námsins. Ung kona sem stundað hefur nám hér í þýsku og íslensku, auk þess sem hún hefur dvalist í rúmt ár í Þýskalandi við sama nám, er að skrifa magisterritgerð um ákveðin atriði í Tristamssögu Gottfrieds frá Strasbourg og norrænu þýðingunni. Ég er annar umsjónakennara hennar.

Þess má geta hér að í tvö ár kenndi ég norrænu við *l'Université Jean Moulin Lyon3*, og var það þáttur í námi í miðaldabýsku. Eiginlega var það allsendis ótengt starfi mínu hjá Lyon2. Við þann háskóla er til stofnun sem heitir *Institut d'Études indo-européennes* og hafði ég verið í aukastarfi á hennar snærum um tíma. Að henni standa nokkrir ágætustu fræðimenn Frakklands í indo-evrópskum fræðum. En svo fór að helstu forsvarsmenn þessarar stofnunar gerðust æ virkari í 'menningarpólitík' hreyfingar Le Pens, *Front National*, og varð andrúmsloftið smám saman með öllu óþolandi fyrir aðra en jáðbræður þeirra. Var það mikill skaði, því að stofnunin hafði unnið gott verk og forsvarsmenn þar mjög hæfir á sínu sviði. Til skýringar er rétt að geta þess að Lyon3 kennir að miklu leyti sömu fög og Lyon2. Þessi skóli er þannig til orðinn að á áttunda áratug klauf hópur kennara sig úr Lyon2 vegna ósamkomulags um kennsluhætti og stefnu, nógu margir til þess að stofna nýjan háskóla. Eitthvað hafa stjórnsmál líka komið þar við sögu. Sem sagt, Lyon2 hefur orð á sér að vera framsækinn í kennslumálum og vinstriinnvið, Lyon3 íhaldssamur og langt til hægri í stjórnsmálum.

1.3. Hver ræður námsskipulaginu?

Stofnunin ræður námsskipulagi alfarið og lektor kemur þar hvergi nærri. Lektorar geta að vísu setið skorfundi og kosið fólk í skorarstjórn, ef þeir nenna. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt, en lengra nær það ekki. Ekki er ætlast til að þeir skipti sér af stjórnun, eða þannig hefur hátturinn verið síðan ég kom að stofnuninni.

Hvert Norðurlandamál hefur sama tímafjölda og sams konar námskeið. Þetta veldur samkeppni meðal norrænu lektoranna, enda þótt þeim komi vel saman að öðru leyti. Samvinna og samgangur er enginn á milli greina, hver böðlast í sínu horni. Sárafáir nemendur hafa lagt stund á tvö Norðurlandamál. Þetta bitnar stundum á íslenskunni, því að nýnemar sem koma beint úr menntaskólum og velja sér námsgreinar að hausti fregna fljótt að danska, norska eða sænska séu ólíkt auðveldari mál, og eiga þeir þess kost að skipta um námsgreinar tvær fyrstu

kennsluvikurnar. Á öðru ári eru nemendur í beygingarsnauðu málunum farnir að geta stautað sig fram úr léttum textum. Þetta er óhugsandi hvað íslensku varðar með þann tímafjölda sem við höfum til ráðstöfunnar. Það þarf því eitthvert sambland af hörku og sjarma til þess að halda utan um þann hóp sem slæðst hefur inn í íslensku.

Sjálfsagt er að bjóða upp á byrjendanámskeið í íslensku nútímamáli. En auk þess þyrfti að tengja íslenskuna kennslu í öðrum Norðurlandamálum (og því ekki þýsku). Ég hef lagt fram tillögur í þessa átt frá því ég kom að skólanum en undirtektir hafa verið engar. Oftast er málinu eytt með því að benda að ekki sé unnt að breyta neinu þar sem um aukafög sé að ræða. Hér má geta þess að rætt hefur verið um að stofna nýja, sjálfstæða skor, Norðurlandaskor, en fækka jafnframt þeim málum sem kennd yrðu. Yrði sænska (og ef til vill danska) kennd þar sem aðalfag en ekki er ljóst hvernig kennslu yrði hagað að öðru leyti. Íslenska og norska legðust niður sem sjálfstæð fög. En þetta á langt í land og ekki vettvangur til þess að ræða það frekar að sinni.

Á fyrsta og öðru ári (undirbúningsár eða DEUG) er lektor rígbundinn af skipulaginu. Á þriðja ári, eða *licence*-stigi, hefur hann miklu frjálsum hendur. Þá eru kannski eftir tveir eða þrír nemendur, þegar best lætur, auk ef til vill nokkurra áheyrnarnema utan úr bæ. Ég hef oftast reynt fara í norrænu og miðaldatexta á þessu kennsluári.

1.4. Samsetning nemendahóps, markmið hans og „mótivasjón“

Eftirfarandi kafli er tekinn úr gamalli ársskýrslu:

Aðallega er um að ræða þrjá hópa nemenda sem innritast til íslenskunáms:

— Í fyrsta lagi eru nemendur sem velja íslensku sem aukafag (*sous-dominante*). Unnt er að leggja stund á íslensku, eins og önnur norðurlandamál, bæði til DEUG- og *licence*-prófs (venjulega tveggja og þriggja ára nám).

— Í öðru lagi eru nemendur sem eru að ljúka við námseiningu er kallast '*langage commun*'. Það er skyldugrein allra þeirra sem stunda nám í hugvísindum, og er tvíþætt: annars vegar kennsla í móðurmálinu frönsku, hins vegar valfrjálst nám í einhverju erlendu tungumáli, lifandi eða dauðu, sem kennt er við háskólann. Þessir nemendur staldra yfirleitt ekki við nema eitt ár, en á því eru þó undantekningar.

— Í þriðja lagi eru áheyrnarnemar af ýmsu tagi: þýskukennarar, stundum á eftirlaunum, sem lært hafa eitthvert hrafl í íslensku í tengslum við þýskunám sitt forðum; ferðamenn sem fengið hafa áhuga á Íslandi; fólk sem hefur dvalist langdvölum heima; tveir fræðimenn í málvísindum, annar sérfræðingur í afrískum mál-lýskum. Kemur þetta fólk víða að úr nærliggjandi sveitum og leggur oft á sig langan akstur eða lestarferðir til þess að njóta tilsagnar í íslensku. Að sjálfsögðu eru þetta áhugasömustu nemendurnir og lífga oft upp á tíma.

Segja má að þetta hafi ekki breyst að ráði, helst er að áhugafólki af ýmsu tagi í þriðja hópnum hefur farið fækkandi síðustu ár, hvað sem veldur.

Síðan ég kom að skólanum hafa innritast 8–27 nemendur í íslensku á fyrsta ári, fæst 8, 27 nú í haust sem er metár, venjulega 10–15. Flestir koma beint úr menntaskóla og virðist mér það hrein tilviljun að þeir skuli hafa hafnað í þessu fagi. Sjaldnast fæ ég séð nokkra 'mótivasjón' að baki þessu vali. Örfá hafa ferðast til Íslands með foreldrum sínum og áhugi þeirra þannig vaknað. Nokkur hafa gluggað í misjafnar bækur um goðafræði eða víkingaferðir. Þau sem eru að leita að 'fyrirmyndarþjóðfélagi' velja fremur sænsku eða dönsku. Af þeim 27 sem hófu

nám nú í haust gengust 23 undir próf í janúar og 10–12 hafa kosið að halda áfram á síðari önn. Það er svipuð tala og í fyrra.

Helsti vandinn hér á öðru ári hefur verið að halda í þá nemendur sem lokið hafa reglulega fyrsta árs prófi. Nemendur hafa verið 0–5, oftast 2–3, fleiri í ár en nokkru sinni fyrr. Námskeið annars árs hafa þó ekki fallið niður nema einu sinni, og hafa áheyrnarnemar, reglulega innritaðir en án prófskyldu, oft komið til bjargar.

Á þriðja ári hafa verið 0–3 nemendur. Oft sækja gamlir nemendur sem lokið hafa öllum sínum prófum í íslensku þessi námskeið sér til heilsubótar, ásamt lengst komnu áheyrnarnemunum meðan þeirra naut við.

1.5. „Rekrútering“

Eins og fram hefur komið í því sem á undan fer, sér stofnunin að nær öllu leyti um ‘rekrúteringu’. Áhrifa lektors gætir lítið og þá ekki fyrr en á öðru og þriðja ári. Þau eru þá til dæmis fólgin í því að hann færir til tíma svo að sem flestir geti sótt tíma í íslensku. Aðalfögin setja sína stundatöflu án nokkurs tillits til aukafaganna og þar sem nemendur í íslensku koma úr ýmsum áttum getur verið erfitt að gera öllum til hæfis.

Stöku sinnum tekst lektor að skapa sérstakt andrúmsloft og mynda samstæðan og traustan hóp. Þetta gerðist til dæmis á fyrsta ári í fyrra og kemur fram í því nú eru 5 reglulegir nemendur á öðru ári, auk eins áheyrnarnema.

Rétt er að geta þess hér að mikill fengur hefur verið í styrkjum menntamálaráðuneytisins til þess að sækja sumarnámskeiðin heima. Því miður er ekki nema um einn styrk að ræða en mér tókst í fyrrasumar að fá einnig styrk frá háskólanum hér og vona að svo verði enn í ár. Ég hef valið nemendur á fyrsta ári til þess að hljóta þessa styrki í þeim tilgangi að reyna að tryggja að einhverjir haldi áfram á öðru ári.

4. Það er alveg ljóst að nám í íslensku (eða öðrum norrænum málum) kemur að litlu sem engu gagni á almennum vinnumarkaði hér. Um 15 stöður við háskóla í Frakklandi tengjast Norðurlandafræðum og örfáir hafa fengið vinnu við ferðamannþjónustu eða þýðingar. Undantekning er ferill Émilie Mariat sem nú er á ársstyrk heima og ætlar að fá hann endurnýjaðan, eins og hún á rétt á. Aðalfag hennar er mannfræði en jafnframt hefur hún lokið öllum prófum sem unnt er að taka hér í íslensku (ekki má gleyma því að í Lyon eru Norðurlandamálin einungis kennd sem aukafög). Hún fékk fyrir nokkrum árum styrk frá menntamálaráðuneytinu til þess sækja sumarnámskeið heima og vann síðan tvö sumur við ferðamannþjónustu á Stöng við Mývatn. Í haust sem leið komst hún á annað ár í Íslensku fyrir erlenda stúdenta og vinnur jafnframt að meistaraþrófsritgerð sinni í mannfræði um íslenskt efni (farandverkamenn í fiskiðnaði).

6. Svar við þessari spurningu kemur að nokkru fram í skýrslunni sem fylgir. Hér vil ég aðeins árétta að ráðuneytið getur gert miklu meira en nú er gert. Hvað varðar háskólann hér í Lyon kemur mér helst þrennt í hug:

a) Bókasendingar. Íslenskukennsla hér er ung að árum og bókakostur rýr. Ekki bætti úr skák að aðalháskólabókasafnið brann í fyrravor og eyðilagðist þar talsvert íslenskra bóka sem tekist hafði að kaupa með styrkjum að heiman og frá háskólanum hér. Sárast er þó að horfa upp á heilu kassana fulla af bókum af ýmsu tagi berast frá öðrum Norðurlöndum en ekkert að heiman. Nú veit ekki hverjir standa að þessum sendingum, ráðuneyti í viðkomandi löndum eða bókaútgefendur.

En gæti ekki ráðuneytið heima leitað til bókaútgefenda og blaða og tímarita að þau styddu á einhvern hátt íslenskukennslu erlendis? Bókastyrkurinn sem við fáum í ár er 25.000 kr. Fyrir þessa upphæð hef ég pantað 5 bækur, að vísu nokkuð viðamiklar. Hún hefði einnig nægt til áskriftar af Morgunblaðinu og Skírni, en blaðalaus getur lektorinn í Lyon ekki verið vegna einangrunar.

b) Launamál. Lektorar hér fá 8.945 franka í brúttó mánaðarlaun og er ætlast til að viðkomandi land styrki þá að nokkru. Til dæmis fá aðrir norrænir lektorar svipaða upphæð frá sínu heimalandi. Styrkir að heiman hafa vægast satt verið smánarlega fátæklegir (Úlfar eða ráðuneytið geta frætt ykkur um það). Staðan í Lyon er núna laus til umsóknar og er ég steinhissa á því hversu margir hafa sýnt áhuga. Það verður erfitt fyrir einhleypinga, hvað þá fjölskyldufólk, að lifa af þessum launum. Sjálfur hef ég getað sinnt þessu starfi vegna þess að ég er búsettur hér og hef smátekjur annars staðar að.

c) Styrkir. Ágætasta framlag ráðuneytisins hafa verið styrkir til að sækja sumarnámskeiðin og hafa þeir komið okkur í Lyon sérstaklega að góðu. Nú í ár er okkur veittur einn styrkur en þyrftu að vera 2–3 til að efla og tryggja framhald kennslunnar á öðru ári.

Emil H. Eyjólfsson

Moskva

1. Ég starfa við stofnun í germönskum fræðum sem gengst m.a. fyrir kennslu í norrænum málum og germanskri samanburðarmálfræði og rannsóknum á þessu sviði. Formaður stofnunarinnar er Jelena Tsjekalína, prófessor í sænsku. Hún sagðist líta á íslenskukennslu sem mikilvægan hluta af menntun stofnunarinnar.

2. Nútímaíslenska er kennd í valfrjálsum námskeiðum. En flestir þeirra sem sækja þau fást við norræn tungumál og bókmenntir, sögu og menningu Norðurlanda.

Forníslenska er skyldubundið námskeið fyrir nemendur sem lesa Norðurlandamál sem aðalgrein. Þeir sækja líka fyrirlestra í norrænum fræðum þar sem fjallað er m.a. um nútímaíslensku. Ráðgert er að gera grunnám í nútímaíslensku að skyldu fyrir slíka nemendur, en þetta er seinlegt og þarfnast breytingar á kennsluskipun.

3. Kennsluárið 1999/2000:

(a) Forníslenska. 7 nemendur, þ.á m. eru 4 að lesa norsku sem aðalgrein og námskeiðið er sem sagt skyldubundið fyrir þá; auk þess eru 3 svo kallaðir „gestir“.

(b) Nútímaíslenska. Alls eru 9 nemendur (2 hópar) og nokkrir þeirra voru svo vænir að skrifa sjálfir hvers vegna þeir eru að læra íslensku. Svo látum við nemendurna tala sínu máli. Svör þeirra fylgja hér á eftir:

Maksim Tulenín, f. 1978, stundar doktorsnám í erlendum bókmenntum og er að skrifa ritgerð um James Joyce: „Þegar ég var skólanemandi, las ég Sæmundar-Eddu í fyrsta skipti (þá á rússnesku). Mér fannst hún svo góð að mig langaði að kynna mér frumtextann. Þess vegna byrjaði ég að læra forníslensku í háskólanum þótt ég stundaði nám í ensku sem aðalgrein. Svo datt mér í hug að víkinganiðjar

eru ennþá til, sjónvarpsáhorfendur og tölvunotendur. Hvað heitir t.d. „cellophone“ á máli nútímavíkinga? Því stundaði ég nám í íslensku (sem aukagrein) og stunda það enn. Árið 1997 tók ég þátt í sumarnámskeið á Íslandi. Tímaeining og fegurð landsins fengu á mig að eilífu.“

Alexander Mankov, f. 1977, stundar doktorsnám í germanskri samanburðarmálfræði við Mannvísindaháskóla Rússlands: „Fyrst byrjaði ég að læra sænsku og síðan fékk ég mikinn áhuga á hinum norrænu málunum, einkum íslensku. Ég hóf því að lesa kennslubækur um þetta efni sjálfur og fór að stunda nám bæði í forníslensku og nútímamáli við Moskvuháskóla. Mér finnst mjög fróðlegt að læra íslensku þótt hún sé mjög erfitt mál. Ég vonast til að halda áfram að læra íslensku á Íslandi.“

Natalía Nikolajeva, f. 1976, stundar doktorsnám í germanskri samanburðarmálfræði: „Mér finnst spennandi að læra íslensku af því að hún er mjög fallett mál. Það eru a.m.k. tvær orsakir til þess að ég stunda nám í íslensku. Í fyrsta lagi fæst ég við germanska samnburðatmálfræði og íslenska er svo mikilvæg á þessu sviði. Í öðru lagi langaði mig að lesa Eddukvæði og Íslendingasögur í frumtexta þegar ég byrjaði í háskólanum.“

Olga Markelova, f. 1980, er stúdent á 4.ári við mála- og bókmenntadeild. Olga les dönsku sem aðalgrein og fæst við dansk-færeyskar bókmenntir, nefnilega við verk W. Heinesens: „Ég man ekki hvenær ég fékk áhuga á íslensku. Kannski þegar ég var í skóla og ákvað að stunda norræn mál. Ég byrjaði á því að sækja námskeið í forníslensku og forníslenskum bókmenntum. Svo hóf ég nám í nútímaíslensku sem ég hef nú lært á annað ár. Höfuðorsök til þess að ég stunda nam í íslensku liggur í því að mér finnst íslensk menning merkileg og mig langar að kynna mér hana sem best.“

Alexander Búsygín, f. 1979, er stúdent á 4.ári við sagnfræðideild: „Ég stunda nám í miðaldasögu Noregs og Íslands. Nú er ég að skrifa ritgerð um hugmyndakerfi konungsvalds í Noregi á dögum Magnúss Erlingssonar og Sverris konungs. Heimildirnar eru bæði á latínu og norrænu. Flest vísindarit um efnið eru á íslensku. Í framtíðinni ætla ég að fást við réttar- og félagssögu Íslands. Þess vegna er íslenska ómissandi fyrir mig. Einnig hef ég mikinn áhuga á nútímamenningu landsins. Ég er búinn að læra íslensku í tvö ár. Í fyrrasumar tók ég þátt í sumarnámskeiði við H.Í. og Stofnun Sigurðar Nordals sem varð mér að miklu gagni. Kannski ég verð fær um að tala íslensku reiprennandi einhvern tíma. Að minnsta kosti vonast ég til þess.“

Alla Tsjerkasskaja, f. 1979, er stúdent á 4.ári við mála- og bókmenntadeild. Alla les ensku sem aðalgrein, en er að skrifa ársritgerð um orðin sem merkja hræðsla í forníslensku og fornírsku: „Það er erfitt að segja af hverju ég er að læra íslensku. Kannski af því að mér líkar að læra dvergtungur sem eru svo geðugar. Einmitt þess vegna les ég einnig írsku og bretónsku. Auk þess finnst mér Íslendingasögurnar mjög skemmtilegar. Fyrst fékk ég áhuga á Keltum og Germönnum þegar ég var að lesa bókina „Sigurður drekabani“. Það var barnabók sem fjallaði um víkingaöld. Ég var þá í skóla og sótti málstofu í Það er erfitt að skilgreina efni, en við reyndum að ræða um germanskar og keltneskar goðsagnir. Þótt furðulegt megir virðast, vinnur leiðbeinandi minn sem fæst við bókmenntir og menningu Kelta á

Stofnun í germönskum fræðum. Hins vegar er þetta ekki svo skrytið af því að Keltar og Germanir eru jú andlega náskyldir.“

Jekaterína Gavrílína, f. 1979, er stúdent á 4.ári við mála- og bókmenntadeild. Jekaterína les ensku sem aðalgrein en fæst við forníslenskar bókmenntir og er að skrifa ársritgerð um íslensk heimili á söguöld: „Í fyrsta skipti aflaði ég mér fróðleiks um íslensku þegar ég sótti námskeið í forníslenskum bókmenntum. Á sama tíma las ég bókina *Menning Íslands* eftir Mikhail Ivanovitsj Steblín-Kamenskij. Ég hafði gaman af kaflanum sem fjallaði um málið og ákvað að stunda nám í nútímaíslensku þar eð við höfum möguleika á þessu. Þetta er annað árið sem ég læri íslensku. Mér finnst íslenska mjög falleg, ekki síst vegna orðmyndunar hennar sem er svo ágæt.“

4. Hér eru að mestu leyti vísindarstörf um að ræða, óháð því með hverju maður vinnur fyrir sér.
5. Fyrst og fremst álít ég nauðsynlegt að breyta námskeiði í málnotkun, en mig vantar mynd- og hljóðdæmi. Einnig vil ég bæta við nokkrum námskeiðum (t.d. málsögu og nútímabókmenntum) sem eru að mínum dómi mikilvæg í íslenskukennslu.
Síðast en ekki síst eigum við erfitt vandamál að stríða. Þetta varðar styrk til vetrarnámskeiðs við Háskóla Íslands. Svo er mál vexti, að yfirvöld í fræðslumálaráðuneyti Rússlands leggja sig því miður öll fram um að útvega ekki styrki fyrir nemendur mína því að háskólinn okkar ekki lagður er undir ráðuneytið.

Tatjana Shenjavskaja

London

1. Meginmarkmiðin eru efling kennslu í íslensku máli og íslenskum bókmenntum, sem og fræðsla um menningu og þjóðfélagshætti Íslands frá byrjendastigi til M.A.-stigs. Námsskipan í íslensku virðist uppfylla þau markmið. Sem dæmi má taka það að fyrsti nemandinn sem lauk B.A.- prófi í íslensku í fyrra fékk „1st class“ eða fyrstu einkunn, og líka það að fjöldi nemenda sem taka námskeið í íslensku hefur farið sívaxandi.
2. Íslenskukennsla er í nánnum tengslum við kennslu í öðrum norðurlandamálum sem og í norrænu og miðaldafræðum. Það er íslenskukennslunni líka til hagsbóta að deildin tekur þátt í kennslu í almennri bókmenntafræði og býður upp á svokallaðar „samsettar námsbrautir“ (*combined degrees*) í viðskiptafræði og norðurlandafræðum, sem og í frönsku, þýsku, og hollensku og norðurlandafræðum. Nánari tengsl við málvísindadeildina væru æskileg af því að deildin hefur verið í nánú sambandi við málvísindamenn frá H.Í.
3. Fjórtán nemendur taka inngangsnámskeiðið í íslensku (sem er skyldugrein fyrir þá sem taka Norðurlandafræði sem aðalgrein), og hafa 2 þeirra íslensku sem aðalfag. Svo eru 5 nemendur á millistigi, 2 í framhaldsnámi í íslensku og 9 nemendur taka námskeið í íslenskum bókmenntum. Nemendur á fyrsta ári eru flestir 18–21 árs, en þeir sem eru lengra komnir í íslensku eru aðeins eldri, 21–28, að undanskildum einum nemanda í framhaldsnámi sem er kominn á eftirlaun. Erfitt er að skilgreina

sérstök áhugasvið því þau virðast vera frekar ólík, en flestir sýna þó mikinn áhuga á Íslandi eins og það er í dag. Sérstaklega má nefna svið nútímalista: tónlist (Björk), kvikmyndir, lífsstíll, o.s.frv. Nemendurnir virðast koma alls staðar að t.d. frá Ítalíu, öðrum Norðurlöndum, Króatíu, sem og Bretlandseyjum. Þeir taka íslensku yfirleitt fremur af fræðilegum áhuga en hagnýtum ástæðum og fæstir virðast stefna að tilteknu markmiði með því að taka íslensku.

4. Sumir hafa farið til Íslands til að stunda nám þar. Einn þeirra er enn í námi við Háskóla Íslands, en annar hélt áfram námi við Miðaldafræðastofnun Torontoháskóla í Kanada og hefur jafnframt þýtt íslensk fræðirit yfir á ensku. Annars hafa tengslin milli háskólanáms og viðskiptalífs í Bretlandi alltaf verið frekar lítil, og eru enn léttvæg í dag. Þótt deildin reyni að efla þau tengsl við atvinnu lífið er aðalmarkmið starfsins að mestu fræðilegt.

5. Helstu kostir:

- íslenskukennsla fær góðan stuðning af norrænum textafræðingum í deildinni; forníslensk fílólogía á sér langa sögu og hefur mikilvæga stöðu í deildinni, og er ekki aðeins íslenskukennsla til bóta heldur styrkir líka stöðu hennar í deildinni;
- háskólabókasafnið er mjög gott, og á til dæmis miklu stærra og betra safn bóka í forn- og nútímaíslenskufræðum heldur en hið nafnfræga landsbókasafn Breta (*British Library*);
- sendiráðið Íslands og Félag Íslendinga í Bretlandi eru til staðar og hjálpa til við að skapa íslenskt félags- og menningarlíf á staðnum sem gefur nemendum tækifæri til að kynna íslenskri menningu utan skóladyranna;
- nýtt breskt útgáfufyrirtæki, *Mare's Nest*, gefur út íslenskar bókmenntir á ensku, sem auðveldar kynningu á og kennslu í íslenskum nútímabókmenntum og dregur væntanlega fleiri nemendur að íslenskunámi.

Helstu gallar:

Erfitt að koma auga á einhver alvarleg eða brennandi vandamál. Helst er það að kennsluskylda íslenskulektors er mikil, og verður reyndar að vera það ef að nemendur eiga að eiga kost á námsvali að einhverju leyti. Stafar þetta ástand af því að íslenskulektor sinnir einn allri íslenskukennslunni, bæði í máli og bókmenntum, og þar að auki þeim fyrirlestrum í inngangsnámskeiðum í Norðurlandafræðum sem við kemur íslensku efni. Í sænsku, norsku og dönsku eru hins vegar tveir lektorar til staðar sem skipta tungumálakennslu og bókmenntakennslu sín á milli og geta þess vegna boðið upp á fleiri námskeið. Hin mikla kennsluskylda dregur jafnframt úr rannsóknnum lektorsins.

6. Lundúnaháskóli hefur hingað til styrkt íslenskukennslu, og virðist ekki vera um neina óvissu að ræða hér eða fyrirboða niðurskurðs eða skipulagsbreytinga í átt við það sem er að gerast við stofnanir annars staðar. Þvert á móti er *Higher Education Funding Council for England* nýbúið að veita deildinni styrk sem nemur 20.000 pundum á ári til að styðja kennslu í íslensku, á þeirri forsendu að það er tungumál sem fáir tala. Þrátt fyrir góðan stuðning af þessu tagi leikur enginn vafi á því að styrkur ráðuneytisins til Halldórs Laxness-stöðunnar er alveg nauðsynlegur til að halda henni við, og þá sér í lagi vegna aukakostnaðar („on-costs“ s.s. lífeyrisgreiðsla, skrifstofukostnaðar, ferða- og rannsóknstyrkja o.s.frv.). Þessir kostnaðarliðir færast sífellt í vöxt og bætast ofan á laun og almennan kennslukostnað.

Daisy Neijmann

Winnipeg

1. Íslenskukennsla við Manitóbaháskóla fylgir nokkuð öðrum lögmálum en íslenskukennsla annars staðar því deildin er kostuð af íslenska samfélaginu hér í Manitóba en ekki af íslenska ríkinu né Manitóbaháskóla. Það skilur okkur ekki aðeins frá öðrum skólum sem kenna íslensku heldur einnig frá öðrum deildum innan skólans. Íslenskudeildin er innan heimspekideildar (Faculty of Arts), og þó deildarforseti (dean), reyni að hafa sem mest áhrif á okkar starf erum við í raun sjálfstæð fjárhagsleg og því ekki alveg í sömu stöðu og aðrar deildir. Markmiðið með deildinni er að þjóna íslenska samfélaginu sem stofnaði deildina margt fyrir löngu og vill halda henni. Sú fjársöfnun sem nú er í gangi fyrir bókasafnið og aðra fasta

stöðu sínir það. Skólinn sjálfur hefur kannski ekki svo mikinn metnað fyrir okkar hönd en þó hefur rektor sýnt mikinn áhuga nýlega enda nýlega gert samning við Háskóla Íslands um samvinnu.

Kennslan hér er veigameiri en víðast annars staðar því hér eru tveir kennarar við deildina og kennum við fornþókmenntir, nútímabókmenntir, forníslensku og nútíma mál.

2. Við höfum verið í samvinnu við enskudeild háskólans um að nemendur þeirra geti tekið okkar áfanga og að okkar nemendur geti tekið þeirra áfanga. Ég hef áhuga á að koma upp tengslum við málvísindadeildina einnig og helst sagnfræðideild, þannig að við getum aukisð tengslin við aðrar deildir og gert okkar deild þar með betri. Það að nemendur í íslensku og nemdur í ensku geti flakkað á milli er svo sannarlega byrjun.
3. Vandamál okkar er í tungumálinu því að eins og er höfum við aðeins fimm nemendur á fyrsta ári og tvo á öðru ári. Nemendur í forníslensku eru líklega þrír en nemendur í fornsögum eru mun eflaust á þriðja tug. Þeir taka flestir ensku sem aðalgrein. Nemendur eru flestir ungir, svokallaðir *undergraduate*-nemendur og áhugasvið þeirra dreifist nokkuð, þótt flestir taki aðrar greinar innan heimspekideildar. Það helgast að nokkru leyti af því að tíminn sem kennt er á hentar ekki vel fyrir nemendur annarra brauta. Ég hef einn fullorðinn nemanda (yfir sextugt) en aðrir eru yfirleitt á tvítugs- eða þrítugsaldri. Markmið þeirra með náminu eru mismunandi; tveir hafa áhuga á M.A.-námi í íslensku, flestir eru á bókmenntaróli en sumir eru að þreifa fyrir sér.
4. Eins og er litla. Þó er verið að vinna að því hér í Manítóba að kenna íslensku í grunnskóla sem val, og ef það næst í gegn munu atvinnuöguleikar aukast nokkuð. Nemendur sem ætla sér áfram á sviði bókmennta eða málvísinda ættu að hafa góð not af náminu þótt ekki fái þeir endilega starf út á íslenskuna eina.
5. Vandamálið liggur aðallega í lélegri málfræðikennslu Norður-Ameríku; erfitt er að kenna nemendum boðhátt sem ekki vita hvað boðháttur er. Ég get í raun ekki kvartað yfir skólanum eða deildinni og það eina sem ég vildi breyta er að ég vil kenna fleiri áfanga en það er erfitt meðan kennarar eru aðeins tveir.
6. Ráðuneytið getur vissulega haft áhrif með beinum styrkjum. Annars erum við hér nýlega búin að fá milljón dollara og getum ekki kvartað.

Kristín M. Jóhannsdóttir